

# Húmanistadulspeki

Fyrstu orð þessarar ritgerðar voru rituð 2. júní og þau síðustu þann 2. júlí. Í fyrstu ætlaði ég að rita um *Leiðtogaval og frumspeki* en ákvað að ég gæti ekki leyft mér það nema fyrst að gera eins konar yfirlit um hvernig heimsmyndin birtist í Covid sturluninni:

Ég þyrfti með öðrum orðum að rökstyðja orðið sturlun. Ég bjóst við að klára dæmið á tveim síðum en það tók mánuð og nokkra tugi síðna. Ef þetta er of yfirgripsmikið og flókið, þá verður svo að vera, tilgangurinn var velviljaður.

júlí 2020, Guðjón E. Hreinberg

## Kóróna vírusinn og Covid veikin

Við fyrstu fréttir af Covid-19 veikinni sá maður enga ástæðu til að efast um að veikin væri til. Þegar rætt var um hvaða vírus lægi að baki hennar sá maður heldur enga ástæðu til að efast. Þegar veikin breyttist í fyrirsögnum meginmiðla (Mainstream Media) í farsótt (Epidemic) og að lokum í heimsfaraldur (Pandemic) sá maður heldur enga ástæðu til að efast.

Hverjum myndi detta í hug að taka *hættuna á farsótt* og breyta henni í einhvers konar samfélags- og þjóðaverkfræði (Social engineering) eða áróður (Propaganda)? Hvers konar illkvittni væri slíkt og á hversu fjarstæðukenndum veruleika myndi sú sálfræði byggja? Hver myndi græða? Myndi fólk ekki sjá í gegnum slíkt og neita að láta blekkjast?

Umfram allt, hvers vegna ætti maður að hlúa að samsæris kenningu um farsótt sem væri að dreifa sér um allt og draga fjölda fólks til dauða? Það væri fjarstæðukennt. Það væri eins og hvolpur að elta skottið á sér: Hverjum dytti í hug að ljúga um augljós vísindi og hverjum dytti í hug að klína lygahvöt upp á þá sem greina frá vanni?

Við höfum vanist þeirri trúarhugsun að vísindin séu heiðarleg og þau leitist við að staðfesta með mælingum og athugunum hvað það er sem *hreyfir nálina á mælinum*. Um allan heim eru gefin út tímarit fyrir jafningjarýnd (Peer Reviewed) vísindi, athuganir, kenningar, útskýringar og niðurstöður. Það hlýtur að vera erfitt að nota svo vandlega rýnt efni til að ljúga upp í opið geðið á athugulu fólki?

Af framangreindum ástæðum hikaði maður að efast opinberlega og beið því átekta. Þetta eru yfirleitt fyrstu viðbrögð grúskara við fréttum, við byrjum á að trúa, síðan förum við að sjá gloppur, svo grúskum við, loks greinum við frá því sem við finnum, sem endar á að við erum djöflamerkt (Demonized) og síðan sniðgengin (Ostracized) af meginþorra fólks.

Á meðan hikin stóð komu upp erfiðar spurningar. Á að takmarka ferðalög fólks á milli landa? Á að setja fólk í sóttkví sem hefur einkenni eða er grunað um smit og þá hve lengi? Er einhver ástæða til að hvetja og jafnvel skylda fólk til að vera með andlitsgrímur og að sótthreinsa hendurnar oft á dag með spritti? Skipta öndunarvélar miklu máli, eru þær til gagns eða skaða, skiptir máli ef það er skortur á þeim?

Fyrirsagnir fjölmiðla, yfirlýsingar stjórnámálanna og tilvitnanir í vísindamenn í læknisfræði voru allar einróma en ekki alveg ljóst hvað þær vísuðu til. Reglulega voru flennistórar fyrirsagnir um yfirfulla spítala og jafnvel myndskeiðabrot. Þá komu stórar yfirlýsingar um skimun og einkenni. Verulega svartsýnar spár komu frá sérfræðingum um smithættu (sem átti að vera meiri en með nokkurn annan vírus) og alvarleika sjúkdómsins.

Fyrstu blaðamenn virtust þó ekki mjög klárir á muninum á Kóróna vírusnum annars vegar og Covid-19 veikinni hins vegar. Allir sem tjáðu sig voru samt á því að vísindin væru með þetta á hreinu, ekki ósvipað og horft væri á CSI þætti þar sem öll saga einstaklings er rekjanleg ef þú finnur eitt hár.

Stjórnvöld nánast aflétu stjórnlögum sínum og gáfu lögreglu og sóttvarnarráðum – um allan hinn vestræna heim – framkvæmdavald til að takmarka ferða- og útivistargetu fólks, takmarka samkomuhald og hópastarf og leyfa varðhald og sektir langt umfram það sem eðlilegt stjórnvald byggist á.

Allt virtist leyfilegt sem sóttvarnaráð og ríkisstjórn leyfði sér í tilskipanavaldi, í krafti þess að nú væri á ferðinni eitthvað sambærilegt við Spænsku flensuna og Svarta dauða.

Innan um voru djarfar yfirlýsingar um dauðsföll sem farin voru að teljast hér og þar, sérstaklega vöktu lönd á borð við Kína og Ítalíu athygli og fljótlega upp úr því Bandaríkin. Lítið var rýnt í önnur lönd umfram fyrirsagnir frá „Project Syndicate“ maskínu George Soros og enginn að benda á hversu áhugavert það væri út af fyrir sig.

Fáir Íslendingar vita hvaða maskína „Project Syndicate“ er þó flestar erlendar fréttir hérlendis komi frá þeirri samhljóms smiðju. Þegar þetta er ritað er enginn að benda á að helmingur skráðra Covid-dauðsfalla í heiminum eru frá þrem höfuð-óvinum Kínversks kommúnisma.

Margar djarfar yfirlýsingar voru birtar um greiningar og einkenni, en hvaða greiningar, hvernig eru þær framkvæmdar, hversu áreiðanlegar eru þær? Hver er saga greininga verkfræðinnar. Nei, það dugði að birta viðtal við starfsfólk hjá veirufræðideild Landspítalans eða sérfræðing á borð við Kára Stefánsson og varla færu þau að ljúga um mælanleg vísindi?

Þegar greiningar Landspítala og Erfðagreiningar stangaðist á í fyrstu virtist enginn kippa sér upp við það og þegar þessar tvær stofnanir höfðu síðar samstillt sig virtist enginn rýna í hvers vegna þær höfðu stangast á eða hvernig samstillingin fór fram. Það væri augljóst að verkfræðin væri traust og óparfi að spyrja rýnandi spurninga.

Ekkert var spurt um hvernig veikin væri greind eða hvað vírusinn væri eða saga þeirra vísinda sem snúa beinlínis að fjölskyldu Kóróna vírussins, en hún er afar stór og líklega einn mest rannsakaði vírusakúltur læknisfræðinnar. Meginstraums Vísindamenn kölluðu þó Kórónavírusinn nýjan (Novel) og létu eins og hann væri þruma úr heiðskýru lofti. Margir vísindamenn segja þó að Kóróna vírusinn eða mótefni gegn honum finnist nú þegar í flestu fólki, sem ætti að vekja margar spurningar, en þetta er hvergi rætt í meginstraums fjölmiðlum og almenningur veit ekkert um þetta.

Efinn var vaknaður og þroskaðist smám saman. Ætíð þegar meginstraumurinn eins og hann leggur sig er lauk-sammála um hverja yfirlýsinguna á fætur annarri og bæði elítan og almenningur hegðar sér eins og hjörð af dáleiddum sauðum í eltingaleik við sturlaða

forystusauði, skimar maður eftir smalahundinum og bóndanum sem stjórnar honum.

Heilbrigð skynsemi (Common sense) er ekki alltaf áreiðanlegur mælikvarði enda getur samfélags verkfræði auðveldlega unnið með hana og spilað á tilfinningar, hindurvitni og mýtur. Hver sá sem rýnir í, veit að andlitsgrímur eru engin vernd gegn flensuvírus og að ofnotkun þeirra er beinlínis hættuleg, að óhóflegur handþvottur með spritti er varasamur, ennfremur er engin vísindaleg athugun sem hefur sannað gildi félagsfjarlægðar (Social distancing) varðandi smithættu.

Hver er til dæmis mælieiningin eða vísinda rannsóknin sem tilgreinir einn metra, hálfan annan metra eða tvo metra? Mismunandi ríki nota mismunandi mælikvarða án þess að neinn viti hvort það byggist á dulspeki (Mysticism) eða rekjanlegum vísindum.

Læknavísindin vita með vissu að öndunarvélar eru hættulegar drápsvélar og einungis notaðar sem síðasta hálmstrá dauðvona fólks. Sé heilbriggt fólk sett í slíkar vélar eykst dánarhætta þess um 17 til 20 prósent. Enginn þeirra vísindamanna sem tekin voru viðtöl við bentu á þessi atriði og enginn blaðamaður fjallaði um þau. Þvert á móti var öndunarvéla-áróðri haldið að almenningi eins og dulspekilegri hjátrú.

Efinn var vaknaður og neitaði að sefast. Gat verið að samsæri væri í gangi? Það er mjög erfitt að skipuleggja svo víðtækt samsæri en það er auðvelt að framkvæma aðgerð sem byggist á heimsmýnd, jafnvel þó hún gæti verið röng og þó það væri auðrakið því ef sá sem verður fyrir áróðrinum trúir nægilega vel á sambærilega heimsmýnd og treystir sér ekki til hlutbundinnar rýni þá lætur hann undan. Þetta er mælanlegt og vel þekkt.

Taka má með í þessar vangaveltur að samfélagsmiðlar (Social media) höfðu í um það bil tvö ár eytt fólki kerfisbundið út af verkvöngum (Platform) ef það var þekkt fyrir að rýna í samsæri og heimsmýndar blekkingar og sérstaklega hefði það þjálfun og hugrekki til að rýna með árangri.

Þeir fáu sem ekki var eytt út undanfarin misseri, bentu á að þrem mánuðum áður en Covid-faraldurinn kom fram, hafði embætta-elíta í samstarfi við hagsmuna aðila og ritstjóra á heimsvísu (Global) gert þverþjóðlega æfingu á því hvernig ætti að véla slíka aðgerð og markaðssetja. Nú, fjórum mánuðum eftir að fáeinir aðilar bentu djarflega á þetta, eru flestir þeirra gleymdir og virðast þagnaðir, en eru flestir horfnir af verkvöngum.

Fjölmiðlar eiga að halda stjórnvöldum á mottunni – og Hollywood viðheldur þeirri blekkingu að þeir sinni því – en síðan 1991 hafa þeir sannanlega hætt því. Enginn þeirra spyr ágengra spurninga um þær mildu athugasemdir sem þegar er tæpt á. Það eitt út af fyrir sig hlýtur að vera umhugsunarefni.

Það næsta sem vakti mig til umhugsunar er Spænska veikin og Svartidauði. Það hversu duglegir fjölmiðlar voru að tala um þær farsóttir frekar en aðrar nærtækari, er í mínum huga rautt flagg. Ég kem betur að því síðar.

Hér fæddist því stóri efinn og það var rétt um það leyti sem samkomubanni var skellt á Íslendinga og útgöngubanni á Ítali og Spánverja: Hver er tölfræði heimsfaraldra? Hvað er vísindadulspeki (Science-mysticism)?

Í fyrsta lagi voru áberandi yfirlýsingar frá fólki innan elítunnar, sérstaklega hjá ýmsu fjölmiðlafólki, að gefa í skyn að sjúkdómurinn eða smitið gæti hafa – eða hljóti að hafa –

borist frá leðurblökum eða hundakjöti af opnum markaði í Wuhan í Kína og þannig farið af stað. Þetta er hreinræktuð hjátrúar-dulspeki og engin vísindi. Smitrakningar og sjúklingur núll, eru einnig hreinræktuð dulspeki en handhæg dávaldstól.

Þá kom glæsileg yfirlýsing frá vísindamanni á sviði erfðafræði þess efnis að til væru 570 stökkbreytt afbrigði af Kórónavírusnum sem skyndilega hafi komið fram. Aftur minni ég á orðið vísindadulspeki.

Það er ekki vitað um neina sjúkdóma sem berast í mannfólk með því að borða soðið kjöt af öðrum dýrategundum. Það er vitað um sjúkdóma á borð við hundaæði og stífkrampa sem geta borist í opið hold við dýrabít (og mannabít) en það er nærri því allt og sumt. Einnig er vitað að rándýr sem borða hrátt kjöt af hræjum geta fengið í sig aðskota lífverur sem geta valdið krömpum og langvinnum sársaukafullum vöðvabólgu og í flestum tilfellum sem sjúkdómar berast með hrákjöti eða biti er uppruni þeirra í hræáti en 90% fæðu rándýra eru hræ.

Hundaæði (Rabies) sem er eitt dæmi um sjúkdóm sem betur borist með biti er rakinn til Lyssavíruss – sem er RNA vírus og þekktur í fáeinum afbrigðum – og hefur sá þáttur verið mjög rannsakaður. Ég hef ekki rekist á öfgakenningar um það efni, enþá.

Á vef landlæknis er minnst á Hundaæði án þess að segja neitt um veiru- né vírusafræði hans og þar staðhæft í hugmyndalegum trassaskap (Intellectual sloppiness) að hann komi *sennilega úr leðurblökum*. Rýnt 20200628.

Þú smitast ekki af gubbupest ef hundurinn þinn er með gubbupest. Ég hef oft umgengist kindur sem voru með flensukvef og engin manneskja á bænum fékk flensukvef né þeir sem önnuðust þær skepnur og man ég ekki til að nein kvef-sótt hafi smitast innan kindahópsins, í það minnsta ekki sem faraldur. Það er yfirleitt talið að sjúkdómar ferðist ekki á milli dýrategunda án drastískra aðferða s.s. með biti eða hræ-áti og flensur fara ennfremur mjög í manngreinarálit.

Sumir líffræði vísindamenn hafa reynt að telja fólki trú um að borði maður kjöt af riðuveiku klaufdýri; svíni, kind, kú eða geit, geti maður fengið svonefndan Creutzfeldt-Jacob sjúkdóm sem er stórhættulegur og leggst á heila manna, en þó þetta sé talið vera svo, er engin vísindaleg sönnun fyrir því og sjúkdómurinn svo sjaldgæfur að hann gæti vel verið misvísindi, þ.e. að einkenni hans stafi af öðru en talið er. Fáir hafa þó næga sérþekkingu til að geta rakið þetta.

Hér má til gamans benda á að fjöldi vísindamanna hafa bent á að hugsanlega séu átta af hverjum tíu Alzheimers tilfellum ranglega greind og auðlæknanleg en þeir eru kyrflega þaggaðir ásamt rannsóknum þeirra. Þess vegna minni ég á að hér er ekki verið að greina samsæri heldur heimsmyndar-aðgerð byggða á dulspeki sem þykist vera vísindi, því dulspeki er ávallt huglægt (Subjective) mat og hikar ekki við að breiða yfir og fela óþægilega en hlutbundna (Objective) greiningu.

Margt fólk horfir mikið á skáldsöguvísindi á borð við CSI eða þá DNA greiningarnar í The Blacklist, man einungis yfirborðskenndar yfirlýsingar sósíalískra kennara úr barnaskóla og gleypir við grunnhyggnum blaðagreinum meginstraums fjölmiðla. Þetta fólk veit ekki hvað orsakavaldar (Causative agent) eru né hvort eða hvernig þeir séu rekjanlegir, né heldur hvort þeir séu það yfirleitt. Slíkum dugar að heyra orðið vírus, rétt eins og miðaldafólki

dugði að heyra orðið djöfull eða dímon.

Þetta fólk veltir lítið fyrir sér eðli ónæmiskerfis, sjálfsheilun einstaklinga eða samhengi hraustlegrar hugsunar og hraustleika líkamans, eða öfgalausum hollustuháttum í næringu í jafnvægi við gott hlutfall af hreyfingu og andlegri og líkamlegri hvíld. Það treystir bara Búranum með prófgráðuna.

Í yfirborðskenndum umræðum fjölmiðla og boðbera elítunnar frá upphafi var mikið bent á snertifleti s.s. að hurðahúnar gætu borið vírusa á milli manna. Að manneskja sem snertir húninn og væri smituð, gæti skilið vírusinn eftir á húninum og hann lifað þar tímunum saman þar til næsta manneskja snerti húninn. Þetta er einnig hreinræktuð dulspeki og misvísindi.

Fólk í þjónustustörfum er hvatt til að nota einnota latex hanska við vinnu sína, þó svo að engin vísindi staðfesti að þeir breyti einhverju um almenna smithættu. Fólk er skermað af með gagnslausum plexi skermum og enginn bendir á fáránleika þess. Ef maður segir við afgreiðslumann „hér er kominn plast skermur“ er svarað með augnagotu og svipgrettu sem segir allt sem segja þarf. Þó allir viti að þetta er fáránleg ráðstöfun, þá vita samt allir að þetta á að vera svona, sem er eitt hryllilegasta Oxymoron samfélagsfræðinnar.

Það er ekki til ein einasta sönnun innan líffræðinnar um stökkbreytingu á lífverukúltur; Ekki innan dýrategunda, ekki innan veirufræðinnar og ekki innan vírusafræðinnar. Ekki ein – og hér birtist vísinda-dulspekin aftur – það eru til dæmi um stökkbreytta einstaklinga og eru þeir í 99% tilfella óhæfir innan náttúrunnar og fleyta nær aldrei vansköpun sinni áfram með erfðum (nema í undantekninga tilfellum þar sem stökkbreytingin er hluti hæfis) og breytir ekki lífverukúlturinum sjálfum.

Hundur sem fæðist með beyglað skott, er ólíklegur til að geta afkvæmi með beyglað skott en hundur sem fæðist með lita-afbrigði getur fleytt því áfram og þann hæfileika má nota til að ná fram ræktunar markmiðum en það tekur yfirleitt margar kynslóðir og skipulögð vinnubrögð. Lesandinn hefur aldrei séð stökkbreyttan kúltur en hugsanlega vanskapaðan einstakling.

Til gamans má draga fram sögu af frönskum hjónum sem lentu í því fyrir um fimmtán árum að nýfætt barn þeirra var þeldökkt. Eiginmaðurinn var þess fullviss að kona hans hefði haldið framhjá honum með svertingja. Nánari athugun leiddi í ljós að langamma hennar hafði verið þeldökkt. Spurningunni er þó ósvarað athugulum.

Hugsanlega eru til einhver afbökuð og afmörkuð lítilsháttar frávik frá fullyrðingu minni um stökkbreytingar en þau eru afar fá, mjög mikið rýnd, og mjög skiptar skoðanir um. Niðurstaðan er þó yfirleitt sú að stökkbreyttur kúltur er ekki til. Darwinisminn um náttúrval og stökkbreytingar er á síðustu áratugum marg-afsannaður sem gild útskýring á „uppruna tegundanna“ þó sú túlkunarheimsmynd sé enn viðtekin innan grunnskólanna og hjá sósíalískum háskóladeildum og enn talin helgur sannleikur hjá blaðamönnum og stjórnámálamönnum.

Darwinismi er hluti af markaðsfræðum Marxísma og Sósíalísma og það er margviðurkennt. Auðvitað veldur þessi fullyrðing félagslegum deilum enda kemst fólk upp með að viðhalda hugmyndafræðilegri heimsmynd, en þegar sú heimsmynd er notuð til að afbaka vísindalegar staðreyndir og hafi maður lesið nóg um líffræði og mismunandi viðhorf innan

hennar til að vita um þessi einföldu deilumál, þá sér maður þegar stjórnkerfið og fjölmiðlakerfið er að fullyrða hluti sem ekki standast og vísinda-sósíalistar að samþykkja þær fullyrðingar.

Aftur kemur hjátrú og dulspeki upp á yfirborðið, sem eru túlkunar-hvatir sem geta hjúpað sig ýmsum myndum s.s. vísindalegu yfirbragði, og fólk sem aðhyllist ákveðnar heimsmyndir getur notað til að túlka eða réttlæta heimsynd sína – bæði til sjálfsblekkingar og vélabragða – án þess að viðurkenna að um dulspeki sé að ræða. Vísindin eru full af slíkum gloppum (eða svartholum) sem fólk notar á þennan hátt, ýmist til að blekkja sjálft sig eða aðra.

Hafi maður aldrei vaknað frá einni heimsmynd til annarrar og ekki tileinkað sér að lesa mótsagnakenndar upplýsingar, sér maður oft illa eða alls ekki þessar gloppur, sem ég nefni svarthol, en eru í raun dulspeki-hvatir. Sé maður sjálfsblekktur þannig að maður haldi dauðahaldi í heimsmynd sem maður hugsanlega skilur illa, streitist maður á móti þegar einhver bendir manni á svartholin í henni.

Hér er gott að gera sér grein fyrir tilhneigingu yfirborðsmennskunnar til að flokka og draga í dilka. Yfirborðsmennskan segir að dulspeki sé aðeins til innan ákveðinnar afbökunar hins trúaða heims og finnst því ekki innan vísinda heimsins. Dulspeki sé myndbirting á borð við „ekki stíga á línur á gangstétt“ eða „skugganum sem brá fyrir var fylgja“ eða „bilun í skurðgröfu var vegna álfasteins sem grafan hafði stuggað.“ Auk vel þekktra hugmynda liðinna alda úr mýtufraeðum á ýmis goð og aðrar verur.

Trúleysingjar og Guðleysingar (Agnostic og Atheist) halda því blákallt fram að vísindin séu raunsæ mælinga aðferð og neita að viðurkenna svarthol þegar bent er á þau, sama hversu stór þau eru. Sumir guðleysingjar benda iðulega á að 90% vísindamanna séu trúleysingjar en geta þess ekki að 70% Nóbels verðlaunahafa eru ýmist trúaðir eða andlega meðvitaðir né heldur að opinbera akademían ræður ekki slíka í vinnu ef þeir opinberlega viðurkenna heimssýn sína (Worldvision). Flestir Nóbelsverðlaunahafar viðurkenndu sýn sína eftir að ráðning þeirra og frami var tryggður, enda engir kjánar (svo vitnað sé óbeint í Michael Behe).

Yfirborðsmennskan segir að klúðursleg ályktun um hvornig RNA erfðaeefnið vinnur sem hvati á DNA erfðaeefnið til að „segja“ frumu eða frumukúltur hvaða DNA-mynstur eigi að velja úr uppskrifta bálki sínum til að smíða lífveru, séu vísindi og því ekki dulspeki, enda viðurkenndur vísindamaður í akademíu sem kom með ályktunina. Hún getur því á augabragði orðið „viðurkennd vísindi“ og veruleiki án þess að fólk átti sig á að um hjátrúarvísindi og valinn ágiskunar-veruleika er að ræða. Þetta er hvergi leyfilegt að ræða opinberlega og sjónvarpsáhorfandinn hefur hvorki fræðilega getu til að greina á milli orðanna né hugtakanna eða sér til þess einhverja ástæðu.

Yfirlýsing um stökkbreytt afbrigði vírussins stenst ekki og er með öllu ósannanleg. Það að einhver uppgötvar á morgun hundrað nýja vírusa merkir ekki að þeir hafi stökkbreyst á einni nóttu, það merkir að í gær vissi hann ekki að til væru fleiri afbrigði. Hins vegar ef það hentar yfirmanni fyrirtækis sem veltir milljörðum við genarannsóknir eða tugum milljarða við framleiðslu lyfja og bóluefna og ef blaðamenn og stjórnámálamenn vita ekki hvað þeir eru að glíma við, hvað þá almenningur, þá er hægt að halda alls kyns vitleysu fram.

Veistu hversu margar hundagreinar eru til innan hundategundarinnar? Síðast þegar ég athugaði voru þær 140 en eru líklega mun fleiri. Allar eru þær sama tegundin, engin þeirra er stökkbreytt og allar geta þær getið afkvæmi saman og allar með 100% sama genamengi.

Okkur er reglulega sagt að DNA mannfólks og Sjimpansa sé 98% sambærilegt. Við vitum öll að um sitthvora tegundina er að ræða. Þessar tegundir geta ekki eignast afkvæmi saman, í það minnsta ekki svo vitað sé. Þó eru menntaðir fjölmiðlamenn að gleypa hráar yfirlýsingar um að tveir vírusar sem hafi 80% sambærilega DNA samsetningu séu sama vírusafjölskylda og annar þeirra sé stökkbreytt afbrigði hins og að báðir valdi varasömum veikindum þó það sé ósannað með öllu.

Enn minni ég á hugtakið vísinda-dulspeki og að þó vísindamaður, almennur borgari eða blaðamaður hafi hina og þessa menntun og þó hann sé ekki meðlimur í dulspekifélagi, geta þeir allir verið sameiginlega sannfærðir um að eitthvað svarthol sé veruleiki þó þeir sjái það ekki í gegnum atviksröndina (Event horizon) sem hjúpar það. Fæstir þeirra vita hvað atviksrönd er.

Hvað með smitleiðirnar? Þeir sem vita eitthvað um vírusa vita að þeir geta ekki lifað utan hýsils og ef þeir eiga að berast frá hýsli til hýsils þurfa þeir að berast með lífsýni. Ef þú kyssir einstakling sem er HIV jákvæður, þá er mjög ólíklegt að þú smitist, en farir þú í sleik við hann eða hana, þá eru líkurnar sterkar því slímhúð blandast.

Rétt eins og með hundaæði, þú getur átt hund sem hefur Lyssavirus en meðan hann bítur þig ekki er þér óhætt en ef hann sleikir á þér munnvikin aukast líkurnar, sérstaklega ef þú sleikir útum eftir. Taktu eftir að „hefur vírusinn“ er ekki það sama og „er haldinn veikinni.“

Um alla þessa þætti má vissulega deila. Þúsundir vísindafólks eru mér ósammála, sem segir bæði mér og þér að þetta fólk trúir einhverju, en ertu viss um (og eru þau alveg viss) hvort að þau noti mælanlegan veruleika eða trúi vísinda-dulspeki? Er okkur sagt frá þeim þúsundum vísindafólks sem eru greiningu minni sammála?

Augljóst er að fjölmiðla- stjórn mála- og vísinda heimurinn virðist mótþróaust vera sammála og án allra rökræðna og það ætti að vera rautt flagg fyrir suma. Sérstaklega ef fólk áttar sig á sálfræði sósíalísmans og þekkir muninn á samhljómi (Consensus) og samstillingu (Coordination).

Í þessu samhengi mæli ég gjarnan með skrifum manna á borð við David Berlinski, Michael Behe og Stephen Meyer, ekki til að sanna neitt heldur benda á góðan byrjenda kúrs fyrir fólk sem vill lesa ábyrgt vísinda efni sem er jaðrað innan sósíalískrar réttþugsunar.

Þessir menn hafa skrifað fjölda lærðra ritgerða og bóka um líffræði og erfðavísindi og bent á fjölda svarthola í vísinda-dulspekinni sem er viðhaldið innan líffræðivísinda af heimsmyndarlegum ástæðum og samhljómskröfu. Mörg hundruð vísindamenn skrifa um þetta auk þeirra sem hér eru nefndir og eru einna þekktastir, en þú munt aldrei heyra um þá í grunnskólum, háskólum eða fjölmiðlum nema verið sé að djöflamerkja (Demonize) og brennimerkja þá.

Áður benti ég á að margt er á huldu um hvernig erfðaeftir DNA og RNA vinna í frumunni og oft er bent á að samsetning hennar og vinnsla sé svo flókin að betra sé að líkja henni við flækjustig stórborgar en einfaldrar frumu. Það er með öllu óþekkt hvaða hvati

(Causative agent) það er sem frumur nota til að velja undirmengi erfðaefnis síns við sjálfssmíði, vöxt og viðhald frumunnar, enginn veit hvernig boðleiðir eru ræstar og þeim lokið innan mismunandi ferla hennar eða hvernig ákvarðanir eru teknar, og þetta hefur verið ítrekað sannreynt síðustu áratugi (sjá *Darwin's black box*, '95).

Til gamans má benda á að margir erfðafræðingar telja að DNA safnþróin sé sameiginleg öllum lífverum, þannig að sveppafruma geymi upplýsingar sem geti gert hana að mannafrumu og öfugt og að óþekkt sé hvernig fruma *viti* hvaða kafla DNA safnins hún eigi að nota hverju sinni. Erfðafræðingar sem eru þessu ósammála geta ekki afsannað það en sá hluti klúbbsins er valinn í viðtöl samfélagsvélarinnar og hinir jaðraðir og þannig erum við öll mjög vandlega upplýst.

Þúsundir yfirborðsvísindamanna með fínar gráður eru tilbúnir að koma í viðtöl og skrifa greinar um ýmsa þætti hér að lútandi en þekki maður svartholin í þeim fræðum sem þeim voru kennd í skóla, sést þegar þeir fleyta sömu svartholum áfram gagnrýnilaust. Nær enginn ber sig eftir að rýna í þessa fleti og rithöfundar á borð við þá sem áður voru nefndir, skrifa flókið og leiðinlegt efni en ekki skemmtilegt efni á borð við *CSI* og *The Blacklist*.

Þannig getur fólk sjálft séð að sömubókarfræðin sem við erum alin upp við eru ekki endanlega rétt, en ég geri mér ljóst að þau eru ekki endilega röng. Það er til hellingur af öðru efni á svo til öllum fræðasviðum, sumt ábyrgt og annað yfirlýsingagjarnt. Þegar hér er komið *áætla* fólk frekar en að *draga ályktanir* (Assume vs. Deduce): Við sem erum jaðarfólk og efumst um rétttrúnaðinn erum ekki endilega á þeirri skoðun að rétttrúnaðurinn sé alrangur eða að jaðarsýnir og jaðarfræði séu alrétt, heldur að skógurinn sé stærri en eitt tré segir til um.

Þetta er ástæðan fyrir að ég nefni heimsmynd frekar en samsæri en heimsmynd gerist þegar heimssýn er myndgerð og innbrennd (Branded). Samsæri er þegar lítill skuggahópur finnur leið til að véla fólk og hópa en heimsmyndar aðgerð er þegar hópur sem sameiginlega trúir sömu túlkun (Explanation) sameinast í aðgerð, rétt eins og þegar fjölkunnugir vitringar liðinna alda notuðu hugtakið „engill fór um“ til að lýsa hinu sama.

Önnur mistök sem fólk gerir oft við lestur eða hlustun á jaðar efni af því tagi sem ég framleiði; Ætlun mín er ekki að leiðrétta heiminn heldur að áminna og skamma uppfræðara sem halda sömubókarfræðum að fólk hvort heldur í fjölmiðlum eða skólum og nánast banna áheyrendum sínum að efast, rannsaka og hugsa sjálfstætt.

Þeir efla síðan Skotturnar (Banshee) á Netinu sem fyrstar hrópa fólk niður í athugasemdaþráðum, með reiðilegum setningum og fyrirsagna tilvitnunum ef það efast um innihald fréttar. Sem aftur veldur því að það er erfitt fyrir hugdeiga að koma á framfæri í grunduðum skoðunum, jafnvel þó þeir ráði yfir sterkum rökum og hafi grúskað mun meira en skotturnar sem hrópa þá niður.

Með öðrum orðum þá bendum við jaðar-rýnendur ítrekað á þegar um heilapvott og dulstjórnun er að ræða og þegar slíkt er augljóst. Við erum ekki að jagast um hvað sé rétt eða rangt þegar allt er talið saman, heldur benda á að meginstraumurinn velur gagnrýnislaust fyrirsagnavísindi og „allir-vita vísindi“ og telur ekki saman nein rök sem rugla þeim bát og þetta er það sem við bendum á; Við teljum okkur upplýst eftir skólagönguna en erum uppfrædd. Enda sjáum við ekki lengur þegar hugtakið Vísindi er



notað þar sem Verkfræði á betur við.

Hér þarf að koma fram að lítill en áberandi hluti jaðargrúskara eru ekki grúskarar heldur kjánar sem þykjast vera það og reglulega koma fram fyrirsgagnir innan meginstraumsins sem benda á þessa yfirlýsingaglöðu og oft dónalegu gervigrúskara til að benda á hversu öfgafullur hópur við hin séum. Ekki ósvipað muninum á samsæra-rýnendum og samsæra-kenningasmiðum (Conspiracy Analysts vs. Conspiracy Theorists).

Óþarfi er að útskýra þessi útsendara vélabrögð nánar, en þó mætti nefna að jaðarhópurinn er í dag allur sem einn að grúska í og útskýra Bill Gates maskínuna sem engu máli skiptir en ekki að benda á Trotský-Marxismann eða nýja Frankfurt Skólann sem kennir sig við Elleftukenningu (Thesis Eleven) eða útskýra hvernig sá hópur er að endursauga bútasaumsteppi heimsmenningarinnar í beinni.

Þau fræði sem ég minnst á varðandi frumulíffræði er ekki eitthvað sem Jói Smiður eða Gugga Hárgreiðslukona eða Magga í bankanum þurfa að grúska í. Þau mega hins vegar gera þá kröfu að fólk á borð við skólakennara og blaðamenn sem stýra fræðslu þeirra viti hvað þeir fjalla um og séu færir um að spyrja kröfuharðra spurninga og þori því.

Umfram allt þurfa Jói, Gugga og Magga að vera fær um að átta sig á þegar stjórnmalafólk gerir sjálf sig að fíflum. Mér er þó sama hvað Siggi hefur um þetta að segja, hann amast hvort eð er við öllu.

Þær spurningar sem hafa verið kóðaðar hér fjalla um efni sem tekur skamma stund að afla sér upplýsinga um með nútíma tækni en enginn blaðamaður og því sem næst enginn stjórnmalamaður hefur vogað sér að spyrja opinberlega. Fáir hafa bent á dulspøkina sem nær samstundis fór eins og eldur í sinu um allan meginstrauminn. Þeir sem voga sér að efast opinberlega eru samstundis djöflamerktir persónulega og starfsframa þeirra rústað.

Tökum tvo augljósa punkta fyrir: Mikið er bent á Spænsku veikina (Spanish flu) og Svarta dauða (Bubonic plague). Nær ekkert er rætt um Fuglaflensuna, Svínaflensuna, Miðausturlanda flensuna, Asíuflensuna eða Hong Kong flensuna.

Engar áreiðanlegar vísindagreiningar né mælingar eru til um Spænsku veikina eða Svartadauða. Vissulega er ýmslegt til í skrifum liðinnar aldar og aldanna á undan um það sem talið er hafa verið þessar veikir og við trúum öll yfirlýsingum og útskýringum um þær en það breytir ekki veruleikanum: Engar vísindalegar og áreiðanlegar greiningar eða mælingar eru til um þær og vírusinn óþekktur.

Ég hef lesið mér til um þær tvennar rannsóknir á Spænsku veikinni sem hafa verið framkvæmdar, sú eldri á sjötta áratugnum og sú síðari fyrir rúmum áratug. Þeir sem stóðu að þeim hafa gefið út kokhraustar yfirlýsingar, en rýni maður dýpra sést fljótt að vírusinn fannst aldrei og að yfirlýsingarnar réttlættu fjárstyrkina sem rannsakendur fengu.

Allir sem skilja þjóðfélagsverkfræði og sagnfræðidáleiðslu vita að þegar yfirlýsingar sem ekki standast rýni eru teknar og þær blásnar út og síðan notaðar til að stýra huga fjöldans, að þá er farið í geitarhús að leita ullar (Pulling wool over our eyes). Allar yfirlýsingar um Spænsku veikina og Svartadauða er hreinræktuð dulspæki.

Asíuflensan 1968 og Hong Kong flensan 1957 eru vel þekktar, hellingur af upplýsingum eru til um þær. Tölfræði um smit-dreyfð, dauðahlutfall smitaðra, aldurs-, kynja-, kynþátta-,

og samfélagsdreifingu er til og vel rekjanleg. Eins með Svínaflensuna, Fuglaflensuna og Miðausturlandaflensuna. Engir fjölmiðlar fóru ofan í þá tölfræði enginn vísindamaður minntist á þetta í viðtali.

Til gamans má draga fram atriði sem furðu fáir tóku eftir. Kári Stefánsson æðsti prestur Íslenskrar vísindadulspeki leyfði sér tvær fullyrðingar í einu og sama viðtalinu. Annars vegar hafi verið vitað að farsótt væri væntanleg því Bill Gates hafi spáð því fyrir fáeinum árum. Hins vegar að við tilheyrum öll sama Eternum og séum því öll í stórhættu.

Ég ætla ekki að gera svo lítið úr lesandanum að benda á hversu óvísindalegar og vafasamar þessar yfirlýsingar eru eða dulspekina og dávaldið sem þær byggjast á. Væri lesandinn kjáni, væri hann núna að horfa á Kastljós með hinum Gáfnaljósunum.

Efinn var nú full vaknaður. Ég ákvað því að skoða tölfræðina sjálfur fyrst enginn fjölmiðill gerði það. Sem fyrr segir þá er ég að rekja hugleiðingar frá því í byrjun mars og get vísað í bæði greinaskrif mín á [gudjonelias.blog.is](http://gudjonelias.blog.is) í apríl og hljóðvarp á "anchor.fm" í mars (sem er tengt frá not.is).

Ég fylgdist í fáeinar vikur með útgefinni tölfræði á vegum WHO.INT sem er vefsetur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Ég tók fyrir þau tólf lönd sem hjúpuðu yfir 80% af smitum á heimsvísu og setti upp í tölfræðilíkan, skráði tölur, bar saman hlutföll, fylgdist með um tíma og birti reglulega athuganir mínar á Facebook. Enginn fjölmiðill gerði þetta, eftir því sem ég best veit. Einungis var sagt frá fjölda *greindra* smita (ekki greind einkenni) og skráðum dauðsföllum og engin rýni í nein tölfræðilíkon, engar ábendingar um nein vafaatriði eða gloppur. Allir virtust hlýðnir ljósenngli Húmanismans og innblæstri hans.

Sem fyrr segir hafði ég stuttlega athugað tölfræðilíkon fyrir þekktu heimsfaraldra síðustu fimm áratuga – enda mælanlegt efni – og sá fljótt að enginn heimsfaraldur væri á ferðinni né hætta á honum. Dreyfðin var sú sama með þessa faraldra og einnig keimlík árlegum missterkum flensubylgjum.

Árlega eru birtar mæli-tölur um flensufaraldra á heimsvísu og tölfræði úrvinnsla fyrir slíka faraldra er vel þekkt. Enginn fjölmiðlamaður né stjórnámálamaður, hvað þá sóttvarnaráð vestrænna ríkja svo mikið sem minntust á það. Fjöldi lækna og annarra vísindamanna sem ræddu opinberlega um þau atriði, voru vandlega jaðraðir (Marginalized) eða þaggaðir (Ostracized).

Efinn var nú rótfestur og ég fullviss um að einhvers konar þjóðfélags verkfræði væri á ferðinni. Ég hafði nú sjálfur rýnt í opinberu gögnin og því þurfti ekki frekari vitnanna við og hóf því að fylgjast með verkfræðinni sjálfri. Margir í jaðarheimum erlendis bentu á sama tíma á samanburðartölur um árlega flensufaraldra og allir þessir aðilar geta í dag birt „told you so“ yfirlýsingar.

Eins og lesendur vita sem fylgst hafa með orðræðu minni síðustu árin, hef ég engan áhuga á því að sannfæra neinn um neitt, heldur leitast við að rannsaka til að skilja betur fyrir sjálfan mig og einnig til að geta gefið vitnisburð. Árin sem ég var meðlimur í Vottum Jehóva var það daglegt brauð að hitta fólk sem hélt því fram að það væri Kristið og hefði lesið Biblíuna en hafnaði þrákelknislega þegar Biblían sjálf sannaði ranghugmyndir þess um eigin trú.

Meginstraumurinn er ekkert betri þegar kemur að raunhyggju; Huglæg rök og dulbúin

dulspeki virðist alltaf verða fyrir valinu umfram raunhyggju (Objective reason) ég veit því fyrirfram að það væri tilgangslaust að reyna að sannfæra neinn um neitt. Hins vegar skiptir miklu máli fyrir trúaðan Eingyðismann að hafa vald á samtvinnu vitnisburðar og fyrirgefningar, því það er hluti veggöngu hans um krókotta einstigið að hliðinu þrönga.

Ég minni á að tölfræði rannsókn mín snérist um útgefna tölfræði. Ekkert mat lagði ég á hvort sú tölfræði væri rétt skráð. Þegar Svínaflensan var í gangi 2009 var sóttvarnaráð Bandaríska ríkjasambandsins uppvíst að því að hvetja sóttvarnaráð stakra ríkja bandalagsins til að skrá misvísandi upplýsingar (og jafnvel falstúlka þær). Engin tilhneiging var hjá meginstraumnum til að minnast á frábæra rannsókn Sharyl Attkisson um þetta en hún fletti snilldarlega ofan af þessari spillingu á sínum tíma og hún fylgist enn vandlega með misvísandi upplýsingum um hinn svonefnda faraldur og greinir frá.

Ég minnst hér á Sharyl því engin leið er að brennimerkja hana sem samsæra kenningasmið og hún er sannanlega vandvirkur, viðurkenndur og heiðarlegur blaðamaður sem starfað hefur um árabíl innan meginstraumsins en hún hefur eftir framangreinda umfjöllun verið jöðruð þó það hafi aðeins tekist að hluta.

Þegar hér var komið sögu var mér því ljóst að svokallað Þríeyki okkar Íslendinga var annað hvort að ljúga að fólki eða þau trúðu sjálf einhverri vísinda-dulspeki (eða heimsmynd) eða þau voru að varðveita starfsframa sinn þegar þeim var veitt stjórnvald yfir Íslandi, sem þau beittu óhikað.

*Dulspekingum er vafalaust ljóst að hugtakið Þríeyki er smíðað til að dáleiða fólk sem trúir Þrenningarkenningu Míþraismans.*

Svipaða sögu er að segja um SAGE í Bretlandi og CDC í Bandaríkjunum og um Þríeykið á Íslandi sem fékk fálkaorðuna fyrir frammistöðu sína (og einbeittan brotavilja til Þjóðarglæps að mínu mati). Nær enginn meginstraums fjölmiðill þorði eða vildi hreyfa við áróðrinum eða þá skildi hreinlega ekki hvað var í gangi. Vel er hugsanlegt að fjölmiðlar – eins og áður var ýjað að – trúu ákveðni heimsmyndartúlkun og séu beint eða óbeint sátir við verkfræðina. Spurningin um hvort aðgerð sé í gangi er að mínu mati óþörf þegar hér er komið sögu því aðgerðin virðist auðrekjanleg.

Það er mannleg sálfræði sem útskýrir að ríkisstofnanir, fjölmiðlar, vísindamaður (jákvæðar og neikvæðar) viðurkenna ekki ef þau eru uppvís að ósannindum eða misskilningi. Ekki frekar en Siggi fýlupoki í næsta húsi sem neitar að saga helvítis greinarnar af trénu! Þegar efinn er vaknaður og rótfestur, breytist hvernig maður rýnir. Auðvitað lendir maður í þeirri hættu að sjálfsblekkjast upp frá því.

Það var full ljóst í upphafi, þó enginn vildi benda á, að aðilar á borð við Neil Ferguson hjá *Imperial College*, og starfsbræður hans sem voru upphafsmenn að svartsýnum spám og eru viðurkenndir faraldrafræðingar (Credited Epidemiologists) voru ekki starfi sínu vaxnir eða þeir voru að viðhalda einhvers konar heimsmyndar-áróðri. Fræði- og embættismenn á borð við Fauci í Bandaríkjunum og Ferguson og Cummings í Bretlandi eru notaðir til að sannfæra okkur um vísindi sem eru langt frá því að vera sönnuð eða borðleggjandi.

Þó koma fram ráðgjafar á borð við Dr. Gisecke, sem er aðal ráðgjafi Svíaríkis og byggir sína ráðgjöf, eins og hann segir sjálfur, á rekjanlegum sönnunum. Ferguson og aðrir vísinda-sósíalistar byggja á tölvulíkunum, en Ferguson hefur gefið út forritskóta sína

opinberlega og sérfræðingar sem rýnt hafa í þá kóta segja að þeir séu mjög vafasamir og sumir tekið dýpra í árinna.

Hér má benda á að þegar Svíar afléttu nýverið takmörkunum sínum voru þeir samstundist beittir þvingunum af þeim ríkjum í kringum þá sem voru rekjanlega undir áhrifum fyrrgreindrar vélunar.

Fólk þekkir ekki orðið Ríkissmiðja (Statecraft) en mér virðist að vitundarverkfræðin sem þessi ritgerð útskýrir, sé notuð núna til yfirtöku á Ríkissmiðjum vestrænna þjóðríkja (Nation States). Vitundarvélun (Consciousness engineering) á hugarástandi almennings var óþörf því sú vélun hefur greinilega löngu heppnast og hugtakið vitundarstýring á hér betur við.

Mér virðist almenningur ekki vera almennt meðvitaður um að það hefur verið stefna Marxismans í rúma öld að leggja þjóðríkin niður og yfirtaka heimsmenninguna með ógegnsæjum og vandlega miðstýrðum alþjóðastofnunum sem séu undir sovésku valdi. Sósíalistar sem ég ræði við og eru meðvitaðir um þetta eru almennt sáttir við þá stefnu og sjá ekki hættunna sem ber að varast. Ég minni á að hugtakið sovéskt Marxista-vald er hugmyndafræðin sem Sovétríkin byggðust á en fáir vita eða skilja hvernig það vald var útskýrt og skipulagt.

Sé betur rýnt í vélabrögðin sjáum við hvernig fólk á borð við Gisecke sem beitir áreiðanlegum vísindum er vandlega jaðrað og ýtt í undirdjúpin meðan hinum er teflt fram og almenningur sér því einungis hina markaðssettu. Ég nefndi í byrjun að ég trúði fyrstu fréttum og hikaði við að rýna dýpra, það er eins með almenning, hann treystir fréttum og ákveður að sleppa því alveg að rýna og áður en hann veit af er það orðið of seint.

SAGE hópurinn í bretlandi sem veitir Breska ríkinu ráðgjöf í farsóttamálum gefur út greinasafn undir auðkenninu *Thesis eleven* sem eru tillögur að þjóðfélags verkfræði sem á ensku nefnist *Post-Phenomenology* og er móðurheimspeki Marxískrar verkfræði sem er betur þekkt undir enska heitinu *Transhumanism*.

Í þessu samhengi þarf að minnast á eitt birtingarform Marxismans, Tækniræði (Technocracy), sem full þörf er á að ræða betur og rýna í hvernig þeirri baneitruðu hugsun er komið á inn um bakdyr menningarinnar með ýmsum hætti s.s AI (Artificial Intelligence). Fjöldi vísindamanna í læknis- og félagsfræði aðhyllast Marxíska heimspeki. Það er rekjanlegt að þessu fólk finnst réttlætanlegt að setja þjóðríki og menningarheima á hliðina, því tilgangurinn helgi meðalið. Óþarfi er að matreiða handa fólk sem þekkir mannkynssögu hvert sé markmið Marxismans eða minna á alræðistilhneigingu hans og virðingarleysi gagnvart lífi fólks, verðmætum og einkalífi.

Ef fjölmiðlar sem segja okkur að komin sé upp farsótt og ritsjórar eða blaðamenn þessara miðla aðhyllast samtímis Marxíska heimsmynd, er ólíklegt að þeir viðurkenni fyrir almúganum ef vísindamennirnir sem þeir *velja* að vitna í aðhyllast sömu heimsmynd. Ef þeir sem stýra samfélagsmiðlum aðhyllast einnig Marxíska heimsmynd, þá er ólíklegt að þeir hjálpi okkur að koma á framfæri öðrum sannindum en þeim sem þeir hafa allir sammælst um í félagslegum samhljóðum.

Neil Ferguson sem er einn talsmanna þessa fólks var einnig talsmaður þess að útrýma u.þ.b. átta milljón klaufdýrum á Englandi, sömuleiðis á grundvelli vafasams reiknilíkans og rústa þar með lífsafkomu tugþúsunda bænda. Þetta var gert vegna hæpinna yfirlýsinga um

Gin- og Klaufaveiki og enn hæpnari kenninga um Creutzfeld-Jacobs sjúkdóminn.

Enn í dag er þetta í minnum haft á Bretlandseyjum og gerðar hafa verið heimildamyndir um þann klaufaskap og eyðileggingu sem Ferguson og aðrir Marxískir ráðgjafar bera ábyrgð á. Ítrekað hefur komið fram að engin vísindafræðileg greining réttlætti eyðilegginguna.

Enginn innan stjórnkerfa, fjölmiðla eða akademíu bentu á þessa rekjanlegu þætti þegar ákveðið var að fara eftir tilmælum þessara sömu ráðgjafa nú í vetur og rústa vestrænum efnahag og menningu. Fjölmiðlar gleyptu staðhæfingar Marxískra sérfræðinga hráar, spurðu engra óþægilegra spurninga og hleyptu áfram mjög varhugaverðum spuna. Marxísk heimspeki og samfélagsverkfræði er útdregin (Abstract) og hatursfull hugmyndafræði sem stenst ekki veruleikann, þetta er margreynt.

Þó Kína hafi varið sig falli í rúm tuttugu ár, þá er það vegna þess að Kína valdi fyrir þrem áratugum að blanda kommúnisma sinn samanvið þjóðfélagsverkfræði snillingsins Lee Kuan Yew frá Singapore. Hann hafði áður beitt Syncretisma, sömu ættar og Mússólíni, Franco og Hitler notuðu til að rífa upp efnahag Ítalíu, Spánar og Þýskalands snemma á tuttugustu öldinni, og þannig snúa Singapore frá því að vera léttvægt borgríki upp í að vera ein af stórborgum heimsins í vísindum og efnahagsmálum.

Kína samtímans er þannig stýrt með blöndu af Fasisma og Marxisma – og alþekkt að rétttrúnaðar-Marxistar (Orthodox Marxists) eru þar fangelsaðir fyrir skrif sín og ábendingar. Það má því spyrja sig hversu lengi brauðfætur þeirra muni halda, sérstaklega þegar við sjáum afleiðingar vestræns lýðræðis-marxísma á heimsmenninguna nú í vetur og sumar.

Þessum þáttum hefur ítrekað verið varað við í framsögu (Discourse) jaðarrýnenda síðustu árin og áratugina. Ég skýt þessu hér inn, því ef við sjáum ekki rótarmengið, ef við höfum hingað til neitað að sjá hvert stefnir, þá sjáum við ekki hvert verkfræðin ætlar sér með okkur. Ef maður kann að rýna í vélabrögð þá veit maður hvernig Vandamál, Viðbragð, Lausn módelið virkar (Problem, Reaction, Solution). Þess vegna dró ég fram elleftu-kenningar skólann.

Ef alvöru farsótt er í gangi þá fellur gagnrýni mín um sjálfa sig og ritgerð þessi aðeins ráðvillt afþreying en séu vélabrögð í gangi og við neitum að ræða það, þá sigrar sá sem vélar en það er ekki víst að borgin standi eftir. Þetta vita goðar Ásatrúarinnar enda vel útskýrt í sögunni um Loka og múra Valhallar. Tilgangslaust er að minna Eingyðistrúarmenn á að Biblían útskýrir þetta vandlega, enda eingyðistrúin kerfisbundið véluð út úr menningunni síðan 1950 og þeir löngu búnir að greina vélunina.

Sérfræðingur í Kína hélt því fram um síðustu áramót að upp væri komin veiki sem fljótlega var nefnd Covid-19 og að hún byggðist á Kóróna vírus. Fljótlega hvarf þessi aðili af vettvangi og spurðust síðan misvísandi fréttir um hann. Ein sagan var sú að hann hefði sjálfur veikst af Covid-19 og dáið, önnur sagði að hann hefði horfið sporlaust.

Enginn Marxískur blaðamaður benti á að þannig kemurðu af stað því sem á Íslensku heitir kvittur. Um leið og vestrænir blaðamenn sögðu frá þessum kviksögum eins og þær væru staðreyndir, sannfærðist fólk um að kommúnistaríkið Kína væri að þagga niður að upp væri komin banvæn farsótt. Þannig var Kína gert stikkfrí frá því að verið væri að véla Covid-19 blekkingu í samstarfi við grunnhyggna jábræður Trotsky-Marxisma innan

vestrænna fjölmiðla og stjórnkerfa.

Enginn benti á að þegar þú ætlar að koma af stað slíkum kvitt, þá læturðu flugumann leyningu eða vélunarklúbbs leika hlutverk og hann síðan skipta um hlutverk svo að hann hverfi af sjónarsviðinu og þar með er náttúruleg tilhneiging fólks til samsæraröskunar (Conspiratorial mind) vakin. Eins og Ottó von Bismarck sagði „Þegar því er neitað opinberlega, þá er það yfirleitt rétt.“ Þessi vélabrogð ættu að vera öllum augljós, nema menntakerfið hafi brugðist.

Því sem næst samstundis hófu vestrænir fjölmiðlar að birta ör-viðtöl við bólusetninga-söllumanninn Bill Gates; Fjárfesti sem stofnaði á sínum tíma tölvufyrirtækið Microsoft sem óþarfi er að kynna nánar, sá hinn sami og vísinda-dulspekingurinn Kári Lítur á sem spámann.

Gates sem er aðlaður af Bretadrottningu hefur á síðustu fimmtán árum orðið vel þekktur fyrir fjárfestingar í erfðabreyttum matvælum, höfundarréttarvörðu útsæði (Monsanto) og ábatasömum bólusetningaverkefnum í þriðja heiminum í nafni manngæsku (Philanthropy). Fáir rýna í og útskýra hversu miklum auði hann rakar saman í skjóli þessara verkefna handa sjálfum sér og tengdum aðilum.

Gates er iðulega kynntur sem góðgerðasinnaður mannvinnur (Philanthropist). Mér finnst alltaf spaugilegt að sjá enska orðið *Philanthropy*, því það er svo augljós verkfræðin á bak við hugtakið og yfirlætis hroki Húmanismans. Enn spaugilegra að enginn ljær máls á því. Nær væri að endurnefna það Fuglabóndi (Poultryist).

Sem fyrr segir rýnir enginn í hvað Bill Gates græðir á bólusetninga verkefnum sínum. Enginn rýnir í og miðlar til fólks ásökunum sem ítrekað hafa komið fram, þess efnis að hann hafi valdið eyðileggingu á lífi og heilsu tugþúsunda fólks. Enginn minnst á að hann hefur staðið í vafasömum málaferlum víða í þriðja heiminum vegna óvandaðra meðala.

Enginn bendir á að bólusetning fyrirbyggir ekki faraldur sem þegar er farinn af stað og að það tekur mörg mörg ár að þróa bóluefni, enginn minnst á að stór-faraldrar hafa nær aldrei endurtekið sig þ.e. af sama vírus. Ég minni á skyldleika Sjimpansa og Manna, sami vírus er 100% eins og að 80% eins bóluefni er gagnslaust: Enginn ræðir þessi augljósu atriði í dulspekistýrðum samtíma okkar sem telur sig vísindalegan og upplýstan.

Enginn fjölmiðill hefur nokkru sinni dregið vel fram í sviðsljósið að á síðustu árum hafa bólusetningar notið sífellt meiri gagnrýni og vísindalegra efasemda. Þá sjaldan sem sú umræða er dregin fram – en hún er umfangsmikil erlendis – er einungis bent á öfgafullan og yfirlýsingaglaðan minnihluta í þeim umræðuhóp en ekki bent á þrotlausu rannsóknarvinnu vísindafólks og leikmanna sem hafa unnið traustvekjandi rannsóknarvinnu um málefnið.

Fjöldi málaferla eru til, skrásett og rýnd, þar sem fólk reynir að sækja um bætur eftir að bólusetningar rústuðu heilsu þess og í mörgum löndum eru framleiðendur bóluefna samt stikkfrí frá slíkum málaferlum og enginn fær leyfi til að rýna í grunnvísindi bóluefna.

Almenningur hefur ekki minnstu hugmynd um grunn þessara vísinda, hvernig bóluefni verða til, hvað þá framleiðsluna en trúir illa útskýrðum fullyrðingum grunnskólanna um Louis Pasteur.

Til er fjöldi rannsókna sem bent hafa á að bólusetningar hafi aldrei fyrirbyggt farsóttir. Þegar þetta er dregið fram bendir fólk stundum á lömunarveiki (Polio) sem sönnun um eitthvað sem það trúir, en auðvelt er að sýna fram á að hún stafaði af eiturefnum sem notuð voru við matvælaframleiðslu og að veikin hvarf um leið og hætt var notkun þeirra. Flestir sjúkdómar sem sagt er að hafi horfið með notkun bóluefna hurfu samtímis því að Vatnslagnir, Handsápa og Ísskápar urðu almannæign og þetta helst í hendur í þriðja heiminum, en þeir sem útskýra slíkt eru vandlega djöflamerktir.

Til gamans má skjóta því hér inn að áður fyrr trúðu læknar á kvikasilfursgufur í lækningaskyni, og rústuðu þannig lífi og heilsu hundruða þúsunda, enda kvikasilfur (Mercury) baneitrað. Í samtímanum er kvikasilfur og ál í flestum bóluefnum, þó vita flestir sem eru æstir í að láta sprauta sig að ofnotkun áls er stundum tengt við Alzheimer.

Auðvelt að tengja vaxandi áráttu fólks til kynbrenslunar og kynbreytinga saman við notkun eiturefnisins Atrozine eða skyldra efna við matvælaræktun en vitað er að sumar dýrategundir s.s. froskar gjörbreyta hormónagerð sinni þegar þeir verða fyrir þessum efnum. Þetta neita húanistavísindin að ræða frekar og enginn fjölmiðill segir fólki frá þessum eða skyldum þáttum.

Enginn meðal fjölmiðlafólks benti á síðustu mánuði eða viðurkenndi að stofnun Bill og Melinda Gates starfar með annarri stofnun í þeirra eigu. Önnur stofnunin starfar undir flaggi manngæsku og hin undir flaggi fjárplógs; Enginn fjölmiðill viðurkennir að nær allar fjölmiðlasamsteypur heimsins og ráðgjafastofnanir á borð við SAGE í Bretlandi og CDC í Bandaríkjunum fá árlega tugi milljóna í styrki frá þessum tveim stofnunum, enginn rannsakar tekjulíkanið, enginn viðurkennir hagsmunatengslin, allir fullyrða þeir vitleysu um manngæsku alifuglaræktunar með flóknum orðum.

Ekki veit ég þegar þetta er ritað hvort Sóttvarnaráð Íslands og hið svonefnda Þríeyki séu háð styrkveitingum frá Bill Gates og Kára Stefánssyni. Enginn Íslendingur rannsakar alvöru spillingu eða rekur raunveruleg Íslensk samsæri. Þetta hef ég marg sannað á síðustu árum og óþarfi að rekja nánar.

Það er hins vegar vitað að Kári trúir spámanninum Gates og að sá síðarnefndi hefur enga prófgráðu og þó að hann hefði hana þá var hann ekki að læra læknisfræði þegar hann hætti í háskóla. Það er einnig ljóst að ef til er dulspeki-fyrirbærið Eter, þá tilheyrja þeir tveir klárlega sama Eternum. Ég panta að vera útlægur frá þeirri eitruðu paradís.

Þegar erfðafræðingurinn Jeffrey Gulcher komst að því að hann gæti ekki vegna Bandarískra laga framkvæmt ákveðna tegund genarannsókna, kom hann til Íslands og fékk með sér Kára Stefánsson sem talsmann sinn hérlendis. Þeir stofnuðu Íslenskt útibú Bandaríksk fyrirtækis sem þá var (og er e.t.v. enn) skráð á aflands svæðinu Delaware í Bandaríkjunum.

Framangreint fyrirbæri er betur þekkt hérlendis undir heitinu Íslensk Erfðagreining og hefur fengið svo til óhindraðan aðgang að öllum okkar læknisfræði upplýsingum (frítt) og alla okkar ættfræðisögu sömuleiðis. Síðustu tvo áratugina hefur fyrirtækið **að sumra sögn** sjálfkrafan aðgang allra lífsýna sem tekin eru úr Íslenskum borgurum. Svona er aðeins hægt að framkvæma í dáleiddum bananlýðveldum sem trúá útdregnum og dularfullum heimsmyndum.

Hér verður að ítreka orðasambandið „að sumra sögn“ því lög 110/2000 tilgreina að lífsýnið sé háð vitund og samþykki þess sem það er úr. Mér er á þessari stundu ekki kunnugt um önnur lög hvað þetta varðar utan persónuverndarlög 77/2000 og úrskurð Persónuverndar mál nr. 2014/992.

Þegar ég veiktist af lúngnabólgu sumarið 2017 var tekinn úr mér blóðdropi við læknisskoðun og lífssýnis blóðdropinn skráður. Þó ljóst væri eftir læknisskoðun að ég væri með lúngnabólgu – sem er auðvelt hvaða lækni sem er að greina – þá var samt réttlætt með einhverju kvaki að taka þyrfti lífsýni. Ég var þá of veikur til að rekja það ítarlega en ég spurði hjúkrunarfræðing hvort lífsýnið færi í genaskráningu og þá hvort það gerðist sjálfkrafa. Hjúkrunarfræðingur svaraði báðum atriðum neitandi – en þetta er ritað eftir minni.

Hvað sem öllum sæmsæris kenningum og fullyrðingum líður, hefur mér vitanlega enginn fjölmiðill á Íslandi rakið svona hluti. Hefur nokkur rakið hvort Wuxi Nextcode þeirra Jeffrey Gulcher og Hannesar Smárasonar hafi aðgang að genabanka Íslenskrar Erfðagreiningar? Til gamans má rekja að fyrirtækið hefur m.a. skrifstofu í Shanghai í Kína. Ég veit að fjölmiðlar hérlendis viðurkenna – og það kom fram í grein í vetur og Kári hefur reglulega minnt á – að Bandaríska fyrirtækið Amgen er móðurfyrirtæki Íslenskrar Erfðagreiningar og að Amgen vinnur alla tölfræði upp úr genasafni okkar í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtæki sem stofnað var af Microsoft.

Þetta eru nottla allt saman mannvínir með allt uppi á borðinu og Íslenskir borgarar vita með vissu að ekkert vafasamt sé þarna á ferðinni. Enda eins gott, því annars yrðu þeir borgarar djöflamerktir sem samsæra-kenningasmiðir og enginn myndi eftir það hlusta á þá vegna öfgakenndra staðhæfinga um plexigler.

Eins og fyrr segir þá trúði ég í upphafi meginstraums fjölmiðlum sem héldu því fram að upp væri komin farsótt. Það er í eðli manns að hafa áhyggjur af smitsjúkdómum og við sjáum enga ástæðu til að efast þegar fjölmiðlar segja frá rekjanlegum hlutum og ég ítreka að það hvarflar ekki að manni að nokkur gæti verið svo illkvittinn að nota þetta tvennt til að spila með allan heiminn á einu bretti. En ef enginn rekur rekjanlega hluti og ef enginn lætur reyna á illkvittni, hvar erum við þá, upplýst eða dáleidd?

Margir meðal almennings og elítu telja að þegar fólk efast um eitthvað sem allir telja sig vita að sé rétt, þá sé um geð- eða mótþróaröskun að ræða. Yfirleitt er það þveröfugt, í það minnsta í mínu tilviki og eins með marga mótþróa-raskaða sem ég hef kynnst, að maður byrjar á að trúá opinberu sögunni en ef maður álpast til að klóra í yfirborðið kemur oft gröftur í ljós og sé gröfturinn rekinn nánar er sjaldan aftur snúið.

Fyrstu stóru yfirlýsingar og hugleiðingar meginstraumsins snérust um hvort loka ætti landinu eða ekki. Einnig hvort takmarka ætti samkomugetu eða ekki. Fljótt á litið hugsaði maður með sér að líklega væri það rétt. Þegar maður hugsaði það nánar vöknudu efasemdir:

Hafa landamæralokanir og samkomutakmarkanir nokkru sinni stöðvað útbreiðslu smitsjúkdóms? Hvergi rætt, hvergi vísað í neina vísindalega rannsókn á því. Augljóst væri að ef landinu væri lokað myndi allur ferðamanna iðnaður landsins hrynja á svipstundu, allt frá stærsta flugfélagi okkar til smæstu gistiheimila. Þá myndi það stórskada jaðartengda



starfsemi og líklega hafa ófyrirséð dómínó áhrif.

Það hlaut einnig að vera augljóst að væri sett samkomubann myndi allt geðraskað fólk samstundis sett á heljarþröm í bókstaflegri merkingu. Það ætti að vera óþarfi að rekja hversu mörg fyrirtæki myndu í þúsundatali missa allan sinn rekstrargrundvöll ef strangt hóp-bann tuttugu eða fimmtú manna yrði sett á þau. Þetta kom á daginn því sem næst samstundis. Allri elítunni virtist slétt sama og borgarar ófærir að ræða það, enda má ekki ræða það; Vírusinn er dulspeki dímoninn sem ekki má ræða.

Í fyrstu voru margir vísindamenn, stjórnámamenn og blaðaritstjórar með á framangreindum nótum; Smitsjúkdómur myndi líklega ekki láta slíkar takmarkanir stöðva sig en ef farsótt væri í uppsiglingu væri hugsanlegt að hægja mætti á dreifðinni og þannig auðvelda heilbrigðiskerfinu að standast álag. Þetta þótti öllum rökrétt og ég þar með talinn. Við sem ákváðum að hugsa okkur um, rannsaka dálítið, og síðan tjá okkur; Við vorum skrýtin og sumum okkar hent út.

Talsverðar umræður voru um hvort ráðleggja ætti fólki sem væru hugsanlegir smitberar að fara í sjálfskipaða sóttkví eða skylda til þess með tilheyrandi refsiakvæðum. Þau álitamál komu fram að ef ríkið skikkaði einhvern í sóttkví, hver ætti þá að borga tekjumissi hans á meðan? Sjúkrasjóður verkalýðsfélags eða sjóður á vegum ríkisins, eða hann sjálfur?

Fljótlega snérist þetta upp í umræður um samkomubann, ef ekki mætti koma saman í tuttugu eða fimmtíu manna hópum, ætti þá að loka fyrirtækjum sem hefðu svo stóra starfshópa eða ætti að skikka þau í umgengnis og samskipta takmarkanir? Ef fyrirtæki yrðu skikkuð til lokana, hver ætti að greiða skaðann og með hvaða hætti?

Allar þessar spurningar eiga rétt á sér ef um alvöru farsótt er að ræða en það atriði hvarf fljótt í skuggann. Allir voru strax sannfærðir um að farsótt væri á ferðinni og meirihluti fólks virðist enn sannfærður þegar þetta er ritað.

Ég síðar hef komist að því að ýmsar geðhjálpastofur héldu opnu en skiptu fólki upp í hópa og niður á sérstaka daga. Það breytir ekki því að t.d. ferðaiðnað Íslands var rústað á fáeinum dögum og þó verið sé að opna fyrir komur ferðamanna er hin svokallaða skimun í Leifsstöð augljós sönnun þess að Marxískum valdamönnum stjórnsýslu og stjórn mála er slétt sama um eyðileggjinar áhrifin af dáleiddslu þeirra og vísinda-dulspeki.

*Næst verður líklega skimað eftir stökkbreyttum Lyssa-vírus sem smitast við kossaflens.*

Ísland og Svíþjóð voru í hópi þeirra landa sem ekki lokuðu landamærum sínum. Hins vegar lokuðu svo mörg ríki í kringum þau eigin landamærum að ferðalög hingað svo til stöðvuðust. Þá var sóttkvíar-krafan svo ströng – hvort sem hún var vísindalega rétt eða röng – að enginn treysti sér til að fljúga til opins lands. Svíar ákváðu að setja samkomubann – ég man ekki lengur hvort það voru fimmtíu eða tuttugu – og við einnig. Svíar hins vegar voru meira í tilmælum meðan Þríeykið okkar skipaði fyrir og hótaði refsingum s.s. sektum.

Í mörgum ríkjum vaknaði sú stóra spurning hvort sóttvarnarráðin færu út fyrir eðlileg takmörk laga- og réttarhefða. Við höfum hér sóttvarnalög sem veita sóttvarnalækni (og sóttvarnaráði) sérstakar valdheimildir í skjóli þess að farsótt sé í gangi sem ógni

almannaheill. Ætlunin er að veita þar stjórnvaldsheimildir til að bregðast við undantekningum og flest erum við sátta við það.

Það liggur í augum uppi að maður gerir ráð fyrir að þær valdaheimildir sem þessi lög veiti séu grandvarlega rædd og þá í þaula. Þarna eru mjög stór mál á ferðinni, má t.d. loka fyrirtækjum og ef svo hver ber fjárhagslega og markaðslega ábyrgð? Hverjar eru varðhaldsheimildir og ef vafamál koma upp, hvaða úrræði hefur sá valdbeitti til að leita réttlætis? Umfram allt, hver er réttarstaða vafamála og réttarbrot? Engin umræða leyfð um þetta.

Síðustu fimmtán árin hefur lifandi lögskýring orðið sífellt meir ráðandi á vesturlöndum en það er fínt orð fyrir Stalínísk sýndarréttarhöld þar sem ásökun í takt við félagslegan eða pólitískan samhljóm dugar þegar dómari er í sama samhljóms-eter. Hvet ég fólk til að lesa í þessu samhengi útskýringar Sigríðar Á. Andersen og umfram allt fyrirlestra og viðtöl við Antonin Scalia. Þá er til í myndskreiða safni mínu rúmlega tveggja tíma greining frá því í ár á hinu svokallaða þrískipta valdi Lýðveldisins sem tengist þessu atriði.

David Scott hjá *Uk Column* benti nýlega á mjög góðan lögskýringapunkt þessu tengdu. Vestrænt lagasamfélag byggist á því að lög séu sett til að auðvelda frjálsu fólki að eiga samfélag og þegar upp komi deilumál að fá úr því skorið hvar draga skuli línurnar. Margt sem nú sé gert í nafni sóttvarnaráða séu tilskipanir, takmarkanir og refsheimildir sem afmái ábyrgja laga- og dómshefð vesturlanda. Lesandinn sér vonandi að þó *raunhyggja* (Reason) virðist nú vera í útlegð hjá meginþorra fólks þá er hún rótföst undir stormviðri rökréttis (*Logical*) sósíalisma.

Þegar framangreindar umræður um mismunandi tegundir þjóðfélags og samfélagslokana voru komnar í hámark, strax í mars, ekki bara á Íslandi heldur í Evrópu allri, var komin ástæða til að spyrja; Er farsótt í gangi eða ekki og ef farsótt er í gangi hvernig er það sannreynt? Ef engin farsótt er í gangi, hverjum er þá svo umhugað um að hún sé samt markaðssett og innbrend og að tilskipanir sóttvarnaráða geti pressað niður innri samfélögin og fryst þjóðfélögin vikum saman langt umfram eðlilega eða rekjanlega farsóttapróun?

Þetta síðasta er tekið fram því rýnendur erlendis hafa marg ítrekað bent á með greiningu á opinberum tölum – hvort sem þær eru slípaðar (Shaped) eða raunverulegar – að margar vikur séu síðan Covid-19 veikin (eða flensan) náði hámrökun sinni og rénaði. Þeir aðilar sem viðhalda þeirri fullyrðingu að enn sé farsótt í gangi eru sjálfir rekjanlega hlyntir Trotský-Marxisma og öfgasósíalisma.

Enginn hérlendis vill þó benda á eða greina þá heimsmyndarklemmu sem komin er upp. Þó Ísland hafi líklega farið skár út úr efnahags áhrifunum en ríkin í kringum okkur, þá erum við jú hluti af Eter!

Óþarfi er að fara í gegnum það sjónarspil sem skyndisþítalinn var í Wuhan í Kína eða hversu óeðlileg farsóttin þar var, enda hvarf hún jafn snögglega og hún birtist. Þó fjölmiðlar á vesturlöndum létu í það skína að það væri grunsamlegt að Kínverjar væru að fela farsóttina, þá var það jafn hallærisleg samsæriskenning og hún var auðhrakin. Sem minnr aftur á hentuga flautuleikarann sem hvarf. Reyndar eru Kínverskir áróðursmeistarar meðvitaðir um þetta enda kom upp hentug smit-*greining* í Pekíng nú nýverið.

Stóra spurningin sem enginn fjölmiðlamaður eða stjórnmálamaður spyr og talsmenn læknavísindanna virðast álíta óparfa er þessi: Hvenær er farsótt svo alvarleg að réttlætanlegt sé að frysta smá- og stór-efnahag heillar þjóðar og jafnvel heillar heimsálfu, og það gagnrýnislaust? Ennfremur, sé farsótt í gangi og jafnvel þó hún gæti verið alvarleg, er það réttlætanlegt að frysta allt þjóðfélagið og jafnvel kollvarpa því?

Meginstraumurinn hefur ekki svarað neinni spurningu af þessu tagi og ekki leyft að hún sé spurð. Þöggunin á jaðarfólki sem ber fram agaðar spurningar um þetta með vísun í gögn og félagsfræði er ennfremur – að mínu mati – frekar hallærisleg.

Augljóst var strax í upphafi að ferða-, nálgunar- og samkomubann myndi rústa smá-efnahag samfélaganna. Þegar meginstraums elítan ræðir um efnahagsmál, er yfirleitt rætt um banka, álver, stálver, og annan stór-efnahag. Sjaldan er bent á og almenningur orðinn ónæmur fyrir, að þessi hluti efnahagslífsins er aðeins þriðjungur efnahagslífs þjóðanna.

Smá-efnahagslíf, sem ég nefni þorpsmarkaðinn, eru tveir þriðju hlutar efnahags þjóðríkja. Auðrakið er hvað átt er við. Þó stór-efnahagur hali mikið inn fyrir þjóðfélögin þá er það daglegt líf þorpa og samfélaga ásamt þeirri þjónustu og smá uppbyggingu sem því fylgir sem er hið raunverulega efnahagslíf. Stór-efnahagslífið er efnahagslíf þjóðfélaganna (eða ríkjanna) en þau hvíla á samfélögunum.

Það er einmitt þetta sem oft fer framhjá fólki þegar þjóðfélags- og samfélagsverkfræði er framkvæmd. Covid-19 sjúkdómurinn er til og það er margt sem bendir til þess að hann hafi farið um heiminn eftir sama mynstri og árlegir flensufaraldrar og hafi sem veikindi verið illskeytt flensa. Allt sem skrifað var um þennan sjúkdóm strax í upphafi benti til þess að svo væri og það er furðulegt að meginmiðlar neituðu að bera það saman.

Sem fyrr segir fór ég á vefsetur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og rýndi tölfræðina. Eitt af því sem ég skoðaði eru gröf og tölur sem þar eru gefin út sem tilgreina allskyns sjúkdóma aðra á heimsvísu frá ári til árs. Ef frá eru taldir Berkjar (sem drepa hálfu aðra milljón á heimsvísu, árlega), eru til mis-skilgreindir öndunarfærasjúkdómar á borð við flensu og Covid-19 í þriðja til fjórða sæti yfir sjúkdóma sem á heimsvísu draga fólk til dauða. Augljóst er að þarna er skilgreininga-svarthol sem róta má fleiru uppúr en enginn meginstraums fjölmiðill virtist hafa áhuga á því.

Annað gerist á sama tíma: Allir þeir aðilar sem mest hafa farið hamförum síðasta áratuginn í áróðri Hamfarahlýnunar snarþögnuðu eins og leikstjóri hefði blásið í flautu. Stöku sinnum prófuðu þeir félagsvötnin með því að benda á sýkin í Feneyjum eða gervitunglamyndir af iðnaðarsvæðum, eins og verið væri að athuga hvernig almenningur brygðist við. Margir í grasrót og jaðarmiðlun voru fljótir að benda á að greinileg tenging væri hér í véluninni svo flestar þessar athuganir voru fljótar að skríða aftur undir stein, rétt eins og almenningur ætti ekki að tengja augljósa punkta; Allir áróðursaðilar loftslags-sósíalismsans voru sammála um að Covid-19 væri stórhættuleg og augljós farsótt og sjálfsagt væri að frysta þjóðir og heimsálfur af þeim sökum.

Svo hver er punkturinn sem ekki mátti tengja? Jú, þessir sömu aðilar vilja einmitt takmarka ferðagetu fólks með einkabílum og flugvélum, sem er sá iðnaður (ásamt olíuiðnaði) sem var knésettur í nafni Covid-19! Rétt eins og Marx og Engels vilja þessir aðilar afnema

náttúrulega fjölskyldu og reisa stofnanaveldi. Trotský og Stalín vildu báðir sama heims-Marxisma en þeir deildu smávegis um aðferðina, já, smávegis.

Marxistar vilja að stofnanir ali upp börnin, að enginn geti rekið smá-fyrirtæki án þess að glíma við fjall af reglugerðum, að enginn geti hreyft sig og *dregið andann* í samfélögum af ótta við refsiaðgerðir eða jaðarsetningar. Marxistar hafa smámsaman breytt öllum vestrænum þjóðfélögum síðustu tvo áratugina á þá leið að hefðbundið réttar- og lagasamfélag er hrunið og þetta er auðvelt að útskýra og margir hafa þegar gert það vandlega.

Stalín vildi reisa fyrirmyndarríki sem heimurinn myndi líta til varðandi félagslega forystu og honum mistókst. Trotský vildi útbreiða boðskapinn og kenna herkænsku (Strategy) sem myndi uppræta þjóðríki og kapítalisma innan frá án þess að almenningur vissi að Trotský sjálfur væri til og honum er að heppnast það. Þess má minnast að herkænska Trotský, þegar hann skipulagði Rauða herinn til að sigra Borgarastríðið í Rússlandi 1917 til 1922, gegn ofurefli, var tær snilld.

Varðandi réttar- og lagasamfélag skal rifjuð upp sú þrískipting valds sem vestræn þjóðfélög hafa tileinkað sér upp úr 1690 sem er svo hljóðandi:

Ríkisstjórn skal kosin til að framkvæma lög. Þjóðþing eða Ríkisþing skal kosið til að ræða og setja lög og skulu þau byggð á frumspeki sem varin sé í Stjórnarskrá (Constitution). Dómsvald skal kosið eða skipað til að skera úr um deilumál varðandi framkvæmd og útfærslu laga, svo og þegar aðilar samfélaga (sem frjálsir íbúar) troða hver öðrum um tær svo skera þarf úr um. Síðast en ekki síst að borgari ríkis geti sótt rétt sinn þegar stofnanir þess troða honum um tær. Frumspeki stjórnarskrár (eða konungvalds) skuli tilgreina rétt ríkisins og skyldur, svo og afmarka takmörk þess gagnvart borgaranum (eða rétt borgarans gagnvart ríkinu).

Í þessari hugsun var litið svo á að frumspeki stjórnarskrár afmarkaði þrískiptinguna og grunnflöt ríkisins, að lög væru almennar siðferðisreglur og dómarrar myndu skera úr um vafamál í túlkun laga (borgurum til heilla) og að of mikil fínstilling með reglugerðum yrði of takmarkandi á eðlilega menningarþróun. Þetta er nú hrunið.

Þrískipting valds er nær alfarið komin í dag til nefnda, álitshópa, þrýstihópa (Lobbýista) og úrskurðarvalds sjálfstæðra stofnana. Dómsvald samtímans er orðið meira til skrauts og oftast en ekki hegða vestrænir dómstólar sér meira eins og samhljóms-kór Marxísta – eða Stalínísk sýndarréttarhöld – frekar en sem ábyrgir lagadómar; Frumspeki stjórnarskráanna er ýmist höfð að vettugi eða þess krafist að hún sé stílfærð í hag alþjóðastofnana og samhljóms, meðan fáir borgarar hafa getu til að rýna í frumspekina þrátt fyrir svonefnt menntakerfi.

Fáir virðast hafa vald á merkingarfræði, hugtakarýni eða sögu hugsunar, hvað þá áhrifum slíks á einstaklingslíf, samfélag eða þjóðfélag. Tilfinningastormar og fyrirsagnafræði tröllríður vitund flestra. Menntun virðist eiga meira skylt við innprentun og dáleiðslu en upplýsingu og yfirvegaða ögun.

Á Íslandi hefur þrískipting valds ekki verið til síðan 1662 þó Lýðveldið frá 1944 hafi viðhaldið þeirri sjálfsblekkingu að héraendis ríki þrískipting, þá er það þvættingur og sem

fyrir segir þá rakti ég þetta nýlega og útskýrði vandlega í bæði skrifuðu og upplesnu efni. Sjálfstæðar stofnanir ráða nú öllu hérlandis og er reglugerðarfjallið ekki aðeins ókleift heldur vafasamt að fuglinn fljúgandi komist þar yfir. Þá er nokkuð ljóst að Trotský-Marxistar um allan heim vilja færa þetta vald frá þjóðríkjum til alþjóðastofnana, samanber grein 111 í stjórnarskrár tillögunum frá 2011/2012.

Í slíku ástandi er auðvelt fyrir Marxíska „post-phenomenológíska“ samfélagsverkfræðinga að draga blauta ullarhúfu Covid-19 vélunar yfir hausinn á okkur öllum og þegar Evrópskt og Norður-Amerískt efnahagslíf er brunnið til grunna, verður (hugsanlega) auðvelt fyrir Pekíng að bjarga því með Kínverskri Marshall aðstoð sem klárar það sem mér virðist þegar vera ráðandi:

Trotský-Marxískir menntamenn yfirborðsmenskunnar hafa yfirtekið þjóðfélögin, snarað samfélögin sem þau hvíla á og á grundvelli útdreginnar hugmyndafræði eru tilbúnir til og hugsanlega þegar búnir að rústa því sem áður hét vestræn menning. Þetta er allt saman rekjanlegt hugmyndafræðilega og með mælanlegum staðreyndum en mér sýnist fáir séu annaðhvort færir um eða tilbúnir til að ræða það.

Sem fyrir segir var strax í upphafi óljóst hvort um farsótt væri að ræða. Veikin er til en greining hennar er hæpin. Þó var samfélögum tveggja heimsálfa lokað svo til samtímis þegar umræðan fór í gang, engum leyft að efast um hvort vísindin væru á hreinu, lagahefð þjóðríkja sett í sorppró, ekki einu sinni þjóðþingum leyft að koma saman og ræða málin og þeir sem reyndu að benda á það (s.s. Rand Paul og Thomas Massie í Bandaríkjunum) djöflamerktir í spað.

Trúarbrögðin snarféllu samtímis þessu og má benda hér á að Vottar Jehóva hafa þráfaldlega varað við því í heila öld að þegar trúarbrögðin hrynji muni vestræn menning og hugsanlega heimsmenningin hrynja. Þeir byggja þessa túlkun á Opinberurnarbók Jóhannesar í Biblíunni en þeir geta svarað fyrir þá túlkun sjálfir, hér er annar snúningur sem ég vil taka fram.

Í áratugi hafa vestræn trúarbrögð verið ófær – að því er virðist – um að svara Húmanistavísindum varðandi ýmis atriði. Allt frá Darwinísma og Stjarnedlisfræði (Astrophysics) til líffræði og jarðsögu. Þegar kemur að læknisfræði hafa þau öll fyrir löngu síðan beygt af kenningum sínum ef þær skarast á við kenningar læknisfræðinnar.

Vestrænt menntakerfi hefur meira og minna viðhaldið þéttum áróðri frá því upp úr 1950 og bent skólabörnum á að trúarbrögðin hafi brugðist því að svara áleitum spurningum sem húmanistavísindi hafi svarað og að svör beggja þessara hópa skarist. Þannig hefur sósíalismiinn kerfisbundið reynt að útrýma trúarbrögðunum – með góðum árangri – í um það bil tvær kynslóðir.

Ég er trúaður eins og allir vita, svo ég hef mikinn áhuga á þessum þáttum. Ég hef þess vegna lesið mér til um mörg vísindi, bæði af áhuga á vísindapekkingu en einnig til að athuga hvort trú mín sé sturlun eða traust heimssýn. Ég veit með vissu að blóðgjafir drepa jafn marga og okkur er sagt að þær bjargi. Lesandinn finnur ekkert um þetta á Vefnum nema vita hvar skuli leita en vilji hann sannreyna þessa fullyrðingu getur hann gert það sama og ég gerði, farið á bóksafn og gramsað.

Ein fullyrðing Húmanista og sérstaklega Guðleysingja er sú að trúað fólk lesi ekki vísindi,

Það er rangt, ef eitthvað er þá lesa trúaðir meira í vísindum en húmanistar. Marxísminn uppnefni trúarbrögðin „ópíum fólksins“ sem er einnig rangt. Trúað fólk leggur á sig mikla vinnu til að þjálfa huga sinn, aga tilfinningar sínar, slípa skynjun sína og ástunda hollustuhætti.

Marxísmi er sjálfur ópíum grunnhygginn og hatursfullur, menntaður sem ómenntaður. Hann dregur fólk í dilka tilfinningasemi og óverulegra tiktúra, afmáir algjörlega fyrirgefningu og uppreist æru hvar sem því er viðkomið og eftirlætur skattstofum, sjálfstæðum stofnunum og stjórnvaldsnefndum ríkisins að rýja fólk inn að skinninu um leið og hann upprætir einkalíf og fjölskyldur. Komist öfga-sósíalismi upp með það, drepur hann miskunnarlaust þá sem ekki bugta sig fyrir honum í einu og öllu. Allt í nafni útdreginna hugmynda sem ekki standast raunveruleika eða raunhyggju.

Sú vísindi sem kennd eru í grunnskólum og akademíu Húmanismans eru ekki eins endanleg og almenningi er sagt. Frekar en að telja upp lista yfir mörg hundruð fullyrðingar vísindanna sem eru yfirfullar af svartholum læt ég nægja framangreinda staðhæfingu um blóðgjafir, því í huga hvers einasta borgara samtímans um allan heim, er læknisfræði blóðgjafa endanlegur sannleikur eins og hún er markaðssett en sá sem rannsakar þetta og finnur svartholin, mun einnig finna þau í annarri vísinda-dulspeki.

Blóðgjafir, líffæraflutningar (líffærarán) og bólusetningar eru allar sami glæpurinn gegn Guði og lögum Eingyðistrúarinnar og hreinræktaðir húmanistagaldrar (Humanist Sorcery).

Okkur er sagt í barnaskóla og við trúum, að Louis Pasteur hafi sannað óhrekjanlega hluti um leið og hann lagði grunninn að veirufræði, svo er ekki. Frekari rýni mun leiða í ljós að megnið af kennslu hans virðist vera blanda af sýndarmennsku og hugverkastuldi og dagbækur hans hafa leitt í ljós að honum mistókst ítrekað að sannreyna kenningar sínar.

Við erum sálfræðilega ófær um að rugga bátum viðtekinnar hugsunar og það er félagslega mjög erfitt. Við gugnum fljótt þegar kemur að jafningjaþrýstingi meðal almennings eða jafningjarýni innan vísindanna. Við sjáum ekki alltaf að brautryðjendurnir sem vitnað er í komust upp með vísinda-dulspeki og að síðari fræðingar sem byggðu á vinnu þeirra gerðust viljandi eða óviljandi sekir um að trúa og viðhalda dulspekinni.

Einstaklingar meðal almennings hafa sjaldan tækifæri til að bera sig eftir því að grúska nánar og ef þeir finna út einhver svarthol, þá komast þeir ekki framhjá samsæris-kenninga stimplum og djöflamerkingum. Vísindamaðurinn eða stjórnmalamaðurinn eða fjölmiðlamaðurinn hlýtur að vita meira um þessi atriði hvort eð er.

Við erum löngu búin að missa sjónar á að þó meginstraums kverúlant sé í Sjálfstæðisflokknum eða Samfylkingunni, þá gæti hann trúað á heimsmynd Marx og Trotský þó búningurinn og framsagan sýni það ekki nema maður sjálfur hafi kynnt sér hugmyndafræðina og þekki.

Ég hef síðustu ár marg benti á það hér á Íslandi að fjöldi fólks sem í dag stýrir uppfræðslu okkar og tískustefnum (Trend setting) séu Trotskýistar. Ég streitist við að nota Trotský stimpilinn, þó það sé hárfín greining, þó nútíma menntamaður viti ekki hver Trotský var, og alls ekki almenningur. Þó þykist þetta sama fólk vita skil rétthugsunar þó það hafi ekki hugmynd um hver greindi hugtökin og setti þau saman eða hver frumspeki þeirra sé. Þeir

sem stjórna tískustefnunni vita oft ekki sjálfir hvernig þeirra eigin heimsmynd var skilgreind eða hver gerði það.

Ef þú þekkir heimsmynd Marx og útskýringar Trotský og ef þú veist muninn á Bolsévikum og Menshevikum innan kommúnismans, þá sérðu birtingarform þess á vesturlöndum, óháð flokkaskiptingunni sem birtist opinberlega. Djöflamerkingin er ekki alltaf augljós, setningar á borð við „þetta er of flókið“ eða „þetta var djúpt“ dugar flestum og þeir súpa síðan seyðið af því við næstu vélun í samfélags- og þjóðfélagsverkfræði.

Hversu margir þekkja til dæmis muninn á IPCC eða NIPCC þegar kemur að umræðum um Loftslagsbreytingar af mannavöldum? Hversu margir hafa keypt yfirlýsingar IPCC hráar án þess að biðja um frumgögnin? Hvar eru mælingarnar á hitastigsbreytingum, hvar eru smíðastaðlarnir fyrir mælitækin? Hver er munurinn á mæligögnum og tölvulíkönum og hvernig veit hinn almenni borgari hvort var notað til grundvallar þegar honum var sagt eitthvað um loftslagsmál?

Hvar eru mælitöflurnar fyrir sjávarris eða þá dulspekina um súrnun sjávar? Já, súrnun sjávar er dulspeki því raunvísindi hafa margsannað að sjórinn getur ekki súrnað eins og Húmanistavísindin fullyrða. Patrick Moore sem skrifaði auðlesna vísindagrein um þetta á almannamáli hefur verið vandlega djöflamerktur og jaðraður en enginn getur hrakið hann efnislega.

Til gamans má skjóta hér inn að á sama tíma og gervi-grasrótarhóparnir (Astroturf) þögnuðu um loftslagsmálin til að hjálpa skoðanabræðrum sínum að kollvarpa vestrænni menningu með Covid-19 áróðri, kom fram heimildarmyndin „Planet of the Humans“ frá einum af þeirra dyggasta áróðursmeistara, Michael Moore. Myndin var opin á Vefnum nægilega lengi til að hundruðir þúsunda sæju hana og svo var henni útrýmt og það tryggði að tvisvar sinnum fleiri báru sig eftir henni. Samskonar vélun og Kínverski vísindamaðurinn sem hvarf.

Heimildamyndin er tær snilld sem áróðursbragð og tímasetningin vandlega valin, ekki bara vegna þeirra umræðna sem voru í gangi núna árið 2020, heldur einnig að þrír milljarðar manna sátu heima í leiðindum sínum og höfðu ekkert annað að gera en niðurhala og horfa.

Fyrri helmingur myndarinnar staðfesti nær alla gagnrýni á græna Marxista um allan heim og fulltrúa þeirra hjá IPCC (International Panel on Climate Change). Hún rústar nær öllu sem haldið hefur verið að okkur um ónothæfar vindmyllur sem eru að rústa fuglalífi heimsins og sólarsellur sem gera margfaldan skaða umfram þær orkuvirkjanir sem þær eiga að koma í staðinn fyrir.

Margir á vesturlöndum vita að Trotský sinnaðir Marxistar í skrifræði (Bureaucracy) og áróðursmiðlun rústuðu stálframleiðslu í Ruhr, Sheffield og Pittsburgh. Síðan fluttist stáliðnaðurinn til Kommúnista-Kína, sem aftur seldi okkur vindmyllur og sólarsellur í staðinn með dyggri aðstoð útdreginnar hugmyndafræði vestrænna Marxista.

Þannig náði heimildamyndin að viðurkenna grænu lýgina og þannig hvítþvo gervigrasrót Marxismans af einni lygarasyndinni. Síðari helmingur myndarinnar gat því sannfært ístöðulausa – sem trúðu að loksins væri kominn fram heiðarleiki hjá sósíalistum – að réttlætlanlegt væri að leggja vestrænt efnahagslíf og menningarlíf á hliðina og koma inn í

dulvitund fólks óskýrri sannfæringu um að Elleftukenningar verkfræðin sem áður var nefnd, væri rétta leiðin fyrir okkur öll.

Tengjum hrunið 2008 hér inn. Enginn ræðir um það í dag, tólf árum eftir gjaldeyrishrunið, hvernig sú stærðarblekking var framkvæmd. Hrunið var ein snilldarmesta aðgerð sem framkvæmd hefur verið og hún tengist bæði Loftslagslýginni og Covid-19 véluninni.

Bankarnir sem fóru fram úr sjálfum sér við lánveitingar fóru eftir ráðleggingum Keynesian menntaðra hagfræðinga sem störfuðu í greiningardeildum þeirra. Bankar fóru einnig eftir þeim reglugerðum sem Trotsky sinnaðir stjórnámamenn og skrifinnar settu þeim. Lánalínurnar sem lokuðu var ekki lokað af rökréttum ástæðum heldur heimsmyndarlegum ákvörðunum, sem voru samstilltar.

Ef þú spyrð fólk – jafnvel viðskiptamenntað – hver sé munurinn á Keynesian hagfræði annars vegar og Austurríkis-skóla (Austrian School of Economics) hins vegar þá munu níu tíundu hika við að svara. Flestir halda að hagfræði sé hagfræði og þannig eru rýnendur kynntir í sjónvarpi. Keynesian hagfræði er Marxísk en Austurríkis-skólinn er óháður og frjálshyggusinnaður (og hefur verið brennimerktur af sósíalista miðlum). Til eru fleiri stefnur en þessar tvær eru algengastar, allar akademíur kenna eingöngu Keynesian hagfræði, síðustu þrjá áratugi og enginn tekur eftir hversu óeðlilegt það er.

Það er auðrakið t.d. hvernig hin svonefnda húsabóla í Bandaríkjunum var beinlínis runnin undan rifjum tveggja Marxista í og hvernig bönkum þar í landi var nánast smalað inn í bóluna (mæli með skrifum og viðtölum hagfræðingsins Thomas Sowell í þessu samhengi). Þegar bankamenn voru dæmdir fyrir ætluð misferli á Íslandi var það markaðssett af vinstri sinnuðum fjölmiðlaritstjórum með stórum fyrirsögnum en lítið fór fyrir þegar því sem næst öllum þessum mönnum tókst að sanna að beitt var Stalínískum sýndarréttarhöldum til að dæma þá, enda um áróðursvélun og yfirtöku að ræða en ekki réttlæti og sanngirni. Hér má minna á vel þekkta staðhæfingu sagnfræðingsins Niall Ferguson (ekki sami og Neil Ferguson) „allir bankarnir sem hrundu höfðu farið að lögum eða reglum stjórnvaldsstofnana.“

Það er sambærileg snilld framkvæmd við áður nefnda heimildamynd Michael Moore; Þú sýnir fólki eitthvað sem það getur ekki efast um og túlkar svo fyrir það hver merkingin sé og hefur helst aðalmerkinguna á milli línanna, því fólk efast oft undir niðri um hluti en sé þeim stýrt að niðurstöðu sem það heldur að það komist sjálft að, er hún oft innbrennd uppfrá því. Húmanistavísindin eru háð sömu annmörkum þegar þau túlka niðurstöður; Hér er mælingin og ofaná kemur svo dulspekítúlkunin eða útskýringin.

Við trúðum öll að kapítalistar hefðu misbeitt bönkunum og að réttlætanlegt væri að Keynesian Marxistar yfirtækju þá, en það var blekking til að fela vélun og siðlausu yfirtöku. Afleiðingin er stærsta bóla allra tíma 12 árum síðar sem haldið er niðri með neikvæðum vöxtum og hálfrosnum verðbréfamarkaði og nú eru innistæður smá-efnahagsins þannig tæmdar svo fyrirtæki einstaklinga og smáfyrirtækja sem voru knésett af Marxískum sóttvarnaráðum eiga enga varasjóði.

Við höfum öll verið alin upp við þann áróður í barnaskóla, í akademíu, af blaðafólki og af



Hollýwood að Kapítalisminn sé rót hins illa og að bankarnir (og stáliðjan sem er löngu flutt til Kína) séu aðal kapítalistamafían.

Ekkert okkar áttaði sig á því að þegar Karl Marx skrifaði Das Kapital, bjó hann til hugmyndafræðilegan dímón sem ekki var til 1850 og hefur aldrei verið til. Á þeim tíma var engin kapítalísk mafía til og hún varð aldrei til. Auðvelt er að sýna fram á að þegar fjölmiðlar skrifa illa um einhverja kapítalista er aldrei bent á kapítalista á borð við Buffet, Soros og Gates sem fjármagna sósíalískar hreyfingar og áróðursvélar.

Þetta er auðrekjanlegt. Heimurinn fram til 1920 var algjörlega á valdi valdastétta aðalsætta. Vissulega hafði myndast auðvald í mörgum borgum en það var ávallt á valdi aðalsstéttarinnar og hlýddi þeim lögum sem valdastéttin setti. Síðan 1950 hafa sósíalískar aðalsættir tekið við valdasprotunum, yfirtekið hið svokallaða auðvald og fjölmiðlar þeirra birta síðan falska mynd af ný-píramídanum, enda rekja þeir aldrei nýju ættir sósíalistaríkisins sem fæddist án þess að við áttuðum okkur á því.

Snilldabrella að búa til eitthvað sem er ekki, jú valdastéttir eiga alltaf auð, en túlkunin tilheyrir Marxískum áróðursmeisturum, það er engin hugmyndafræði sem heitir Kapítalismi, engin slík mafía, einungis Marxísk bennimerking.

Rétt eins og með vísindin hefur útskýrendum trúarbragðanna einnig brugðist bogalístin með þessa þætti. Trúað fólk tileinkaði sér ekki leiðsögn Biblíunnar um að grúska betur og læra að þekkja vélabrögð heilapvottarins og kafa dýpra, heldur valdi þess í stað að treysta útskýringum prestanna í blindni og tók ekki eftir þegar prestarnir breyttust í húmanista.

Hefðu trúarbrögðin unnið ábyrga heimavinnu og miðlað henni vandlega, frekar en að láta yfirborðs áróður húmanistavísindanna slá ryki í augun á sér, hefði nær allur áróður síðustu tveggja alda misheppnast, en nei, leiðtogar trúarbragðanna í dag eru sjálfir sósíalistar og nær allir ófærir um að svara áróðrinum með þéttum rökum og skýrum ábendingum.

Um leið og ríkisgoð og áróðursdímónar fyrirskipuðu samkomubann skelltu kirkjurnar, moskurnar, musterin og synagógurnar í lás og hlýddu sínum raunverulega guði en ekki goðinu sem þau þykjast trúa á. Þeir fáu trúarleiðtogar og prestar sem reyndu að iðka samkomur, voru settir í sektarrefsingu eða varðhald. Þar með var endanlega sannað að trúarbrögðin eru óvirk og andi þeirra máttlaus, en enginn ræðir það opinberlega; Þó er nauðsynlegt að ræða þetta, í það minnsta innan trúarbragðanna sjálfra ætli þau að ná eyrum síns goðs, sé það yfirhöfuð til. Hér reynir á heilindi trúaðra innan trúarhópanna en ég sé ekki einu sinni Kommúnistana sjálfa nota augljóst tækifærið til að láta kné fylgja kviði.

Ef trúarbrögðin eru dauð þá er annaðhvort vætturinn sem þau boða falsguð (eða skurðgoð) eða trúaðir eru að túlka vættinn rangt og þau þar með fallin í skurgoðadýrkun svo hann veitir þeim ekki fulltingi. Aftur bendi ég á að Vottar Jehóva hafa ítrekað sannað fyrir kristnu fólk – með einföldu Biblíu grúski – að því er kennt að trúa ranghugmyndum varðandi sína eigin trú. Auðvelt er að sýna fram á þetta einnig varðandi Gyðingdóm, Íslam og önnur form eingyðistrúarinnar en þessi ritgerð er ekki um trúarbrögðin.

Nauðsynlegt er þó að negla það hér inn að í Covid-19 véluninni 2020 er fullsannað að öll trúarbrögð jarðarinnar eru steindauð og að Ljósengill Húmanismans hefur öll völd. *Hafnaðu þessari staðreynd og þú skalt hér með útlæg(ur) frá lestri eða hlustun þessarar*

*ritgerðar, svo ég grínist smávegis.*

Marxíska Keynesian hagfræðin og Trotský sinnað skrifræði ásamt samhljóms fjölmiðlun hefur ekkert sagt okkur um bankakerfi, gjaldeyrismarkaði eða verðbréfavíðskipti síðan þessi klíka yfirtók bankana árin 2008 til 2012. Hvað varð um reynslu okkar af hruninu? Þeir sem sýndu okkur hrunið og síðan útskýrðu það þögnuðu eins og blásið væri í flautu og við gleymdum að grúska. Enda upplýst um *sannleikann* varðandi hvað gerðist!

Enginn man í dag hvernig Sovét kommúnismi, Maó kommúnismi eða Pol Pot kommúnismi hefur stráðrepið tugi milljóna, enda vitum við öll að galdrabrennur á miðöldum og þrjátíu ára stríðið í siðaskiptum Evrópu voru stóru glæpirnir. Það ætti að vera óparfi að minna á að öll stríð síðustu tvær aldir eru sósíalistastríð. Hver myndi trúa því að kommúnistar og sósíalistar á vesturlöndum myndu ljúga okkur stútfull af blekkingum og afbökunum varðandi bankaglæpi og sjúkdómafræði til þess eins að yfirtaka menningu okkar og frumspeki? Þetta er jú góða fólkið sem hefur sannleiksvísindi og bjargaði okkur frá trúarbragðastríðum!

Hér má benda á að flestar galdrabrennur og nornaofsóknir fóru fram eftir að mótmælendasöfnuðir undir stjórn konunga og veraldlegra stjórnríkja tóku við af siðavaldi Kapólskra eftir 1551. Hinn illræmði rannsóknarréttur dæmði að meðaltali 16 manns á ári meðan sósíalískir mótmælenda-kristnir og síðar kommúnistar dæmdu mörg hundruð og síðar milljónir, ef þeir yfirleitt höfðu fyrir því að gera lagadóma.

Frá því í ársbyrjun 2018 hefur almennt verið litið svo á innan fjármálaheimsins að eitthvað óeðlilegt sá á ferðinni. Verðbréfamarkaðir eru orðnir svifaseinir og oft er því slegið fram að þeir séu líkt og frosnir. Ítrekað hafa þeir riðað á barmi hruns en því afstýrt á síðustu stundu án þess að áreiðanlegar greiningar komi fram um hvernig Keynesian hagfræðingar Marxismans ná að halda aftur af hruninu.

Stærð bóllunnar nú er margfalt stærri en allar aðrar bóllur sögunnar samanlagðar og fjölmiðlar steinþegja um það en jaðar-greinindur skilja ekki hvers vegna hún er ekki löngu sprungin með tilheyrandi ofsahrúni.

Fjármálakerfi hins vestræna heims er raunverulega fallið og komið í kaf og það er auðmælanlegt í ljósi neikvæðra vaxta alls staðar nema í Kína og á Íslandi en ég veit ekki með BRICS löndin og þá sérstaklega Rússland. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að fjármagnskerfi Norður Ameríku og Evrópu er hrunið þegar bankar þar eru nær allir með neikvæða vexti.

Merkilegt er að mínu mati, að rétt eins og Covid-19 hefur rústað þorpsmarkaðnum hafa neikvæðir vextir síðustu tvö árin á undan rústað fjárhagsstyrk þessa sama þorpsmarkaðar. Það er smáborgarinn sem hefur ekki aðeins tapað á þessari Keynesian yfirtöku, hann er bjargarlaus nema sovéska alræðisríkið grípi inn í og þó Rússnesku Sovétríkin séu horfin þá veit fólk ekki hvernig þau voru skipulögð og sér ekki að sovéskt skipulag ræður í dag yfir Evrópsku og Norður-Amerísku kerfunum sem aftur leiða heiminn í efnahags- og stjórnmálum.

Henry Kissinger skrifaði áhugaverða bók undir heitinu World Order fyrir ekki löngu síðan þar sem hann útskýrir hugtakið Westfalíska ríkjaskipunin. Margir sagnfræðingar og ríkissmiðju rýnendur taka undir með honum, að síðan 1650 hefur ríkjakerfi heimsins fylgt

hinu Westfalíska módeli.

Enginn vestrænn rýnandi hefur komist upp með að benda á það opinberlega að Xi Jinping leiðtogi Kína og þær hugveitur (Think Tanks) sem með honum starfa hafa í tuttugu ár stefnt að því að koma á nýju Westfalísku kerfi og vilja nefna það eftir Kínverskri borg. Síðan 1998 hefur það verið stefna þessa fólks (og Marxískra jábræðra þeirra á vesturlöndum) að engin meðul séu bönnuð í þeim vélbrögðum að leggja vestrænt heimskerfi á hliðina.

Eins og fyrr segir vita vestrænir borgarar ekki hvaða frumspeki þarna liggur til grundvallar og eru því hugmyndafræðilega ófærir um að meta hvort hún sé til góðs eða ills. Ég fjalla sjaldan um sálfræði kommúnismans en bendi frekar á frábærar útskýringar Bretanna Douglas Murray og Roger Scruton þar að lútandi. Einnig má minnast hér á David Starkey og Peter Hitchens fyrir aðrar greiningar sem beint og óbeint tengjast efnistöfum mínum.

Við sáum nánast í beinni útsendingu hvernig Ítalska þjóðfélagið lamaðist vegna Covid-19 veikinda í Lombardy. Enginn greindi það fyrir okkur að meirihluti allra dauðsfalla á Ítalíu voru eldri borgarar á elliheimilum í því héraði og að flest héruð Ítalíu voru hlutfallslega laus við veikina. Enginn veit hvað var í gangi á Spáni, enginn spurði áleitinna spurninga.

Spænska og Ítalska menningarsvæðið læsti alla borgara sína í stofufangelsi og refsaði þeim hrottafengið sem voguðu sér út af línunni. Reynt var að djöflamerkja þegar Ítalska mafían gerði það sem hún hefur alltaf gert, að koma óbreyttum borgurum til hjálpar þegar ríkið bregst.

Um sama leyti og okkur var sagt að stórir spítalar væru í viðbragðsstöðu, birtust þúsundir myndskreiða á samfélagsvefnum þar sem óbreyttir borgarar fóru að skoða þessa spítala og komust að raun um að þeir voru tómir.

Meginmiðlar birtu flennistórar yfirlýsingar um hversu margir væru greindir með Kórónavírusinn hér og þar og enn stærri um fjölda dauðsfalla. Á sama tíma komu fram greinendur og flautublásarar (Whistle blowers) sem sýndu fram á að stórt hlutfall andlátsskírteina sem tilgreindu Covid-19 sem dánarorsök voru röng og að meirihluti þessara dauðsfalla voru af öðrum ástæðum. Erlendis fór fólk milljónum saman að gera grín með setningunni „dó með Covid en ekki úr Covid“ og um það var þagað á Íslandi.

Fjöldi lækna kom fram á sama tíma á samfélagsvefjum og á eigin vettvangi með ítarlega yfirferð um á hverju sýklakenningar (Germ Theory) og vírusakenningar (Virus theory) húmanistalækisfræði byggjast á. Margir þeirra sýndu kerfisbundið fram á að meirihluti yfirlýsinga væru misvísanir og dulspeki sem okkur voru gefnar af skriffinum heilbrigðisstofnana ríkisins svo og útskýringar Gates og Rockefeller styrktra vísindamanna.

Auðvitað er þetta djúpt í árina tekið en hvar er greiningin, umræðan, álitgerðin, hlutbundna mælingin? Allt virðist sokkið í samhljóm og múgsefjun. Flest mótsvör eru á borð við greinargóða athugasemd frá nettrölli sem ég fékk um eitthvað á Netinu daginn sem ég skrifaði blogg-grein um tengt efni: „ótrúlegt bull alltaf í þér á netinu. Er ekki komið gott?“

Yfirleitt svarar maður ekki Tröllum, Skottum og Gáfnaljósum en stundum þakkar maður fyrir kurteisilegar og þroskaðar ábendingar vel uppalinna barna sósíalismsans, sem eins og venjulega hjóla í manninn ef rökin þrýtur, enda kurteisi ekki kennd í húmanistaskólum. Jafnvel Guðni forseti níutíuprósentanna notar þessa aðferð; „Davíð hefur þú enga

sómakennd?“ „Guðmundur ertu stoltur af framkomu þinni hér í kvöld?“

Nær öllum þeim læknum sem gagnrýndu múgsefjun fjölmiðla og stjórnkerfa á Netinu var ýmist eytt út af Marxískum stjórnendum samfélagsmiðla hvar sem því var viðkomið eða stökum myndskleiðum þeirra og greinum eytt út. Það var þó ekki alltaf viðkomið og sum nöfn á borð við Andrew Kaufman, Judy Mikovitz og Jennifer Daniels, auk annarra smærri nafna á borð við Dan Erickson og Artin Massihi náðu að fljóta í gegnum nálarauga rannsóknarréttarins.

Aðilar á borð við Hoover Institute, Real London, Ron Paul Institute for Peace and Prosperity og UK Column komust upp með að skjótast á milli stafs og hurðar og fjalla um málefni líðandi stundar svo til daglega og oft afburða snjallar greiningar. Sumir þessa aðila náðu smámsaman að virka eins og vörður í þokunni fyrir tugþúsundir fólks, enda margir um allan heim sem voru fljótt örvinglaðir og örvæntingarfullir af að horfa upp á þá fjöldadáleiddslu sem virtist hafa yfirtekið heimsbyggðina.

Það var áhugavert til að mynda að fylgjast með hvernig útskýringar margra vísindamanna á fyrirbærinu Exosomes voru algjörlega sniðgangnar eða þegar vinstri-fjölmiðlar og margir aðrir kepptust um að djöflamerkja Judy Mikovitz. Þeir sem grúskuðu í því sem hún útskýrði og rökræddi sáu fljótt hversu hallærisleg sú djöflamerking var og því var fljótlega hætt að minnast á hana og þannig valið þess í stað að jaðarsetja og dulþagga (Ostracise and Marginalize) í þeirri von að hún myndi hverfa inn í þokuna.

Áhugaverðast í mínum huga er þegar Andrew Kaufmann greindi hvernig yfirlýsingar um Kórónavírusinn stóðust ekki það sem líffræðivísindi nefna (á ensku) Koch's Postulates, sem er grunnviðmiðun hvort um vírusasýkingu sé að ræða. Ennig frábærar útskýringar hans á Exosomes. Þá hefur hann bent á að þær þrjár til fjórar jafningjarýndar vísindagreinar sem skilgreina Covid-19 sjúkdóminn taki skýrt fram að hann sé ekki banvænn.

Ég er ekki læknisfræðimenntaður en ég hef talsverða reynslu af heimspeki og menningarrýni – sem gerir þá kröfu að maður greini hugtök fremur en setningar og kunni merkingarfræði frekar en millilínutúlkun. Það þarf enga raunvísindabeckingu til að sjá að Covid-19 faraldurinn er ekki til og að Covid-19 þjóðfélagsverkfræðin er til, að hún er auðrekjanleg og að fólk sem aðhyllist Marxíska heimsmynd er að sníða fótinn á okkur inn í klaufalegan glerskó sem mun á endanum gera nútímamenningu ókleift um gang.

Ég vil í þessu samhengi benda á að til eru á Vefnum og í prentuðu efni fjöldi greininga á nær öllum þeim þáttum sem hér eru dregnir fram.

Grein mín er ekki ætluð til að sannfæra neinn um neitt eða ljósta upp einhverju sem ekki er nú þegar greint annarsstaðar. Eins og segir í inngangi er um að ræða viðbragð við því sem okkur er sýnt og einlæg tilraun til að skilja betur. Ég tók eftir því strax í mars að ég sjálfur fór að upplifa einbeitingarskort og einnig að fleiri upplifðu hið sama. Eftir því sem tíminn hefur liðið hefur mér reynst erfiðara að hafa yfirsýn í hugarþokunni sem við höfum verið leidd inn í. Grein þessi er persónuleg viðleitni til að ná persónulegri yfirsýn og rata út úr þokunni.

Dæmi eru til um hvernig lokun sjúkrahúsa hefur aukið á dauðsföll öldunga og veiks fólks. Einnig hvernig Covid-19 á dánarvottorð virðast flest vera rekjanlegar rangfærslur. Lokun á

íþróttastöðum, sundstöðum og geðræktarstöðum hefur rekið þúsundir og hugsanlega tugþúsundir út í örvæntingu jafnvel sjálfsvíg; Þetta er eitthvað sem nútímafjölmiðlun ætti að fjalla um en forðast að minnast á.

Ríkið sem er að hluta til hugsað sem málamiðlun á milli stjórnleysis og stjórnfrekju hefur breyst í óvininn sem er að rústa samfélaginu og þorpsmarkaðnum, frekar en að vernda og vökva. Sérfræðingar stjórnmála, vísinda og fjölmiðlunar hafa reynst sekir um verstu upplýsingaóreiðu (Information Entropy) allra tíma, um leið og þeir hóta fleiri reglugerðum, grimmilegum hreinsunum og lokunum á þá sem sporna gegn óreiðunni, rétt eins og myrkar miðaldir séu skollnar á aftur.

Við vitum öll að þegar maður veit ekki hvað er í gangi og velur að trúá yfirborðsáróðrinum, þó ekki sé nema bara vegna þess að allir hinir spila með, þá veldur það dýpri óvissu – og ístöðuleysi eykst heldur en þegar maður veit ekki og viðurkennir að maður veit ekki. Þegar maður hins vegar heldur að maður viti og það síðan stenst ekki og maður neitar að viðurkenna það, endar það í innri óreiðu og upplausn bæði í einkalífi og samfélagslífi.

Þetta veit Frankfurt skólinn, móðurskóli Elleftu-kenningar hópsins og hefur opinberlega nýtt sér í áratugi, þó þorir fjölmiðla og stjórnmála elítan ekki eða vill ekki ræða það.

Ef þú stundar útivist og færð í þig D vítamín frá sólinni, ef þú drekkur sítrónuvatn daglega og ef þú borðar olíur á borð við smjör og lýsi, þá eiga vírusar mjög erfitt með að valda þér veikindum. Sérstaklega á þetta við um lýsið. Þegar ég veiktist af lungnabólgunni 2017 var mér bent á að drekka te úr Blóðbergi (Thyme). Eftirköst veikinnar voru langvinn eftir að hitasóttin var afstaðin, tveir bollar af blóbergstei löguðu það á einum degi.

Umræðan um náttúrulegar afurðir sem hjálpa okkur að verjast sjúkdómum að ekki sé minnst á hvernig ýmislegt getur hjálpað okkur að rísa hraðar upp úr veikindum, nei, það má hvergi ræða það. Áherslan skal vera á hvenær komi bóluefni, eins og það sé lausn á einhverju þó engin áreiðanleg sönnun sé fyrir því: Hreinræktuð vísinda-dulspeki og hópsálar dáleiðsla!

Hvergi má ræða kvikasilfur (Mercury) og ál (Aluminium) eða aðrar nanó-málmeindir í algengum bóluefnum og hvergi er bent á að nær alls staðar í öllum þeim héruðum þar sem Kórónavírusinn stakk sér niður í vetur og vor, var nýlega búið að sprauta í fólk bóluefni við flensu og enginn spyr hinna augljósu spurninga: Hvað var í sprautunum?

Það var dálítið merkilegt hvernig fjölmiðlar vildu helst ekki ræða lyf á borð við HydroxyChloroquine sem margir bentu á að gætu haft fyrirbyggjandi áhrif til að stöðva veikina ef einhver greindist með smit. Margt benti til að þetta væri rétt en fáir tóku eftir setningunni stöðva veikina ef maður greindist, sem er ekki hið sama og lækna veikina þegar hún er risin.

Fólk les setningar en ekki orð, millilínutúlkun en ekki hugtök. Fáir tóku eftir örfáum tilkynningum sem slæddust í jaðarfréttir þess efnis að ódýr steralyf hafa bjargað ótöldum mannlífum á síðustu vikum (sjá í þessu samhengi Vernon Coleman <https://www.youtube.com/watch?v=1mCaPxYTXGE>).

Þegar þetta er ritað hafa lyfjaeftirlitin í Bandaríkjunum og Bretlandi bannað notkun

HydroxyChloroquin við þessar aðstæður en það var leyft um tíma. Íslendingar fengu nokkur þúsund skammta gefins en það var augljóst við millilínutúlkun á fyrirsögnum og staðsetningum fréttanna að fólk átti helst ekkert að hugleiða þetta lengra.

Fyrirsagnir fjölmiðla erlendis reyndu ítrekað að djöflamerkja lyfið, ýmist með kjánalegum staðhæfingum um yfirlýsingar Trump Bandaríkjaforseta um lyfið eða klaufaskap einfeldnings einhvers staðar sem skaðaði sjálfan sig með inntöku á efni með líku nafni.

Svo hvað er málið með þetta lyf? Þegar maður rýnir í þær jafningjarýndu greinar sem lyfjaeftirlitin vísa til við ákvörðun sína að banna lyfið sér maður strax að um huglægt mat er að ræða (sem er umorðun fyrir pólitík og hagsmunapot). Það þarf mun meiri rannsóknir, mun lengri tíma og mun ítarlegri umræður til að komast að niðurstöðu. Lyfið er reyndar þrautprófað fyrir ákveðna sjúkdoma en Kóróna vírusinn er sagður vera nýr og Covid veikin einnig svo hér þarf betri rannsóknir en þær sem vísað er til. Hvarflaði að nokkrum að lesa skýrslurnar og benda á svarthol í þeim, ekki almenningur og ekki fjölmiðlafólk og ekki stjórnvöld, enda vita þau öll sannleikann.

Í fyrstu veittu lyfjaeftirlitin – með semingi – leyfi fyrir notkun þessa vel þekkta lyfs og fjölmiðlar með semingi minntust á tilveru þess – eins og áður var minnst á – en ef þeir gátu voru þeir fljótir að djöflamerkja eða varpa vafaljósi á lyfið. Um leið og lyfjaeftirlitin gátu réttlætt það var lyfið bannað fyrir Kóróna meðhöndlun (sem er ekki hið sama og Covid meðhöndlun) og óvísindaleg ákvörðunin sett upp í flennistórar fyrirsagnir en það var réttlætt með því að lyfið virðist ekki virka sem lækning þegar veikin er komin af stað, þó það geti hindrað að veikin fari af stað. Enginn virtist taka eftir þessu stóra smáatriði nema jaðarsettir lækna og gleggstu rýnendur.

Samtímis þessu kom Boris Johnson forsætisráðherra Breta fram og lýsti því yfir að bresk læknavísindi hafi á fáeinum vikum unnið þrotlaust starf við þróun á nýju lyfi, Dexamethasone sem gefi góð loforð. Þetta lyf er ekkert þekktara en HydroxyChloroquine heldur vel þekkt Berklalyf en ég tók ekki eftir hvort það er af steraætt, samanber hér framar.

Hingað til hef ég rætt sálfræðina og samfélagsverkfræðina, hvaða túlkun er haldið að okkur og hversu varasöm hún er. Ekki síst fyrir að samtími okkar hefur talið sjálfum sér trú um það í rúma öld að við búum við raunvísindi og menntun en ekki dulvísindi og dáleiðslu. Ég hefði kannski átt að byrja á stóra málinu sem ég var iðinn við fyrstu sex vikur áróðursins að spyrja nær daglega á Vefnum þar til ég sá að enginn vildi raunvísindi:

Stóra spurningin sem enginn spyr: Hvað er skimun? Hver er greiningin? Er hún vísindaleg og áreiðanleg eða dulspeki og huglæg túlkun?

Strax í upphafi spurði ég þessara spurninga hvarvetna sem ég stakk niður fótum í rituðu máli, samtölum eða upptökum: Hver er greiningin og hvernig er hún framkvæmd? Enginn fjölmiðill spurði þessarar spurningar. Enginn vildi ræða þetta. Enginn vissi svarið.

Ef þú horfir á Hollywood myndir og ef þær hjúpa heimsmýnd þína þá sérðu ekki hversu mikilvæg þessi spurning er. Þó til séu fjöldi heimildamynda sem segja þér frá lífsýnagreiningum þá sérðu ekki glögg hvort um sé að ræða solumennsku og áróður eða raunverulega heimildavinnu og rannsóknir.

Til einföldunar skulum við ræða eina uppskrift heimildarþátta sem er sú vinsælasta. Í fimmtíu mínútur eru manni sýnd smáskot af einhverju en hvert myndbrot er aðeins örfáar sekúndur, allan tímann er spilað á vitundina með tónlist sem hefur misvísandi áhrif á tilfinninguna, inn á milli eru smáskot þar sem sérfræðingur með titil segir tvær setningar. Þetta er endurtekið út myndina og maður nær aldrei að spyrja spurninga og maður tekur ekki eftir vafa-atríðum (eða svartholum) sem skautað er framhjá og maður nær aldrei dýpt í samtölin og myndskotin en þegar þættinum er lokið er maður skilinn eftir með þá sannfæringu að maður hafi lært eitthvað.

Rýni maður dýpra, s.s. að sækja bók á bókasafnið og lesa hana, leita uppi fyrirlestra um efnið á vegum ýmissa háskóla eða umræðuborð (Discussion Panels) frá mismunandi hliðum eða fyrirlestra frá óháðum sérfræðingum og leikmönnum, sér maður fljótt að heimildamyndin var hluti áróðursvélar sem viðheldur tiltekinni heimsmýnd, hvort heldur hún er af trúarlegum hvötum eða stjórnmatatoga.

Þegar kemur að DNA og RNA fullyrðingum í fjölmiðlum þá er í nær öllum tilfellum um að ræða fullyrðingar um eitthvað sem erfitt er að sanna en auðvelt er að trúna og ég fullyrði að 99 af 100, ef ekki alltaf, er um að ræða sölumennsku og áróður.

Ég fór eitt sinn á bókasafnið og sótti mér 1'200 síðna bók um DNA fræði og hafði gaman af að glugga í hana. Þar sem ég er ekki fræðingur í efninu og það bæði þurrlegt og fræðilegt, lengdi ég útlánið þrisvar og var með bókina á lesborðinu í fjóra mánuði og gluggaði í hana af og til.

Ég sýndi bókina eitt eða tvo skipti í myndskaiðum og benti á hinn einfalda og augljósa þátt sem enginn ræddi: Hvernig lestu lífsýnið inn og greinir það? Hvar er tölvutengið á lífsýninu, hver er aðferðin og hversu áreiðanleg er sú verkfræði? Vísindi finna upp hluti og feta ótróðnar slóðir, og vinna með sýn en verkfræði vinnur úr því sem vísindin finna. Að smíða flugvél er verkfræði, það voru vísindi þegar Wright bræður uppgötvaðu að hægt var að fljúga.

Eins og áður hefur komið fram hef ég lesið um blóðgjafir, frumufræði, Darwinisma, rétt eins og með DNA og RNA, og það frá mismunandi hliðum. Ég hef aldrei lesið eitthvað til þess að viðhalda heimsmýnd minni, en því miður virðast flestir gera það.

Enginn fjölmiðill spurði eftirfarandi tveggja spurninga: Hver er munurinn á nefstrokum og kokstrokum og hvernig á að vita með vissu hvor strokan hentar? Hvernig er lífsýni stökunnar fært inn í tölvu? Enginn tók eftir að orðið skimun er blekkingarorð til að fela að greiningin er spámennska.

Ég gerði ítarlega leit í fjölmiðlafréttum til að gá hvort nokkur fjölmiðlamaður minntist á nokkurn þessara þátta og viti menn; Örfáir minntust á í framhjáhlaupi að það skipti máli við skimun hvort verið væri að leita vírussins sjálfs (smit) eða mótefna eftir að smit hefur annaðhvort skilað einkennum (veiki) eða einkennaleyssi (veikindaleyssi).

Ekki einn einasti fjölmiðill ræddi spurninguna „hvað er mótefni“ hvað þá hvernig það sé greint. Enginn benti á að ef meirihluti fólks væri nú þegar með mótefni – að því er virtist, og vírusinn því alls ekki nýr (Novel) – en hefði þó aldrei fengið veikina (og því veikin hættulaus), enda væri þá fullyrðingin um faraldur fallin um sjálfa sig. Augljóst er þegar hér er komið sögu að heimsmýndar áróður er í gangi og ástæðan einnig.

Meginfjölmiðlar vilja helst ekki viðurkenna að af þeim greiningum sem fram hafa komið (ekki skimunum) hefur mæling sýnt að 90% af smituðum urðu aldrei veikir og að 90% af þeim sem dóu með veikina dóu úr öðrum sjúkdómum. Þessir aðrir sjúkdómar voru alltaf sagðir undirliggjandi þegar það var öfugt. Enginn fjölmiðill svo mikið sem nefnir hversu lág dreifðin er milli smits og veiki og á milli veiki og andláts. Hvað þá augljósar mistúlkanir og hugsanlegar falsanir á dánarvottorðum.

Nýlega spurði mig maður sem var að ræða við mig um ýmislegt, „hvernig grúskarðu?“ Hann var hissa á ýmsu sem ég veit eða fullyrði um ýmislegt. Ég sagði við hann að ég nota YouTube (en einnig að lesa fræðiefni) og hafði gaman af svipnum sem kom á hann. Rétt eins og þegar fjölmiðlamaður sagði eitt sinn við Axel Pétur samsæring að ekkert væri mark takandi á „YouTube heimspeki.“

Ég bætti því við og sagði við manninn: „Allir háskólar hafa YouTube rás og það eru þúsundir umræðuborða (Panels) og fræðistofnana sem setja ítarlegt og vandað efni á Vefinn; Ef maður leitar fræðiefnis frekar en eingöngu á þess sem fólk deilir eða algrímin framsetja, þá finnur maður ítarlegt efni.“ Hinn dáleiddi hugur veltir þessu atriði aldrei fyrir sér.

Það er eins með vefinn, að læknavísindin og jafningjarýnd vísindi hafa nær allt vísinda efni aðgengilegt á veraldarvefnum. Flest þessi heimildasöfn krefjast þess að maður innskrái sig og sum þerra að maður greiði fyrir áskrift. Ef maður segir fjölmiðlafólki og Gáfnaljósum að maður noti Netið við heimildavinnu, þá merkir það ekki að maður noti bara Infowars.com eða Wikipedia.

Þegar ég nennti ekki að lesa *Summa Theologica* eftir Tómas Aquinas af bókasafni sótti ég hljóðútgáfuna á Librivox. Settist því næst í þægilegan stól og hlustaði. Já, ég hef grúskað í mesta fræðimanni Skólaspekinnar (Scholasticism) *beint af netinu*, þvílíkt fúsk! Ég las einnig „Das Kapital“ af marxists.org. Svo minnst sé á það kjánaverk; Karl Marx skrifaði ekki bók II og III sjálfur og bók I var hreinrituð og slípuð til af öðrum.

Marx kláraði aldrei háskóla og allar hans tekjur voru gjafir frá öðrum og hann sólundaði því öllu í vitleysu. Ég fullyrði að Marxismi er sálfræði sem þykist vera heimspeki og kemst upp með það í orðagjálfri og hugtakafækju. Því betur ég sem grúska, því meira er ég hissa á að enginn hefur afeitrað Marxisma með agaðri og snjallri orðræðu, því það er svo auðvelt. Enda er Marxismi hreinræktað klúður og ekkert af viti í honum um efnahags og þjóðfélagsmál, en hann hentar hatursfullum yfirlýsingaglöðum fávitum til að sundra þjóðfélögum, drepa fólk, eða vaða yfir það með heimskulegum reglugerðum og rányrkju.

Til gamans má skjóta hér inn þegar innlendur stjórnmalamaður skipti sér af einum samræðuþræði sem ég tók þátt í. Kona nokkur sem er einn færasti grúskari sem ég þekki hafði gert stöðufærslu sem spurði vandaðra spurninga um þjóðfélagsþróun hérlandis. Ég skaut því inn í athugasemd að það sem hún ræddi hefði verið margrætt innan Frankfurt skólans. Þá kom athugasemd frá þessum vel þekkta elítu snillíngi um að ekkert mark væri takandi á svona samsæriskenningu.

Ég svaraði því til að heimspekistefnan sem nefnd væri Frankfurt skólinn væri viðurkennd heimspekistefna innan Marxískrar Þjóðfélags- og samfélagsverkfræði og að heimspekingar sem væru kenndir við þessa stefnu væru allir viðurkenndir sem slíkir. Því



næst benti ég á ítarlegar greinargerðir um þetta á marxists.org og ennfremur slóðir á Íslenskar fræðigreinar sem birtar eru á skemman.is (einu aðal fræðasafni Íslendinga). Snillíngurinn svaraði með því að djöflamerkjia konuna sem stofnaði þráðinn og hóta henni. Við nánari leit á því hvernig greiningin væri og/eða skimunin á SARS-CoV-2 fann ég út að mest er notuð svonefnd PCR skimun sem ýrir upp ákveðin RNA efni í sýnum á sýnabökkum (Assays) til að finna fyrirfram gefin mynstur. Til þess að gera þetta þarftu áreiðanleg sýni til að finna fyrstu mynstrin en sú grunnvinna getur verið tímafrek. Aðallega er notuð rt-PCR skimun í tilfelli Kóróna vírussins.

Hér verður að koma fram að John Magufuli forseti Tansaníu neitaði að loka landinu fyrir ferðamönnum og lét á það reyna að PCR skimanir gáfu smitniðurstöður fyrir sýni úr ávöxtum og geitum. Gerði hann grín að farsanum og fyrir vikið var gert grín að honum í sósíalista fjölmiðlum samhljómsins og hann svo jaðraður og þaggaður. Ég get rétt ímyndað mér að afbókanir til Íslands séu núna bókaðar á Safarí ferðir, nema Íslandsstofa eigi töfraspota.

PCR var fundið upp af Kary Mullis fyrir um það bil fjórum áratugum. Hann var efnafræðingur (sem dó í ágúst 2019) sem vann við genafræðirannsóknir og hann fékk Nóbels verðlaunin fyrir uppfyndingu sína. Enginn fjölmiðill hefur mér vitanlega bent á þetta, og það ætti að vera rautt flagg þegar almenningi er vísvitandi beint frá raunhyggju og ábyrgri rannsókn.

Mullis var gagnrýninn á hvernig PCR greining var notuð við skimanir eftir vírusum og þá sérstaklega fyrir HIV vírusinn. Hann sagði frá því í einu viðtali að honum var góðlátlega ráðlagt að þegar hann myndi hætta fyrrnefndri gagnrýni fengi hann Nóbélinn. Sumir myndu snúa þessu við og segja, þú færð Nóbélinn ef þú þegir – en það væri samsæriskenning.

Þá liggur beinast við að spyrja sjálfan sig hvað það sé fleira sem PCR greiningin sé notuð á. Flensufaraldrar eru árlegir viðburðir um allan heim, hafa alltaf verið það og eru misöflugir. Tölfræðin sem áður er nefnd um nafngreinda faraldra er einnig til um flensudreifð og þunga.

Enginn fjölmiðill rýndi í þetta og eins og áður hefur komið fram hafði ég sjálfur sett upp tölfræði líkan sem hafði sannað fyrir sjálfum mér að dreifðin á Covid-19 var á engan hátt meiri en öflugrar flensu og að veikin sjálf væri ekki öflugri en flensuveiki. Einnig var mér ljóst að efast mætti um túlkunina sem grundvallaði hvaða sjúkdómur væri skráður í meirihluta dánarvottorða.

Hvað með PCR greiningu á flensum árlega (og hvaða vírusar eru það)? Ég minni því á spurningu mína: Hvað er mótefni og hvernig er það greint?

Við nánara grúsk – í áreiðanlegum miðlum um læknaverkfræði – komst ég að raun um að PCR greiningin skilar að meðaltali 50% til 70% áreiðanleika í greiningum á flensum. Fyrir utan hvað þetta er stórt bil, þá er hærra hlutfallið nógu óáreiðanlegt til að gefa ómerka niðurstöðu. Þetta varpar efa á hverja eina einustu fullyrðingu fjölmiðla og stjórn mála um smit og veiki frá upphafi fyrstu fréttu um Kóróna vírusinn.

Enginn fjölmiðill hefur gert greiningar á þeim þúsundum – og tugþúsundum – falskra greininga, falsks smits (False positives) og smitleysis eða notað tækifærið til að greina

frekar. Ég minni á að hér er ekki gagnrýni á vísindin heldur greining á þjóðfélagsvélun og dulspeki-vísindum. Til að mynda eru notaðar í COVID-19 skimun mótefnagreiningar sem skima eftir fimm tegundum mótefna, allt frá eldri til yngri.

Þegar sama greiningin virkar á fimm mótefni þá hlýtur sama lækningin að vera til fyrir fimm afbrigði veikinda sömu ættar og bæði greiningin og lækningin að vera löngu þekkt. Margar útgefnar og jafningjarýndar greinar vísindamanna fullyrða að mótefnin sem leitað sé eftir bendi til þess að þetta hafi þegar verið vitað áður en *faraldurinn* var espaður upp í fjölmiðlum, og vitað að mótefni myndi finnast í meirihluta fólks. Svona nokkuð hefði kallast *Scoop* fyrir rannsóknarblaðamenn fyrir fáeinum árum.

Þegar þetta er ritað er ekki til einn einasti óháður rýnandi sem enn trúir fullyrðingum meginstraumsins. Fálkaorðan sem Þríeykið fékk frá Lýgveldinu er kjánalegt grín. Þó eru vinstri sinnaðir stjórnámamenn og stofnana-læknisfræðingar að fullyrða um allan heim að við séum að fá síðari bylgjuna og að nú sé hálfleikur.

Það er rétt að undanfarið ríkir hálfleikur, því sú augljósa áróðurs vélun sem heimsbyggðin hefur verið beitt síðasta hálfu árið – með fullkomnum árangri – er greinilega vel hönnuð og vandlega skipulögð, og ennfremur framkvæmd í fullkomnum ásetningi. Brotaviljinn til glæps gegn mannkyni er auðsannaður og augljós öllum sem iðkar gagnrýna hugsun og ábyrga heimavinnu.

Á [logostal.com](http://logostal.com) birti ég nýlega greinina „Defining a crime against humanity requires deliberation“ þar sem ég fór í forsendur þess að hugtakið glæpur gegn mannkyni var skilgreindur lagalega, benti þar á fáein dæmi þess að þeir sem skilgreindu hugtakið séu sjálfir margbrotlegir en fyrst og fremst að í samanburði við umfang COVID-19 glæpsins eru allir eldri glæpir hjómið eitt. Enginn vill ræða þetta, hvorki í meginstraumi né jaðarstraumi. Hef ég þá rangt fyrir mér? Sé svo þá biðst ég afsökunar á villu minni. Ég hef ekki leyst út lyfin mín í tvo mánuði, enda þurft að borga háa skatta fyrir að hafa hund.

Nýlega hafa verið miklar fjölmiðladeilur í Bandaríkjunum varðandi hvort fleiri greiningar finni fleiri smit eða færri greiningar finni færri smit. Við gleymum oft að fjölmiðlaumræður (Media Discourse) eru ekki samræður (Dialogue) fólks heldur framleiddar framsögur (Narrative) fjölmiðlahópa og það er alltaf einhver sem hefur hag af þeim þegar sannanlegt er að þær eru ekki að varða veg almannaheilla.

Séu öll vestræn þjóðfélög sett á hliðina vegna flensu og hún sé markaðssett út fyrir allan þjófabálk – með heimskulegum og illgjörnum blekkingum – þá er um glæp að ræða og sé glæpurinn rekjanlegur með undirskrift og skráðum yfirlýsingum gerenda og lýstur upp af ábyrgum vitnisburði lærðra og leikra gagnrýnenda þá er hægt að gera dómsuppgjör.

Fram hafa komið greinar – sem meginfjölmiðlar vilja helst ekki ræða – sem benda á að því fleiri greiningar og/eða skimanir sem eru framkvæmdar því fleiri smit finnast. Í öllum tilfellum er verið að benda á að meðal fólks almennt er mun meira af mótefnum gegn Sars-CoV-2 (Sars Coronavirus 2) en áður var talið. Hér má benda á að fyrstu vikurnar var orðið *Novel* sett víða inn þegar vírusinn var nafngreindur en síðar hefur það orð verið fjarlægt án þess að fólk tæki eftir því augljósa flaggi.

Fólk gleymir í þessari umræðu að 99,9% þess fólks sem greinist með PCR greiningunum virðist greinast með mótefni af tagi sem gefur vísbendingar um að þetta fólk hafi fyrir löngu

fengið vírusinn og sigrast á honum með sínu eigin ónæmiskerfi. Fjöldi vísindamanna benda á þetta en þeir eru allir settir á síðu þrjú (Marginalized) eða gert lítið úr þeim með orðaflækjum (Obfuscated) af blaðamönnum sem hafa litla eða enga læknisfræðipekkingu.

Fólk trúir oft á lykilorðið Vísindi eins og fólk á miðöldum trúði á djöfla og dísir og svarta ketti. Í nýlegum viðtalsþætti meginfjölmiðla við Guðmund Franklín Jónsson forsetaframbjóðanda var lykilorðið "vísindaleg könnun" notað til að gera lítið úr öðrum könnunum sem hann hefur vísað á. Ítrekað var reynt að skjóta á hann að hann væri ekki að taka mark á Vísindunum, en hann gat fimlega bent á að þessi svokallaða vísindalega könnun var gerð með sambærilegum hætti og þær sem hann vísaði á.

Spyrillinn var fljótur að skipta um umræðu efni enda er ekki hægt að halda fram að eitthvað sé Vísindi nema það standist vísindalega rýni, þetta vita Elleftu-kenningar sósíalistar og aðrir samfélagsfræðingar Þráttarkenningarinnar (Dialectical Materialism). Ég bendi á þetta síðasta því meginþorri fólks (og meirihluti sósíalista og Marxista) vita ekki hvað Þráttarhyggja er, og þó hún sem heimspeki sé auðsæranleg (Spellbroken) þá hefur nær enginn samtímamaður skrifað Þráttarræðu (Dialectic) til að sýna það.

Hér má skjóta inn fyrir áhugasama að Marxistinn Cornel West hefur skrifað áhugaverða rýni í hvernig nota megir Elleftu-kenningu til að uppræta undirstoðir vestrænnar menningar og eru þau fræði iðkuð. Enginn segir þér frá þessu eða útskýrir nánar.

*Dialectic Materialism* er fræðilega heitið fyrir Marxisma og Marxíska orðræðu. Hugtakið Dialectic er ýmist þýtt sem Þráttarræða eða Rökræða, en Dialectic merkir í raun sjálfgagnrýna-orðræðu.

Sumt fólk sem fylgst hefur með orðræðu minni í gegnum árin hefur t.d. tekið eftir að þegar ég er í heimspekigírnum gerist ég nær undantekningalaust ósamkvæmur sjálfum mér en það er eðli allrar heimspeki að rökræða við sjálfa sig. Sumir hafa sagt mér að ég „skipti oft um skoðun á flugi“ og ég svara þeim með „ég þróa skoðanir mínar fyrir opnum tjöldum.“ Fólk sem hefur vanist því að lesa heimspekirit les í raun þússaða efnið sem heimspekingurinn birtir eftir að hann hefur glímt við sjálfan sig í innri Þráttun. Marx benti réttilega á að menning þarf að vera fær um að þratta sjálfa sig en síðustu áratugina hefur svar-ræðan óvart eða viljandi strokast út, eða tínst í þumbarahætti.

Mér persónulega finnst Þráttarræða eða Þráttarhyggja ljótt orð og hef leitað betri Íslenskunar á hugtakinu *Dialectic* en sú orðræða bíður betri tíma. Eins með orðið *Abstract* sem oft er þýtt Óhlutlægt en það er of líkt orðinu Óhlutbundið (Non-Objective) og Hlutbundið (Objective), Abstract merkir þó einnig Útdrátt samanber að allar ritgerðir hafa útdrátt í upphafi og því hef ég valið það orð.

Fyrirnefnd umræða Marxista um smit er sem fyrr segir fáránleg, enda byggð á Útdreginni heimsmynd sem ekki stenst veruleikarýni. Ef þú ert með smit þá sýnir líkamleg verund þín – eða líkami þinn – einkenni þess að hafa smitast en ekki hvenær. Hafir þú smit sem ekki sýna einkenni er algjörlega um huglægt mat að ræða og slíkt getur ekki talist vísindalegt né veruleiki. Þess utan er ekki sannað að einkennalaus einstaklingur smiti aðra sé hann hýsill fyrir veiru eða vírus.

Rétt eins og með andlitsgrímur: Ef þær vernda þig þá hefur þú ekkert að óttast frá grímulausum, samt er allur hinn vestræni heimur að skylda þig til grímunotkunar, utan

Íslands því á Íslandi er ekki rætt um það og því er það ekki til. Úr auglýsni, úr hugsýni (Out of Sight, Out of mind).

Ég hef helst fylgst með jaðar-miðlum og hugveitum í Bretlandi og Bandaríkjunum þ.e. ég get hlustað á og lesið ensku. Því miður veit ég aðeins um Ítölsk, Spænsk, Þýsk og Frönsk málefni þegar ég sé minnst á þau á framangreindum veitum.

Á Ítalska þinginu hafa komið fram ábendingar um að dánarvottorð séu allt að 96% röng. Í Þýskalandi var þingmaður settur í járn fyrir fáeinum dögum og borinn út af þingi fyrir að nota bönnuð orð samkvæmt siðanefnd á borð við þá sem Jóhanna Sigurðardóttir vill stofna héraendis. Ráðgjafahóparnir sem stýra Breska ígildi Þríeykisins þ.e. SAGE og PolicyExchange gefa út doðranta af greinum þar sem lýst er hvernig Bretlandi verði breytt í kommúnistaríki annaðhvort í „Covid faraldrinum“ eða strax í kjölfarið.

Á meðan Íslenska Þríeykið er af aleflisrembingi að sannfæra Íslendinga um aðra faraldursbylgju, sem hefur ítrekað verið spáð af kommúnískum áróðurslúðrum án nokkurra vísindalegra forsendna, eru tölur um allan heim að staðfesta að frá mars til júní 2020 er almennt lægri dánartíðni en árin á undan. Þeir kommúnistar sem vísað er til á Bretlandseyjum hafa margir hverjir verið uppvísir að því að viðurkenna að ætlunin sé að knésetja vesturlönd og enginn Íslendingur áttar sig á tilveru „Project Syndicate“ sem sigtar handa þeim erlenda rýni.

Samtímis kjósa Íslendingar sér forseta sem hefur ekkert til málefnalegrar umræðu að leggja annað en að hann sé „sameiningartákn þjóðarinnar“ og enginn innir hann eftir hvað þessi tvö útdregnu trúarhugtök tákni eða hvernig þau skyldu útfærð. Þrem dögum síðar lýsir Stalínistastjórn Íslands því yfir að hún sé tilbúin að breyta Stjórnarskránni án þess að þau 90% þjóðarinnar sem kusu Búrann á Bessastöðum hafi hugmynd um hvað það merkir eða hvaða frumspeki né gildismat sé þar lagt til grundvallar.

Hvað eru mörg þessara sjálfstaðfestu Gáfnaljósa sem skilja tvær eftirfarandi staðhæfingar: 1) Löggjafarþing setur lög og veitir Ríkisstjórninni skorður og aðhald til að framfylgja þeim, en hún verður síðan að standast rýni dómstóla fari hún út fyrir þann ramma. 2) Löggjafinn sjálfur þarf að vera innan ramma Stjórnarskrár og trúr þeirri frumspeki sem hún sprettur upp úr. Ég minni á nýlega greiningu (sem er í myndskaiðasafni mínu) þar sem ég sannaði að hvorug þessara staðhæfinga hafa verið í gildi héraendis síðan 1944.

Facebook hefur iðulega meinað fólki að sjá myndskaið, myndbrot, fréttatengla og annað efni sem fólk deilir sín á milli, undir því yfirskeyni að sjálfstæðir staðreyndarýnendur (Independent Fact Checkers) hafi skilgreint téð efni sem falsfréttir. Enginn spyr hverjir þessir staðreyndarýnendur séu eða hver hagsmunatengsl þeirra eru við aðila sem téð efni gagnrýnir og efast um. Öllu er kyngt athugasemdalaust af hinum upplýstu Gáfnaljósum sem sjá ekkert athugasvert við að saklaus flensufaraldur sé notaður af kommúnískt-tengdum aðilum til að rústa vestrænni menningu eins og ekkert sé.

Fáeinum dögum áður en ég kláraði þessa ritgerð - sem tók mig mánuð að klambra saman - birtust greiningar frá Spáni sem upplýstu að Kórónavírusinn hafði verið í frjálsum flæði innan Evrópu í heilt ár áður en kommúnistaveikin var búin til í fyrirsögnum og falsgreiningum (Fake Diagnosis).

Enginn segir þér að Covid-19 veikin er með 97,7% heilunar hlutfalli (Recovery rate).

## Heimsmynd og stjórnmál

Þegar ég hóf opinberlega að rýna í menningarmál á síðustu tíu árum vissi ég ekki hversu margt ég átti ólært. Ég hafði enga hugmynd um hversu vandlega Íslenskur almúgi er heilapveginn um menningar- og alþjóðamál. Því meir sem ég grúska sjálfstætt í þessum málum, því minna fylgist ég með innlendum fjölmiðlum sem sífellt meir virka á mig sem barnalegt og klaufalegt klám (en klám merkir gróft og aulalegt klúður).

Þetta er ein ástæða þess að ég fer iðulega ofan í hvort hugtök séu til á Íslensku eða ekki – og hef þurft að smíða sum þeirra hugtaka sem ég nota – og tek oft fram í rituðu máli hvert enska hugtakið sé, svo lesandi sem þekkir betur erlendar umræður vegna skorts á vandaðri rýni hérlendis hafi staðsetningarstika (Location parameter).

Er nokkur Sjálfstæðismaður í samtímanum sem þekkir agaða Íhaldsorðræðu Edmund Burke, Ríkissmiðju (Statecraft) Disraeli og Bismarcks, eða agaða orðræðu Douglas Murray, Peter Hitchens og David Starkey, eða hvar þeim sé ábótavant? Mér sýnist flestir Sjálfstæðismenn samtímans vera útpynnt útgáfa Fransk-Þýskra Krata (Social Democrat) eftirstríðsáranna. Ég hef hvorki séð agaða orðræðu né umræðu hérlendis um Ríkissmiðju og Ríkisráðsmennsku, en ritun um þau efni voru til hérlendis í upphafi tuttugustu aldar.

Þessa dagana er Stalínskæja að herða skrúfurnar á hvernig Íslenskt Skjalavald skuli bregðast við Loftslags- og Umhverfis áróðri Heims-Marxísmans sem oft er nefnd Alþjóðahyggja (Globalism). Hundruðir Íslendinga sem sjálfir hafa grúskað í hvað sé satt og logið í þeim bransa vita að verið er að troða Íslenska þjóðríkinu inn í hakkavél. Ekki vita þeir allir að Heims-Marxísminn er allur samstíga í hverskonar áróðri sé beitt og hvert markmið hans sé, fáir benda á það né með góðum rökum. Í Covid fléttunni er áróðurinn nú dulinn undir hugtakaflækju og orðhengilshætti Frankfúrt skólans og Elleftukenningar.

Einbeitingarskortur okkar allra er áberandi – eins og skrýttinn óþekktur andi svífi yfir vötnum félagssálarinnar – en þeir sem helst hafa aftur náð tökum á huga sínum eru þeir sem rituðu sig eftir vörðum vandaðrar frumspeki burt frá flækiandanum .

Í síðustu viku júní var viðtal á Rás 2 (skRÚVjú) við Prófessor í Umverfis og Auðlindamálum um hvernig Íslenskir Marxistar ætla sér (með góðu eða illu) að troða okkur öllum í rafbíla fyrir 2030. Spyrellinn sem tók viðtalið bar ekki fram eina einustu spurningu sem þvingað gæti prófessorinn til að sanna mál sitt eða standa fyrir heimsmynd sinni. Því lengra sem á viðtalið dró varð meira áberandi að spurningarnar virtust óskaspurningar prófessorsins. Engin rýnisurning kom heldur varðandi hin svokölluðu vísindi prófessorsins, en ábyrgum blaðamanni hefði verið auðvelt að sýna að þau eru *Dialectic Materialism* (Þráttarefnishyggja) en ekki raunveruleg vísindi.

Síðasta hálfan annan áratuginn hafa vestrænir sósíalistar og marxistar komið stáliðnaði og öðrum þungaiðnaði frá vesturlöndum yfir til fyrirmyndarríkisins í Pekíng, ríkis sem með áhuga veitir vestrænum skoðanabræðrum sínum stuðning í þráttar-málefnum og með fjármagni. Mismunandi leiðir eru varðaðar en margir hafa vafalaust tekið eftir hvernig Pekíng hefur fjármagnað Bandaríska sósíalista í gegnum Úkraínu og þeir á sama tíma fengið fjölmiðla til að espa upp útdregna Rússagrýlu.

Enginn ræðir lengur um súrt regn eða eyðingu regnskóga enda markmiðum þeirra lygaspuna löngu náð, sem var eyðing mismunandi geira vestræns kapítalisma. Áróðurinn gegn reykingum eyddi einum öflugasta *Lobbýisma* vesturlanda og kom öðrum Marxískum að troginu í staðinn.

Hvergi eru birtar hnattværar (Global) hitastigsmælingar hvað þá áreiðanlegar. Til að mælingar séu marktækar þurfa mælarnir að vera byggðir eftir vönduðum stöðlum og ekki dugar að skipta út mælitegundum eftir hentugleikum. Einnig þarf að taka rækilega tillit til mismælinga eftir ferkílómetrum með mismunandi punktastaðsetningu. Taka þarf mið af mismun eftir gróðuráhrifum og í gegnum áratugi svo og eftir þéttni byggðar í námunda við mælana.

Þá þarf að taka tillit til hæðarmælinga frá mismunandi sjónarhornum (og meðalhita í hundrað metra hæð á sömu punktum). Meðalhiti á Akureyri eða í New York segir nákvæmlega ekki neitt um jörðina en heilmikið um mannfjölgun þessara bæja. Fyrir utan að engin hrágögn eru neinsstaðar birt til stuðnings áróðrinum og kröfunni um mæligögn ekki virt svars þá eru til gögn sem benda til þess að hnattræn hlýnun sé hugsanlega illmælanleg en það er jaðrað, flækt og þaggjað.

Síðast en ekki síst þarf að taka sólarveiflur inn í alla útreikninga og þær út af fyrir sig eru stærsta málefnið og hið áhugaverðasta. Raunhyggjufólki er augljóst hvað hitar jörðina og hvernig sveiflur þess hitagjafa skipta máli og það er áhugaverð *hrópandi þögnin* um þau mál.

Loks má geta þess að þeir vísindamenn sem gagnrýna IPCC áróðurinn birta sjálfir mælingar en IPCC notar eingöngu tölvulíkön, rétt eins og Covid-kommúnistar. Tölvulíkan er aðferð til að sannfæra fávita um gildi útdregins hugsunarháttar en það er líklega óvísindalegt að benda á það. Nú í lok júní þegar Þríeykið er að reyna að búa til síðari bylgjuna með mismunandi klámi og klúðri, getur hver sem kærir sig um séð að það er allt saman byggt á ímyndum og tölvulíkönnum auk ómarktækra skimana.

Ég hrekki stundum sósíalístabörn sem í athugasemdaþráðum hrópa upp að maður *trúi ekki á vísindin* þegar loftslagsmálin eru rædd. Ég spyr þá annarra af tveim spurningum: Hvað er *Anthropomorphic Climate Change*? Hvað er *Coupled Non-Linear Chaotic System*? Þeir vita nær aldrei rétt svar og svara frekar með djöflamerkingu á manninn. (Sjá í þessu samhengi grein mína *Afkúpluð ólínuleg þjóðasálfræði* á hreinberg.is)

Allt gerist þetta í mismunandi þrepum og flækjum. Rétt eins og þegar Keynesian hagfræðingar Trotskýismans yfirtóku bankafjármagn heimsins árin 2007 til 2012 með fullkomnum árangri, meðan fjölmiðlar sósíalismsans fylltu hausinn á okkur af einni vitleysu og samsæringar af annarri varðandi yfirtökuna. Enginn benti á hið augljósa; Bankar geta ekkert gert án samþykkis ríkisstofnana.

Ýmsar stofnanir erlendis og þá sérstaklega í Evrópu, hafa undanfarið hafið undirbúning á baráttu gegn Upplýsingaóreiðu. Í vetur var þeirri stýrðu umræðu komið á framfæri af sósíalískum fjölmiðlum hérlendis og kom þá í ljós að talsverð vinna hefur þegar verið unnin

í Íslenska stjórnkerfinu um þau mál.

Enginn þeirra aðila sem komu að *umræðunni*, hvorki í stjórnkerfinu né fjölmiðlum, dró fram eða útskýrði hvaðan þessi orðræða kemur erlendis né á hvaða hugtökum hún byggist. Orðið Upplýsingaóreiða er þýðing á enska hugtakinu *Information Entropy*. Trotský Marxistar í Evrópu og Bandaríkjunum hafa lengi unnið að því að hespa upplýsingaóreiðu undir skjala- og stofnanavald. Enginn bendir á að sé borgarinn ófær um að átta sig sjálfur á gildi góðra upplýsinga, hefur menntun sósíalistaskólans annaðhvort mistekist eða afhjúpast sem dáleiðsla.

Rétt eins og með Jafnlaunavottun, sem er dulið verkfæri til að réttlæta vald sjálfstæðrar ríkisstofnunar til að fara inn í hvaða fyrirtæki sem væri og rannsaka þar hvert einasta trúnaðarskjal og einka upplýsingar. Þetta var og er samræmd aðgerð sama hóps í mörgum löndum.

Sömu laun fyrir sömu vinnu hefur verið lögleidd í heila kynslóð og jafnlaunavottun er orðafækja (Ofuscation) á öðru valdi. Að lögin voru sett á grundvelli staðals sem Löggjafarþingið fékk ekki aðgang að, er svo annar kapítuli ekki síður svartur. Fyrir fáeinum dögum var þýskur þingmaður handjárnaður og borinn út af þingi í einu ríkja Þýska ríkjasambandsins, fyrir að orðræða hans var ekki í samræmi við reglugerð Siðanefndar þingsins, samskonar fyrirbæri og Jóhanna *Lúxembúrg* Sigurðardóttir vill koma á héraendis.

Rósa Lúxembúrg er mörgum gleymd í dag en hún var einn áhrifamesti kommúnisti Þýskalands á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Eitt það erfiðasta sem Marxismi hefur ávallt þurft að glíma við er einmitt Upplýsingaóreiða eða ómiðstýrt flæði á upplýsingum og útskýringum. Það hefur verið stefna vestræns sósíalisma í langan tíma að koma böndum á hver segir hvað og þegar ekki er hægt að jaðarsetja (Marginalize), útiloka (Ostracize) eða flækja (Obfuscate) er reynt að djöflamerkja (Demonize) þá sem benda á lygar og blekkingar sósíalista.

Hér skal lesandinn minntur á að Karl Marx leit á sósíalista sem nothæfa bjána sem nota mætti til að varða leiðina til Kommúnisma, að sósíalisminn væri aðferðin og kommúnisminn lokatakmarkið. Mæli með að fólk kynni sér myndskreiðið „Thomas Sowell: Marx The Man“ til að kynna sér nánar persónu Karl Marx og fá samanburð þess hversu fylgjendur heimspeki hans líkjast úrþvættinu (áður en Túban eyðir því út.

Þessi aðferð að beita skipulagðri upplausn (Engineered Chaos) til að koma böndum á orðræður og tafsa (Attrition) málefni þannig að fólk gefist upp og á endanum þagni eða flæði með hinum stýrða fjölda er vel þekkt aðferð. Enginn sósíalískur blaðamaður eða kennari bendir lesendum sínum og nemendum á þetta, engar spurningar varða leiðina svo fólk átti sig á þessu. Fáir Íslendingar þekkja *Delphi* aðferðina sem mikið er notuð til að fá rétta eða stýrða niðurstöðu í hópstarfi.

Öll sósíalísk ríki s.s. Kína eða Sovét koma skjalavaldsböndum á upplýsingaóreiðu, öll beita þau ritskoðun og hugmyndalegum hryðjuverkum (Ideological terrorism) til að villa almenningi sýn. Loftslags umræðan er fullkomlega útdregin orðræða (Abstract discourse), svo og Covid orðræðan og einu vísindin sem þar koma við sögu eru samfélagsvísindi og tölvulíkon; Allt snýst þetta um yfirtöku á skjalavaldi og menningarlegri sjálfskenningu (Cultural Self Identity) og útstrokun á þeirri öguðu frumspeki sem skjalavald hefur byggst á

allar götur frá Hammúrabí og Móse.

Nýlega komst í fréttir þegar lögreglumenn fóru á annað hnéð í Bandaríkjunum og Bretlandi til að sýna samfélagsverkfrædda samstöðu með Marxískum áhrifahópi – Antifa og BLM. Enginn benti á hversu fáránlegt það væri í það minnsta ekki hérlendis. Á sama tíma gerðist æðsti embættismaður (Permanent Secretary) Breska varnarmálaráðuneytisins sekur um djarfar pólitískar yfirlýsingar til stuðnings Marxískum vélabrögðum, sem hann skömmu síðar reyndi klúðurslega að breiða yfir, en hann er ekki eini embættismaðurinn í fölskum ham.

Ýmsar raddir bentu á það í téðum ríkjum að opinberir embættismenn eiga að þjóna skjalavaldinu undir einkunnarorðunum „without favor or fear, passion or ill will.“ Embættisfólk á með öðrum orðum að þjóna lagavaldi og stjórnskipunarlögum (stjórnarskrá eða konungi) án *tilfinninga, óttahiks eða illvilja.*"

Það ríkir sú hefð innan stjórnsýslu agaðrar lögspeki að opinberir þjónar ríkisins leggi persónulegar og pólitískar skoðanir sínar til hliðar þegar þeir þjóna í embættum og opinberum stöðum. Síðustu árin hefur þessi yfirvegaða ögun riðlast víða á vesturlöndum og er með öllu hrugin hérlendis ef hún var þá nokkru sinni iðkuð.

Hversu oft hafa til að mynda Íslenskir lögregluþjónar orðið uppvísir að því að krefja löggjafann um lög gegn upplýsingaóreiðu og hatursegð (Hate speech) sem þeir í hugmyndalegum trassaskap kalla hatursorðræðu (Hate discourse)? Hversu mörg önnur dæmi þekkjum við síðustu ár þar sem opinberir embættismenn og laganna þjónar krefjast þess að stjórnarlög og löggjafi fari að heimsmyndarlögum óskum þeirra, í fjarstæðukenndum siðferðishroka?

Sósíalískir fjölmiðlar fræða okkur nákvæmlega ekkert um þessa þætti. Fyrir tæpu ári síðan áttaði ég mig á að margir stjórnáráðgjafar á Íslandi fyrir sléttri öld þekktu vel þessi málefni og mörg önnur dýpri mál agaðrar orðræðu og hugmyndasögu vestrænna stjórnáráða, lagahefðar og frumspeki. Við sem lifum núna, öld síðar, vitum enn minna um þessi mál og fræðendur okkar sem e.t.v. vita skil margra hluta skirrast við ábyrga og virðingarverða fræðslu.

Skjalavald byggist á yfirvegaðri hegðun og skrásetningu. Það krefst þess að vera grundvallað á agaðri stjórnvalds frumspeki. Ennfremur að framkvæmendur valdsins vinni að gegnsærri og ábyrgri ríkissmiðju (Statecraft) og að Ríkisráðsmenn (Statesmen) efla sjálfum sér og ríkinu virðingarverða arfleifð (Legacy), án tilfinningasemi, óttahiks eða illvilja. Umfram allt krefst það ábyrgar og vel skilgreindrar frumspeki sem aftur grundvallar hið sama fyrir annaðhvort kjölfesta Stjórnarskrá eða virðingarverðan konung.

Hugtökin Skjalavald, Ríkisráðsmaður, Ástandsríki og Ríkissmiðja eru ný af nálinni hérlendis, og þú veist hver braut þann ís. Ef hugtakið er ekki til í menningar orðræðu okkar, hver er þá hin ábyrga nálgun til að vinna eftir? Er Lýðveldið arftaki klúðurslegs kláms og þá Lýgveldi eða er Íslenska þjóðríkið eitthvað sem bera má virðingu fyrir?

Þegar Guðni forseti Lýðveldisins frá 1944 sagði í sjónvarpssal 26. júní síðastliðinn að „við höfum aðeins einu sinni haft utanþingsstjórn, frá '42 til '44“ benti honum enginn á trassaskapinn: Lýðveldið frá '44 er ekki Konungsríkið frá 1919. Enginn kjósenda hans vita hvað hugmynda-trassaskapur er né mikilvægi



ábyrgar lagahefðar eða um frumspekilegan grundvöll hennar: Þeir kjósa óskilgreinda trúarhugtakið „sameiningartákn Þjóðarinnar.“ Þegar sami *búri* lýsir því yfir að skilgreina þurfi betur hlutverk forsetans, lýsir hann því yfir að hann hafi annaðhvort ekki lesið Stjórnarskrána 1944 eða hafi ekki skilið eitt einasta orð í henni. Þegar Alþingi Lýðveldisins setur lög um forsetaembættið, er sama yfirlýsing gefin, því slík lög eru stjórnarskrárbrot og algjört virðingarleysi við frumspeki hennar.

Allir vita að skipulögð þekking sprettur upp úr upplýsinga óreiðu þar sem umræður eru frjálsar, óþvingaðar og að þær eru vitsmunaleg barátta gegn dulstýringum valdaverkfræðinnar. Ef koma þarf böndum á þetta og ef frumspeki Þjóðfélagsumræðunnar er orðið ódýrt klám, þá er eitthvað stórt að.

Ég minni á að ríki er holdgert Ástand (Materialized state of mind) þeirra sem búa við það. Ef við þekkjum ekki okkar eigið ástand og getum ekki horfst í augu við það þá gerir elítan eða skuggavaldið og dularelítan það sem þeim sýnist. Ef við hins vegar rýnum í okkar eigið persónuástand og leitumst eftir að þekkja þau hugtök sem móta heimsmynd okkar sjálfra eða þær hvatir, innblástur og heimanám sem útskýra heimssýn okkar þá þvingast elítan til heilinda og ábyrgðar í réttu hlutfalli við ígrundaðan vitnisburð okkar og afstöðu.

Marxistar sem nú stýra ríkinu – og þá á ég ekki við Marxíska og Sósíalíska ráðherra Katrínar og Bjarna – vilja nú skima alla sem koma til landsins í gegnum Leifsstöð. Allir innan elítu og almúga virðast því sammála að þetta skuli gerast og umræðan snýst eingöngu um hvernig eigi að framkvæma það, hver eigi að borga kostnaðinn og hver upphæðin skuli vera. Gildisflækjan ætti að vera augljós hvað þetta varðar.

Tvö atriði hefði mátt ræða að mínu mati: Annars vegar spurningin hvort vísindin um skimun á Covid eða öðrum sjúkdómum sem bæta má við sé útrædd, en ég staðhæfi að þau séu órædd. Hins vegar hver sé sálfræðin sem útskýri frekju, yfirgang og stjórnsemi eða hvað valdi því þegar þessar hvatir flæða út fyrir öll velsæmismörk í fjölda reglugerða, tilskipana, rukkana og óreiðustjórn?

Umfram allt; Er ríkið aðferð til yfirtöku alls eða er það málamiðlun á milli hins óhindraða frelsis og hinnar óskammfeilnu frekju? Getur verið að hugtakið tíund hafi viljandi verið fjarlægð úr ástands-orðræðu samfélaganna? Getur verið að það sé verkfræði sem valdi því að fólk hefur misst tökin á orðræðum sem veiti ríkinu aðhald? Árið 998 héldu Íslendingar tvenn Alþingi, eitt á Þingvöllum og hitt við Úlfliótsvatn, í dag vita hvorki þeir af þessu né kunna að framkvæma þá snilldar aðgerð sem þarna var beitt til að þvinga Þjóðveldið til að skilgreina trúfrelsi tveim árum síðar. Þeir sem skilja ekki framangreind mál telja Þjóðveldis orðræðuna afturhvarf til fornalda, og hún er það ef við snúum setningunni upp í *framför* til fornalda en Endurreist Þjóðveldi reyndi ítrekað að koma þessari snjöllu aðferð á framfæri við engar undirtektir.

Enginn hefur í dag skilning á spurningunni: Hvernig úthlutar þú ríkinu réttindi og skyldur? Hver er takmörkunin sem hugtakið *réttur* krefst?

Ábyrgar erlendar hugveitur (Think tanks) hafa bent á að það séu um það bil 3% fólks á heimsvísu sem efast um Loftslagsáróðurinn og Covid verkfræðina og spyrja þær hvers vegna það þurfi að setja á fót stjórnssýsluleg viðbrögð við upplýsingaóreiðu svo lítils hóps

sem aukinheldur fær engan hljómgrunn í stjórnámálum eða hjá meginmiðlum, auk þess sem fáir virðast taka mark á þessu jaðarfólki á samfélagsmiðlum.

Spurningin er áhugaverðust í ljósi Rúmenanna sex (eða færri) sem komu til landsins nýverið og rændu og rupluðu á Suðurlandi um leið og umræðun um skimun í Leifsstöð fór fram. Einn þeirra sem voru nafngreindir hafði áður komist í kast við Bresku lögregluna í desember 2019 í tengslum við ólöglega fólksflutninga. Íslensk landamæralögregla hlýtur að búa að betri upplýsingum en Guðjón Hreinberg (eða manneskjan sem benti mér á þetta). Öll framsagan um Rúmenana var áhugaverð, s.s. grímulausar myndirnar af þeim, ótrúlega gagnrýnislaus framsetningin á fréttunum af þeim (og hversu ólíkleg hingaðkoma þeirra var) eða hlýðni lögreglunnar við tilskipanir Sóttvarnalæknis um varðhald. Engin umræða neins staðar um hvað lög og réttur hefur að segja um þetta síðastnefnda hvað þá um áberandi svartholin í fréttaspununum.

Um svipað leyti og þetta var að gerast fóru skrýtin fjöldamótmæli í gang í Bretlandi og Bandaríkjunum, eins og stutt hefði verið á rofa. Engin önnur lönd komu í fréttirnar um slíkt efni og það eitt og sér hefði átt að vekja einhverjar spurningar.

Einn Íslenskur fjölmiðill – sem er Marxískur – ræddi fjálglega um hversu frábær þessi mótmæli væru en að þau snérust gegn kynþáttaofbeldi (Racism), heimsvaldastefnu (Imperialism) og auðvaldshyggju (Kapitalism). Birt var myndskreið af Bandarískum svertingja sem lét lífið við handtöku og stuttu síðar myndaröð af hvítum manni sem var laminn á mótmælum í Bretlandi. Bæði þessi atvik hafa verið rækilega útskýrð sem sviðsett, en þær útskýringar finnurðu hvergi á stýrðu samfélagsnetinu þegar þessi orð eru rituð, enda ritskoðun samfélagsmiðla búin að missa sig.

Enginn meginstraums miðill hérlandis eða erlendis greindi frá hversu vel skipulögð þessi mótmæli eru, samhæfingu leiðtoga þeirra eða augljósum aðgangi að fjármögnun. Enginn fjallaði um gengi hjólréiðamanna sem stýrðu göngunum eða bílförnum af múrsteinum sem komið var fyrir næturnar fyrir óeirðir (eða það um CCTV gögn) né hversu vel undirbúnir stytta-rífarar voru.

Fyrirgreindur Íslenskur miðill minntist stuttlega á nokkur mótmæli sem höfðu verið algeng í Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Bretlandi um það bil sex vikum fyrr, en tónninn var sá að þau hefðu verið kjánaleg og ómarktæk því þau gagnrýndu þjóðfélagslokani (Lock down) og vírusaviðbrögð á vesturlöndum og sérstaklega að þau viðbrögð standast ekki ábyrga löggjöf og réttarhyggju. Ekki var minnst á að þessi íhalds-sinnuðu mótmæli fóru friðsamlega fram og að fólk sem tók þátt í þeim er margt með skotvopnaleyfi og að þeir sem reyndu að fjalla um þau á jaðarnetinu var fólk sem rýnir í vísindi, lög og menningarheill.

Um leið og umfjallanir um Marxístamótmælin gegn kynþáttafordómum, heimsvaldastefnu og auðvaldshyggju birtust á Íslandi, voru birt ummæli tuga Íslenskra Marxista sem starfa í fjölmiðlun eða hjá stofnunum og í félagshyggju, öll voru þau á sömu Marxistabókina lærd, öll studdu þau ofbeldismótmælin, öll gagnrýndu þau yfirveguðu mótmælin og engin þeirra voru gagnrýnd eða látin standa fyrir yfirlýsingum sínum og þvættingi. Ég fullyrði að Marxistavæðing fjölmiðla sé alger.

Kynþáttafordómar og kynjamismunur hefur verið ólögleg í öllum vestrænum löndum í

áratugi, jafnræðisaðgangur að menntun og tækifærum hefur verið lögleiddur í enn lengri tíma. Heimsveldin hurfu eða hrundu fyrir tveim kynslóðum og eru ekki til lengur. Auðvaldshyggja er ekki til enda þrífst hún ekki undir ránsköttun sósíalískra ríkja. Hvar eru umræður Marxista um auðvaldshyggju síns eigin fólks á borð við Soros, Buffet, Gates? Hvar er rannsóknin á aflandssjóðum Íslenskra sósíalista eða þáttöku þeirra í erlendum samstillingar-ráðstefnum? Hver greinir samstíga alþjóðlegri orðanotkun í miðstýrðri þráttarhyggju?

Á sama tíma og þetta er að gerast eru Marxískir stjórnámálamenn að koma því í gegn í Bretlandi og Bandaríkjunum að löggæslan verði fjársvelt og helst rifin niður, en þetta eru helstu ríkin sem geta stöðvað heimsyfirtöku Kínversks kommúnisma. Þeir lögreglumenn sem verða eftir, fara á hnén fyrir áróðursmeistara og taka þátt í að lemja þig til þagnar, eða setja þingmenn í járn fyrir að ögra siðanefndum réttshugsunar. Um þessar mundir eru sum ríki Bandaríkjanna að koma á póst-kostningum til forseta- og þingkjörs og fólk sem bendir á hversu auðvelt sé að nota slíkt til svindlkosninga eru djöflamerktir, flækjujaðraðir og jaðarsettir (Obfuscated, Demonized and Marginalized).

Áður hefur komið fram að trúarbrögðin reyndust með öllu ófær um að bregðast við Covid áróðursherferðinni nú í vetur og auðvelt er að sýna að trúarbrögðin hafa fyrir löngu misst getuna til að svara húmanistum. Hér þarf að rifja upp að Vísindi og vísindi er ekki hið sama.

Húmanistavísindi eru nær ætíð huglægt mat réttlætt með heimsmyndarlegum útdrætti hins hlutlæga. Stundum er rætt um hugtakið raunvísindi á Íslensku en það er orðhengilsháttur fyrir útreiknanlega verkfræði (Engineering) en hugtakið er nær aldrei notað á ensku.

Samkvæmt Gregoríanska tímatalinu (Chronology) er núna ártalið 2020 en samkvæmt því Hebreska er núna ártalið 5780. Ég hef oft bent á að Húmanisminn sem notast við Gregoríanska tímatalið er að byggja tímatal sitt á óvísindalegri túlkun en ekki á vísindalegri menningarabyrgð. Ég minni hér á að *menning er saga hugsunar*.

Húmanisminn hefur reynt síðustu ár að fela trúarlegan uppruna Gregoríanska tímatalisins með klámfengnum tilraunum. Áður var ritað (á ensku) *Before Christ* og þá sem BC eða *Anno Domini* og þá sem AD eftir því hvort talið var upp eða niður frá núll punkti. Núllið er ekki talið. Þessu var breytt í *Before Common Era* sem BC eða *Common Era* sem CE. Nú hefur Gregoríanska tímatalið sjálft skipt um heiti og heitir nú (á ensku) *Coordinated Universal Time* eða UTC. Vafalaust sjá ekki óstöðugir hversu fáránlegt og huglægt klúður þetta er.

Hlutlæg vísindi myndu benda á að elsta áreiðanlega tímatal sem mannkynið á og hefur notað er hið Hebreska (Hebrew Chronology, HC). Þetta tímatal var viðhaldið af Hebreum fyrir herleiðinguna til Babýlonar og síðan af Gyðingum eftir að þeim sértrúarsöfnuði var hleypt til Palestínu af skjalavaldi ríkisráðsmannsins Cyrusar mikla.

Herleiðing Hebrea til Babýlon var samkvæmt UTC árið 423 BC en gerðist árið 3338 HC. Ferð Gyðinga frá Babýlon til Palestínu var samkvæmt UTC 371 BC eða 3390 HC og bygging annars Salómons musterisins hófst ári síðar.

Heimspekingurinn Platón er talinn hafa lifað árin frá 428/427 eða 424/423 BC til 348/347 BC. Með einföldun má segja að hann lifði frá 423 til 347 BC, en það krefst umhugsunar að

sjá hversu gamall hann varð. Samkvæmt Hebresku tímatali lifði hann frá 3338 til 3412 og útreikningur – eða staðsetning á dagatalinu (Calendar) – mun auðveldari.

Misjafnt er eftir Rabbínaskólum (Rabbinic Yeshiva) hvar fyrsta ár þessa tímatalis hefst. Sumir telja það hefjast með sköpun Adams, aðrir þegar Eva kemur til sögunnar og enn aðrir með útleiðardómnum úr Paradís. Sjálfur aðhyllist ég þetta siðastnefnda en það er mitt huglæga mat.

Hebreska tímatalið er ástundað af árvekni, skráð og því viðhaldið af vandvirkum öguðum fræðimönnum síðustu 5780 ár og er elsta og vandaðasta tímatal sem við mannfólk eigum. Óparfi er að minna á þegar Gregoríus páfi felldi burt ellefu daga haustið 1582 CE (þegar hann lét uppreikna Júlíanska tímatalið sem hafði verið notað síðan 46 BC og nafnbreyta því.

Það er mín hlutbundna skoðun að það væri vísindalega rétt að taka upp Hebreska tímatalið, að breyta því úr tungli miðuðu í sólar miðuðu (samkvæmt Gregoríönskum útreikningum) og uppfæra öll síðari tímátöl til samræmis ásamt því að uppfæra tölvukerfi til að taka mið af. Húmanisminn er hins vegar hvorki vísindalegur né hlutlægur, hann er hins vegar snillíngur í flækjustigum og orðhengilshætti.

Það að trúarbrögðin reyndust ófær um að svara húmanistavísindunum árið 5780 HC, bæði út frá þjóðfélagsvélun og vísindavélun, það að trú fólks á ríkisvélun varð trú þeirra á goð sín yfirsterkari, eru risastór tímamót í sögu mannlegrar hugsunar og þannig mannkynsins alls. Að þetta gerist nákvæmlega 3332 árum frá stofnsetningu sáttmálans um Guðdómlega Ríkið árið 2448 HC er tæplega tilviljun.

Að kommúnistar framkvæmdu Covid glæp gegn mannkyni, í samræmi við elleftu kenningu Karl Marx, á þessum tímamótum er heldur engin tilviljun þeim sem þekkja elleftu tilmæli – eða ellefta boðorð – fyrrgreinds sáttmála. Ellefuellefu dulspekin hefur allt að gera með flækjufelun (Obfuscation) á ellefta boðorði sáttmálans um Guðdómlega ríkið og sjö ljósenglar Samaels vita þetta vel.

Fólk um gjörvalla veröld er læst inni á heimilum sínum nú tveim árum eftir að boðun Guðdómlega Sáttmálans var endurlífguð í maí 2018 CE (5778 HC). Ferðaiðnaður og frelsi fólks eru nú horfin og allar sjö heimssýnirnar sem lýst er í Opinberunarbók Jóhannesar hafa fallið. Þeim hefur nú verið lýst kerfisbundið síðan í apríl 2014 CE og Innsiglin sjö vandlega útskýrð frá sama tímapunkti.

Hvort sem við samþykkjum fyrrgreinda trúarskýringu eða höfnum þeirri frumspeki sem hún byggist á, þá er ekki hægt að afneita eftirfarandi: Ríkin sem hefðu átt að vernda okkur fyrir hinni fólkskulegu Covid árás Marxismans, tóku þátt í árásinni og létu hafa sig að fífla.

Óstöðugar sálir um gjörvalla veröld, sem ýmist trúðu andlegum leiðtogum sínum eða veraldlegum kennurum hafa nú upplifað hið óhugsandi: Ríkið sem virðingarverð, traust og óvillhóll stofnun er rúið öllu trausti og uppsker það virðingarleysi sem það á skilið.

Hvernig þjóðarástand um alla veröld mun birtast næstu árin er óvíst. Hvernig regluþvingun og þjóðavélun mun birtast er ljóst að því leyti að hún er sannanlega gjörsneydd mannlegri reisu og óhæf til að sýna neina virðingu þegar hún veður yfir huga og sálarástand fólks eins og öflugt flóð hinnar vélrænu og hugdeigu frekju og ránhyggju.

Trúarbrögðin, Húmanisminn, Vísindi, öll hugmyndafræði og heimspeki, ásamt frumspeki, lagahefð, ábyrgri dómshefði, eða agaðri samræðu, þetta er allt hrunið innan frá; Eftir standa fagar byggingar, notaðar sem fangelsi hugardeyfðs fjöldans, með vírusatakmörkun á ferðafrelsi, en allir hafa stóra sjónvarpsskjái og dýra snjallsíma, vönduð gólfefni, og leyfi til hrokafullra en stjarfhuga yfirlýsinga.

## Stækkar jörðin eða fljóta flekarnir?

### Húmanisminn lýgur, því Jörðin stækkar

(Þessi kafli var áður birtur á „<https://gudjonelias.blog.is/blog/ordatal/entry/2251272/>“)

Fyrirsögnin er kannski djörf enda við öll alin upp við að stærð jarðarinnar sé föst og óbreytanleg. Stjarneðlisfræðin hefur ítrekað sagt okkur í hart nær tvær kynslóðir að vísindin um uppruna, vöxt og tilveru plánetna og himinhnatta sé endanlega á hreinu.

Við erum alin upp í ríkisskólum og við það hef ég ekkert að athuga. Þeir eru afurð af baráttu fólks fyrir löngu síðan, til að tryggja að elítan sitji ekki ein að menntun. Hins vegar voru þessir skólar yfirteknir á heimsvísu af rétt hugsun og þjóðfélagsverkfræði kommúnismans\* árin 1950 til 1970.

Afleiðingin er að fólk er allt alið upp við sömubókarfræði samhljóms og dáleiðslu og án þess að átta okkur á því erum við öll fórnarlömb dulbúinna vélabragða.

Stjarneðlisfræðin er 99% byggð á ágiskunum og stærðfræði formúlum og ljósbrots athugunum. Hún er vísinda-dulspeki sem þykist vera vísindi, utan 1% sem eru raunvísindi. Kerfisbundið hefur Húmanisminn talið okkur trú um að veröldin (alheimurinn og jörðin) séu í fastmótuðu og kerfisbundnu formi sem einungis Akademískir Húmanista-vísindamenn geti ráðið í og *túlkað*.

Trúað fólk hefur kerfisbundið verið jaðarsett og djöflamerkt af þessum húmanistum og trúað vísindafólk úthrópað og svo hefur brugðið við að jafnvel trúarbrögðin sjálf leita til húmanismans um svör, frekar en í eigin smiðju hugmynda og vísinda.

Þó er verulega auðvelt að skjóta húmanismanum skelk í bringu ef maður les vísindi og viðheldur skapandi hugsun. Byrjum samt á staðsetningu.

Húmanisminn er steinrunnin hugsun sem byggir á stuldi og tilfinningasemi: Sú heimssýn tilbiður mannlega rökhugsun (sem stýrist af vindum samhljóms, tísku og tilfinninga) en hafnar raunhyggju. Húmanismi leitast við að setja alla hluti - jafnvel sálfræði - í vel merktar og ragaðar krukkur með merkimiðum og passar síðan að jarðskjálftar skapandi hugsunar hryndi ekki krukkunum af hillum sínum.

Eingyðistrúin telur að veröldin sé sköpuð og að vætturinn sem skapaði veröldina sé sjálfur óskilgreinanlegur, hvorki með mynd (skurðgoð) né með hugtaki (hugarmynd). Eingyðistrúaður er sannfærður um að sköpun hefjist að nýju að loknum hvíldardegi Skaparans og að þar sem við (mannfólk) séum sköpuð í mynd guðs og þar sem það er óskilgreinanlegt fyrirbæri, þá sé ekki hægt að

setja sálfræði okkar í krukku en við séum sjálf skapandi.

Í ljósi þessarar staðsetningar, sjáum við stóran mun á gildi jarðskjálfta og eldgosa en áður. Í Húmanismanum er stærð jarðarinnar í krukku með merkimiða. Í sama skóla hefur verið upptekin svokölluð flekakenning og flekareks kenning sem viðurkennd vísindi og sannleikur.

Rétt eins og með stjarneldisfræðina, er um vísinda-dulspeki að ræða. Mælingar á flekajöðrum gefa til kynna að skipta megi jarðskorpunni upp í einingar eða fleka. Eldgos og jarðskjálftar eru dagleg atvik á jöllum jöðrum flekanna. Þess utan er talið að fyrir hvert þekkt eldgos á þurrlendi séu ellefu önnur á hafsbotnum.

Þess má geta að 99% af CO<sub>2</sub> kemur frá eldgosum, en við skulum rugga bátum hóflega.

Staðreyndin er sú að flekareks kenningin er algjörlega ósönnuð og það hafa engar raunsæjar ábendingar né gögn komið fram sem bendi til neins reks. Kenningin um rek er í rauninni tilgáta og það hvernig Húmanista-vísindin hafa tekið hana upp og gert að staðalútskýringu er hreinræktuð dulspeki og dáleiðsla.

Jörðin var sköpuð til að vera heimili manna og því getur hún stækkað og rýmkað. Sú stærð sem Konunglega vísindafélagið í London reiknaði út á sínum tíma og vitnaði þá einnig í athuganir Ptolemei frá Egyptalandi, er ekki endanleg stærð.

Á tímum eldflauga og gervihnatta hefur hvergi verið notað tækifærið til að setja upp áreiðanlegar mælingar á því hvort jörðin stækki, minnki eða sé í stærðarstöðnun. Ef lesið er um stærð jarðarinnar eru alfræði- og vísindabækur hver í kappi við aðra að vísa í margra alda gamla Egypska útreikninga og eins til tveggja alda gamla Breska útreikninga (sem virka fyrir siglingafræði) en engar nákvæmar mælingar eru til.

Allt saman úreltar tölur, enda ekki sama stærð þá og nú.

Jörðin stækkar, hún þenst út á plötuskeytunum, og við Íslendingar vitum að línar frá Reykjanesi gegnum Þingvelli til Langaness breikkar um tvo til þrjá sentimetra á ári. Einfaldur útreikningur, lengd sinnum breidd, segir okkur hversu mikið Ísland vex árlega. Lengd allra plötusamskeyta heimsins, árlega, segir okkur hið sama.

Rétt eins og með súrnun sjávar: Hún er ekki til, er ekki mælanleg, og einfalt efnafræðiþróf hefur fyrir löngu (og síendurtekið) sannað að er útilokuð. Við búum í lygaraveröld vísinda-dulspeki og stöðnuðum Húmanisma og nú eru menningin köfnuð úr ímyndaðri öndunarfæra farsótt, enda er öll heimsmenningin í dag hugmyndafræðilega dauð.

Sálfræði dáleiðslunnar hefur gert þér hugarfarslega ókleift að hugleiða þessa þætti, þú hafnar þeim fyrirfram, ef þú getur yfirhöfuð hugleitt þá. Er reiðin gegn staðhæfingum mínum (sem allar eiga sér stoð í vísindum) komin upp, til að auðvelda húmanistabarninu að hafna fyrirsögninni?

Ég minni á að nær ætíð þegar þér er bent á Vísindi er um að ræða verkfræði og þegar þú sérð verkfræðina virka, trúirðu að það séu vísindi sem virkuðu og að sá sem útskýrir þau viti hvað hann er að útskýra. Hugur þinn er breiddur út á fjöl og málaður eins og strigi.

# Þyngdar lögmálið

Yfirleitt er rætt um þá hegðun þegar hlutir falla til jarðar – eða í átt að jarðarmiðju – sem þyngdarlögmál (Law of Gravity). Hlutir sem hafa ákveðinn þéttleika eða massa, falla á útreiknanlegum hraða. Þessi útskýring er eignuð Sir Isaac Newton en hann byggði á athugunum Galileo Galilei sem hafði með þrotlausum mælingum fundið út að hröðun allra hluta er sú sama í frjálsum falli.

Þó fjöður og stálkúla falli á misjöfnum hraða þá er hröðun þeirra sú sama sé miðað við vigtaða þyngd þeirra. Segja má að þyngdarlögmálið sem útskýring (Explanation) sé afleiðing af frábærri vinnu beggja þessara vísindamanna. Galilei fæddist á Ítalíu 1564 og Newton fæddist á Englandi 1643.

Báðir gáfu þeir út rit byggð á athugunum (Observations) og byggðu á þeim kenningar (Theories). Rit þeirra voru jafningarýnd og aðrir vísindamenn athuguðu hvort mælingar þeirra stæðust rýni. Newton er hins vegar að mestu eignuð kenningin um þyngdarlögmálið, það er útskýringuna á hvers vegna hlutir með sömu þéttni falla í sömu átt á sama hraða í frjálsum falli og hvers vegna himinhnettir haldist stöðugir á brautum sínum.

Vísindamaðurinn Rupert Sheldrake hefur komið fram með gagnrýni á orðanotkunina *lögmál* um eðlishegðun sem virðist vera svo regluföst að hún sé óbreytanleg og því hluti grunneðli í alheimi og náttúru, að eðlilegra væri að nota orðið ávani (Habit).

Fljótt á litið gæti það verið orðhengilsháttur og eins konar fíring (Alienation) að efast um eitthvað sem öllum virðist augljóst og endanlegt. Kannski er það svo en einn flötur vísinda er sá að efast um það sem virðist vera augljóst og endanlegt og síðan að leitast við að sannreyna hvort efinn standist rýni.

Galileo framkvæmdi mælingar á frjálsum falli hluta og bar saman mismun eftir þyngd, áferð og rúmmáli þess sem féll. Hann birti mælingar sínar og útreikninga en ég veit ekki hvort hann útskýrði niðurstöðuna. Ekki veit ég hvort Newton framkvæmdi mælingar og athuganir en vitað er að hann reiknaði út nær allt sem honum datt í hug að hugleiða og var ótvírætt einn fremsti stærfræðingur sögunnar, hann útskýrði þéttleikahröðunina sem eðlislögmál tengt massa, að massi jarðarinnar og massi fallandi hluta drægjust saman í ákveðnum hlutföllum.

Hér liggur hundurinn grafinn: lýsing (Description) og útskýring (Explanation) er ekki hið sama. Algengt er að fólk taki ekki eftir þegar lýsing á tilgátu verður að útskýrðri kenningu eða þegar kenningin er ómeðvitað (eða meðvitað) tekin sem augljós og endanleg. Massa tilgáta Newtons um þyngdarlögmálið er ósönnuð en þar sem engin önnur tilgáta eða mæling hefur sýnt fram á að hún standist ekki, hefur hún verið hækkuð úr tilgátu (Hypothesis) upp í kenningu.

Flestir Húmanistar halda því fram – og sérstaklega Guðleysingar – að vísindin geti útskýrt allt en það er rangt. Vísindi geta lýst flestu en ekki útskýrt neitt. Húmanistavísindin eins og önnur trúarbrögð (eða heimssýnir) geta útskýrt það sem þeim sýnist.

Þó einhver taki háskólapróf í eðlisfræði (Physics) eða Kenninga-eðlisfræði (Theoretical Physics) og kunni á stærðfræðina sem notuð er í fræðigreininni og þekki sögu tilgátanna og kenninganna og hafi jafnvel framkvæmt ýmsar athuganir og prófanir, er ekki þar með ljóst hvort viðkomandi sjái muninn á því hvort hann veit eitthvað áþreifanlegt eða trúir einhverju útskýrðu.

Kenninga-eðlisfræði er hugmyndakerfi sem snjall húmoristi gæti kallað  
Guðfræði Húmanismans

Jafningjarýni er því ekki alltaf endanlegur mælikvarði á gildi niðurstöðunnar en þó er ekki þar með sagt að við höfum aðra betri nálgun. Ef hópur jafningja trúir sömu útskýringu er ekki víst að þeir viðurkenni ef mæli-lýsingin segir annað.

Eitt grundvallar atriði kenningar er að hún krefst þess að hegðunin sem hún lýsir sé sannreynanleg óháð fjölda tilrauna, athugana og aðstæðna. Talið er að hlutur sem falli til jarðar úr tíu metra hæð, falli til mánans úr tíu metra hæð á einum sjötta hraðans, vegna þess að massi mánans er einn sjötti af massa jarðar. Enginn hefur birt sönnun þess að þetta standist.

Bæði Afstæðiskenning (Theory of Relativity) Alberts Einstein og Sértæka afstæðiskenning (Special theory of relativity), byggja báðar á þyngdarlögmáls kenningu Newtons. Þær byggja á stærfræði útreikningum á hegðun ljóss í rými og um áhrif ljóss á tíma, svo og áhrif massa á ljós. Báðar eru þær hreinræktuð Kenninga-eðlisfræði.

Þess má geta að Newton var einn fyrsti vísindamaður sögunnar að rannsaka og rita um hegðun ljóss. Allflest áhugafólk um vísindi hefur séð langar útskýringar á því að vísindin hafi fundið út að ljós sé bæði bylgja og eind (Wave and Particle) í einu. Ég fullyrði að vísindin hafi ekki hugmynd um hvað ljós sé. Að birta geti hegðað sér (verið lýst) sem bylgju og eind virðist óumdeilanlegt en útskýringin er útdregið rugl. Meðan myrkur er ekki meðhöndlað (Treated) sem annar hluti ljóss og birta hinn hlutinn, vitum við ekkert um ljós.

Afstæðiskenningarnar eru báðar óprófanlegar og svo er einnig um þyngdarlögmálið. Það að hlutir falla til jarðar, er lýsing, hvers vegna þeir gera það er útskýring.

Það er grundvallar krafa í vísindum að til þess að tilgáta verði að kenningu þurfi hún að hafa verið reynd og rýnd svo vandlega að ekki sé hægt að útiloka hana Til þess að kenningin verði að lögmáli þarf að vera hægt að fullprófa hana svo að hún sé hafin yfir allan vafa og til þess að prófa hana þarf að upphugsa prófunar líkan eða finna (mismunandi) prófunar aðstæður.

Til að koma fram með prófunar líkan þurfa jafningjarýnendur að vera opnir fyrir tvennu, sem er hvort öðru háð (Mutually inclusive); Fyrst að vera opnir fyrir að hugmyndin *gæti hugsanlega* verið raunhæf og síðan verðug athugana. Þetta atriði er hverfandi í vísindum Húmanismans, í það minnsta síðustu hálfu aðra öldina og er þá alveg sama í hvaða geira akademíunnar er dregið niður fæti.



Hvergi hefur birtst nein lýsing á því hvernig massa kenning Newtons mætti vera prófuð eða afprófuð, utan hina klénu Cavendish tilraun sem hefur ítrekið mistekist að sanna tilgátuna en var þó mikilvæg til að reikna þyngdarafllstuðulinn (Gravitational force)  $G$ , en sá stuðull er ekki sönnun á þyngdarlögmáli Newtons.

Reyndar er tilraun í gangi í Bandaríkjum Norður Ameríku þar sem reynt er að athuga hvort ímynduð þyngdarafllsbylgja (Gravitational wave) frá stjörnu í margra ljósára fjarlægð geti haft áhrif á tvo leysi geisla (Lazer beam) sem eru sendir í tvær áttir um margra kílómetra leið. Sumir telja að þessi tilraun hafi sýnt jákvæðar niðurstöður en lýsingin á prófuninni er svo fjarstæðukennd og full af svartholum að ekki verður fjallað nánar um hana og fullyrðingar rannsóknahópsins um að þeir hafi sannreynt kenninguna er grátbrosleg.

Það hlýtur að gefa auga leið hvers konar aðstæður þarf að setja upp til að athuga hvort massa kenningin stæðist. Sé eins kíló þungi kúlu sleppt í tuttugu kílómetra hæð og hún fari í frjálsum falli framhjá átta kílómetra háum mössuðum fjallgarði, myndi þá fjallgarðurinn hafa áhrif á stefnu kúlunnar? Massi fjallgarðsins hlýtur að hafa áhrif, standist kenningin.

Ef við getum flogið til tunglsins, þá getum við líka framkvæmt tilraun sem athugar þetta. Hvergi nokkurs staðar hef ég séð kröfu um það innan Húmanistavísinda að athuganir til að reyna á kenninguna séu framkvæmdar né stungið upp á fleiri líkönum til þess. Slík akademía sem leyfir sér að tala um þyngdarlögmál er ekki jafningjarýnd heldur maffú- eða klíkurýnd. Hún getur ekki krafist þess að vera tekin alvarlega af fólki sem rýnir í vísindi.

Í áratugi hefur skólanemendum og almennum borgurum verið sýndar myndir af sólkerfinu og þeim verið sagt af kennurum sínum og menningar útskýrendum hvernig sólkerfið sé samansett og hvernig þyngdarlögmálið stýri hegðun þess. Einstöku vísindamaður og kennari notar hugtakið þyngdarafll (Gravitational force) og við það hugtak hef ég ekkert að athuga, því eitthvað afl veldur því að við stöndum á jörðinni og hlutir falla, við höfum hins vegar enga kenningu né lögmál sem *útskýrir* það, þó við höfum lýsingu á því. Þyngdarlögmál Newtons er því þyngdartilgáta og ekki hæf til að kallast þyngdarafllskenning, ennþá.

Ensku orðin Gravititas og Gravitation má einnig þýða sem aðdráttarafl en yfirleitt er átt við þyngd eða vægi einhvers sem dregst eða hreyfist að kjölfestu.

Fáir taka eftir að lang flestir kennarar – frá grunnskóla til háskólastigs – eru ráðnir í stöður vegna þeirrar heimsmyndar og stundum stjórnmála sem þeir aðhyllast. Fyrir vikið tekur fólk ekki eftir þegar kennarinn þeirra og menningarrýnir í fjölmiðlun útskýrir heimsmyndina og sneiðir (vitandi eða óvitandi) framhjá svartholum í heimsmyndinni.

Þegar vísindamælingar stjarneldisfræðinnar tóku að hrannast upp eftir 1930 – sérstaklega eftir 1959 – fóru að slæðast inn óvæntar niðurstöður sem ekki voru fyrir séðar. Hefði fólk skoðað betur misræmi sem Kóperníkus (f. 1473) benti á og síðar Tycho Brahe (f. 1546) og enn síðar Kepler (f 1571), lærisveinn Brahe, hefði það ekki komið sósíalískum vísindamönnum á óvart að mörgum spurningum er enn ósvarað varðandi fjarlægðarhegðun eða fjarlægðaráhrif (Action at a distance) sem Newton hafði einmitt mikinn áhuga á.

Reyndar var Newton alla tíð sannfærður að tómarúm geymsins tilheyrði skaparanum, enda var hann trúmaður mikill þó engum sé sagt frá því í skóla. Fjarlægðaráhrif þessi áttu hug hans allan árum saman og þaðan spratt þyngdarafstílgáta hans.

Einnig má benda á að Skammtakenningin (Quantum Theory) leitast einmitt við að útskyra fjarlægðaráhrif og gerir það mjög skemmtilega, sumir segja hana sannaða en það er auðvelt að benda á augljós svarthol í henni. Rétt er að taka hér fram að ég er hrifinn af öllum þessum kenningum, markmiðið er að benda á svartholin og dulspekina.

Enginn hefur bent á hvað komi hreyfingu himintungla af stað eða viðheldur hraða þeirra og stöðugleika. Útskýring Newtons er ágæt svo *langt sem hún nær* en fáir staldra við hugtakið Nær, né heldur þora að fara út fyrir rammann og skoða hvers vegna sú útskýring er ágæt svo langt sem hún nær; Ástæðan er einföld, það hefur enginn komið fram með betri útkýringu og í raun engum dottið nein í hug en ef einhver þorir að reyna er hann samstundist djöflamerktur eða jaðraður.

Nú skulum við skoða á eitt stærsta svarthol allra tíma. Glöggir lesendur munu sjálfir komast á sporið og finna fleiri. Tycho Brahe var fæddur 1546 og var líklega nákvæmasti skrásetjari stjörnuhiminsins (og hnatta sólkerfisins) allt fram á okkar daga. Síðustu ár hans, meðan Kepler vann með honum, neitaði hann að deila skráningartöflum sínum með neinum og gætti þeirra sem gulls, og skiljanlega. Enginn hafði aðgang að jafn nákvæmum athugunum og hann vissi hversu verðmætar þær voru og hversu margar nætur höfðu farið í þær.

Tycho Brahe var alla ævi trúaður á Jarðmiðju (Geocentric) kenninguna og þegar nemendum er sagt frá uppgötvunum sem leiddu til Sólmiðjukenningarinnar (Helio centric) er fólk sagt frá Kóperníkusi og Kepler og síðan Newton og aðeins tæpt á að þarna einhversstaðar hafi einnig verið til Daninn Tycho Brahe. Hann er vandlega jaðraður og á milli línanna má lesa að hann væri djöflamerktur ef hægt væri að komast upp með það.

Viti menn, allir guðleysingjar (Atheists) sem aðhyllast stjarnvísindi og líffræði vita hver vísindamaðurinn Richard Dawkins er. Hann er viðurkenndur vísindamaður og hefur sem slíkur haft þó nokkur áhrif. Grunnfög hans eru (á ensku) *Ethology and Evolutionary Biology*. Hann er einn harðasti andstæðingur trúarbragða á síðari tímum og þá sérstaklega Abrahamískra trúarbragða. Fáir vita að Dawkins hefur viðurkennt opinberlega að sólmiðjukenningin er ósönnuð, sem er merkilegt því miðað við alla hans orðræðu hlýtur hann að hata að þurfa að viðurkenna það.

Dawkins er þekktur fyrir að sníða orðræðu sína að því sem hentar heimsmýnd hans og þessi athugasemd er ekki meint niðrandi og ekki gefið í skyn neinn óheiðarleiki, en það þarf sérstakan mann til að viðhalda orðræðu sem ekki er sérsniðin að heimsmýnd þess sem framsetur. Hann var meðal annars Simonyi prófessor í „almannaskilningi á vísindum“ – sem er félagsverkfræði – og sem slíkur hefur hann bæði opinberlega og í eigin starfi mikinn áhuga á því hvað fólk veit og skilur um vísindi og þeir sem fylgst hafa með starfi hans vita vel hversu hatrammur hann er í garð vísinda sem ekki henta húmanistavísindum.

Þeir sem fylgst hafa með orðræðu minni gegnum árin vita að ég lít niður á margt sem hann hefur sagt og gert en ég lít upp til mannsins sjálfs og ber almenna virðingu fyrir ævistarfi hans. Maður ber ávallt virðingu fyrir fólki sem með öflugri (og rökvisstri) orðræðu gefa manni tilefni til svara og frekari vangaveltna og það hefur hann sannarlega gert fyrir mörg okkar. Það að hann viðurkenndi að sólmiðjukenningin sem almennt er litið á sem *augljósa og endanlega* er ósönnuð, er áhugavert. Hann hefði getað sleppt því að minnast á það og enginn hefði tekið eftir því, enda þælir enginn í þessu; Sólmiðjukenningin er eitthvað sem öll húanistabörn trúna að sé fullsönnuð og hví skyldu þeir velta fyrir sér svo flókinni og tilgangslausri spurningu?

Það er Covid, lífið er þróað, Stóri hvellur er staðreynd, það er Kapítalismi og hann er illur, það eru trúarbragðastríð og veruleikafirrtir samsæra-kenningasmiðir, allir vita þetta og það er því augljóst, og þyngdaraflið er massalögmál.

Tycho Brahe aðhylltist sem fyrr segir útskýringu á jarðarmiðju en athugaði og mældi og hélt fram sérsniðinni útgáfu hennar; Jarð-sólarmiðja (Geo-Heliocentric) og voru nokkrar deilur í gangi á milli Brahe og Nicolaus Reimers um hvor þeirra hefði þróað kenninguna og þó Kepler aðhylltist útskýringar Kópernikusar þá varði hann Brahe í þessum deilum en Kepler bar mikla virðingu fyrir Brahe og taldi hann einn mesta stjörnufræðing allra tíma.

Glöggur lesandi er væntanlega löngu búinn að sjá hvernig lýsing og útskýring getur hæglega blandast saman í orðræðu og sú blanda orðið fjötur um fót svo maður missi áttanna. Allir stjörnu athugarar sem skrásetja staðsetningar, tímasetningar, hæðir og lægðir, hreyfingar og afstöður vita að það eru frávik í gangi himintungla (stjarna, tungla, pláneta og sólar) og að engin útskýring hefur fullnægt lýsingunni til fulls. Hér má ítreka fyrir athugula, *frávik frá jörðu séð*.

Hér kemur til kastanna Loftmiðja (Barycenter) sólkerfisins: Massakenning Newton's krefst þess að loftmiðjan sé inni í sólinni miðri en hún hefur mælst vera um það bil einn sólarradíus (695'500 km) utan við yfirborð sólarinnar. Athuganir hafa einnig leitt í ljós að hún færir til. Engin fullnægjandi útskýring er til á þessari lýsingu en húanistavísindin hafa þó búið til útskýringu og hún er opinberlega tekin alvarlega í grunnskólum, akademíu og almennri fjölmiðlun:

Útskýringin á því að loftmiðjan færir til og er utan við yfirborð sólar er annars vegar sú að massi Júpíters, sem er umtalsvert meiri en samanlagður massi allra pláneta og tungla í sólkerfinu, sé slíkur að hann hafi togáhrif á sólina. Júpíter er svo stór að radíus hans er einn tíundi sólar-radíussins eða 69'911 km (sólarringur Júpíters er þó aðeins 8,9 klst).

Það gleymist í þessu samhengi að massi sólarinnar er rúmlega 98% af samanlögðum massa sólkerfisins. Einnig gleymist að það eru frávik í sporbaug Júpíters (og hugsanlega annarra stóru pláneta (Úranus, Neptúnus, Satúrnus) sem ekki standast sporbaugs samanburð í samhengi við framangreint. Taktu til gamans smjörstykki sem er 1% af þyngd þinni, haltu því í útréttri hönd og snúðu þér í hring og mældu jafnvægisfrávik, þá sérðu dulspökina.

Loftmiðjufráviknið hafa Húmanistavísindin þó útskýrt og hafa þau framkvæmt ýmsar skrátnar staðhæfingar til að styðja fullyrðinguna: Aðallega að til sé svört eða dökk pláneta, ósýnileg í sjónaukum eða með berum augum, sem hafi tiltekinn (útreiknaðan) massa og það séu áhrif frá þessum dökka massa sem útskýri öll þau mældu frávik sem safnast hafa upp síðustu fimm aldirnar. Ekki hefur svo mikið sem hvarflað að nokkrum líkanasmið að setja þessar fráviksmælingar í jarð-sólarmiðju líkan Brahe eða benda á hið augljósa, þ.e. Vísinda-dulspeki.

Óþarfi er að útskýra fyrir lesandanum hvað dulspeki er eða hvernig fólk getur aðhyllt dulspeki útskýringar án þess að þær tilheyri klassískum dulspeki útskýringum. Að trú á svarthol og svart efni eða á fylgjur og landvætti, er nákvæmlega sama dulspekin en tilheyra sitt hvorri heimssýninni.

Eitt af því skemmtilega við sjálfsblekkingar er að maður sjálfur er síðastur til að sjá hvernig maður er sjálfsblekktur og ver blekkinguna út fyrir öll skynsemismörk. Sé slíkur maður í valdastöðum, getur hann skemmt fyrir fólki sem ástundar vísindi. Svo aftur sé vitnað í Dr. Dawkins: Sólmíðjukenningin er ósönnuð. Þegar hins vegar stjórnvaldið hefur látið dulspeki sinnar eigin elítu svipta þig þínu náttúrulega og andlega heilbrigði, þá hrynur menning þín innan frá.

## Englar, dulspeki og Níbírú

Eitt af því sem einkennir flesta trúleysingja (Agnostic) og guðleysingja (Atheist) er að þeir hanga oft í útskýringunni án þess að rýna í mælinguna sem felst á bak við hana. Þetta er lýsing á yfirborðsmennsku og tilhneigingu til sjálfsblekkinga, sem er einnig grundvöllur fyrir dulspeki.

Við vitum hvernig atómshröðun veldur þenslu og að hún skynjast sem hiti, við getum lýst raffhleðslu og áhrif hennar á atómshröðun en við getum ekki útskýrt hana. Við getum lýst hvernig vindur fer af stað, við getum mælt vindhraða, vegalengd og snúning vindakerfis en við getum ekki staðsett upphafspunkt vindræsingar né vindstöðvunar, við getum ekki útskýrt vindhviðu innan vindakerfis né krafti vindvægis (Torque) né heldur getum við – þrátt fyrir allar okkar útskýringar – búið til prófun á hvort útskýringarnar fullnægi lýsingunni.

Auðvelt er að nota ýmis hröðunarlíkön til að sýna gildi framangreindar fullyrðingar. Eins er með svonefnda hringrás vatns á plánetunni jörð, tilgátan sem er í skólakerfum útskýrð sem viðurkennd kenning, er ósönnuð og því sem næst ósannanleg. Hún hentar hins vegar heimsmynd staðnaðra og steinrunninna húmanistavísinda.

Áður var útskýrð plöturéks eða jarðréks kenningin um hegðun jarðarfleka (Tectonic Plates) – sem er tilgáta sem auðvelt er að hrekja og á ekki skilið að vera uppnefnd kenning. Taktu vel eftir fullyrðingunni, jarðréks kenningin er tilgáta, jarðarflekarnir ekki. Það er löngu búið að mæla og athuga flekasamskeytin um alla jörð og það er margt athugað og mælt hvernig jarðskjálftar og eldgos hegða sér á flekasamskeytum (eða plötusamskeytum). Rekinn er tilgáta, flekarnir *virðast vera* sannaðir (aðeins meira en kenning en þó ekki lögmál).

Húmanistavísindi trúa því – án þess að geta sannað – að stærð jarðarinnar og massi sé endanlegt. Húmanistar trúa því að vatnið á jörðinni sé í ákveðinni hringrás. Hvergi er vatnsplatan (Water table) útskýrð. Þeir trúa því að ákveðin hegðun kuldaskila í samlífi (Coexistence) sólarvinda og lofthita komi af stað vindum. Kannski eiga þessar tilgátur erindi sem kenningar – ég get hvorki sannað né afsannað hvort svo sé en svo sem áður hefur komið fram, fólk sér sjaldan muninn á tilgátu og kenningu (óháð menntun) og húmanistar sjá ekki þegar þeir sparsla í heimsmyndina með dulspeki og yfirborðsmennsku.

Sjálfur aðhyllist ég þá trú – og er líklega tilgáta – að jörðin geti stækkað og að hún geri það. Ég trúi því enn fremur að við getum ekki yfirfyllt jörðina af mannfólki, vegna framangreinds. Ég hef bent á að jörðin stækkar á plötumótunum og bent á að það sé mælanlegt. Ég hef þannig bent á líkan til að sannreyna eða afsanna tilgátu mína en *Húmanistinn veit að jörðin getur ekki stækkað og því ástæðulaust að sannprófa það.*

Enginn húmanistavísindamaður vill ræða möguleikann á kvikleika (Dynamicity) lifandi jarðar, hvað þá mæla. Fáir kannast við þrautagöngu John Lovelock eftir að hann gaf út tilgátuna *Gaia Hypothesis*, þar sem hann rökstuddi að líta mætti á jörðina sem sjálfsreglunar-lífveru (Self regulating organism) frekar en lífvélrænt kumbald af aðgreindum lífkerfum. Tilgáta Lovelocks er það vel rökstudd og vandlega ígrunduð í rannsóknum á mismunandi kerfum jarðarinnar að hún á fullt erindi sem kenning, Húmanistar hafa þó kyrfilega jaðrað hana og þaggað.

Þegar maður sýnir á samfélagsmiðlum að maður trúi ekki alls kyns fullyrðingum kommúnista og húmanista um *loftslagshlýnun af mannavöldum* eða önnur illa ígrunduð almenningsvísindi (og listinn er nær ótæmandi) fær maður oft þá skyrslettu frá húmanistabörnum að maður trúi ekki á vísindin – þvílíkt guðlast sem það hýtur að vera þeim. Yfirleitt tekur örfáar setningar að afhjúpa fávisku sama fólks um vísindin en allt þetta fólk er sannfært um að skólakennslan hafi sagt þeim eitthvað um veruleika og að trúað fólk lesi ekki vísindi eða ástundi þau.

Ég viðurkenni oft opinberlega – sjálfum mér til skemmtunar – að ég trúi ekki á vísindin heldur Skapara Alheimsins (Creator of *our/the* Universe, respectively), en ég les vísindarit og ég ástunda vísindi. Þeir sem ásaka mig um vísindaguðlast trúa á Vísindi en iðka engin.

Eins og áður var bent á, þarf fyrst að taka tilgátu til alvarlegrar íhugunar og síðan að virða hana þess vægis að athuga megi hvort hún standist mælingar og rýni. Fáir taka eftir í þessu samhengi að öll sýn húmanistavísinda á stjarnæðlisfræði er byggð á útdregnum útreikningum Newtons og Einsteins og enginn viðurkennir svartholin í þessari dulspeki og krefjast þess þó að hún sé uppnefnd vísindi.

Húmanistinn heldur að dulspeki sé aðeins þegar þú telur þig upplifa látið fólk á miðilsfundum eða túlkar hljóð í dimmu húsi sem umgengni andavera (djöfla, dísa og framliðinna) eða viðurkennir hindurvitni úr fornum mýtum og mýtnafræðum. Eins og áður var bent á, þá er dulspeki (Mysticism) mun víðara og dýpra fyrirbæri. Hafi maður einungis flatneskjulega og staðnaða yfirborðssýn – og hafi enn fremur ræktað slíkt framans vegna –

Þá sér maður ekki undir yfirborðið og sé slíkum manni sýnt fram á það hafnar hann því hrokafullt og jafnvel ritskoðar, að ekki sé minnst á að djöflamerkja eða svarta, þann sem birti honum sjálfsspegilinn. Sem aftur sannar að húmanista-sálfræði akademíunnar hefur brugðist, án gríns, nema henni sé ætlað að afbaka.

Tökum í þessu samhengi hugtakið Engill: Er átt við andaveru senda af Guði eða er átt við samfélagsvitund (Collective Consciousness) á misvíðum stigum, og sé svo, gæti verið að Ljósengill sé vitundarástand heimssýnar og að aðrir englar s.s. Kerúbar og Serafar séu þá þjónar sýnarinnar og innblási fólki túlkun á sýn yfir í mynd? Biblían gefur það sterklega til kynna en það væri líklega óvísindalegt að fara dýpra ofan í agaða tákn-, merkja- og merkingarfræði vitringa liðinna alda.

Fyrir þá sem ekki hafa fylgst með orðræðu minni og þekkja hana ekki; Þá sé ég skýran mun á sýn og mynd. Heimsmynd er túlkun (eða útskýring) sýnar sem er þá lítt eða óútskýrð en víðtækari og dýpri. Sýn fólks sem vekur því þörfina fyrir þjóðríki eða konungsríki, birtist í efnisbirtingu (Materialization) stofnana og ferla.

Fyrir athugula erum við komin í hring og aftur að merkinu Ástand, en við skulum sleppa hér Ómeðvitundinni (Unconscious) og Skugga sálarinnar (Shadow of the Psyche) sem Carl Gustav Jung vann með af alkunnri snilld og skilgreindi þannig hvernig hver maður getur sigrast á eða tekið sjálfsveld yfir eigin hvötum sem vélabragðameistarar (Social engineers) myndu annars misnota.

Á ensku geri ég þannig greinarmun á *Worldimage* og *Worldview* annars vegar og *Worldvision* hins vegar en þetta síðstnefnda getur táknað sem Ljósengill, sem er í Biblíunni oft táknað sem Morgunstjarna og stundum sem Ljósberi (Lucifer) og þannig eru bæði Samael (Satan) og Erkiengillinn Mikael báðir af ætt ljósenгла, eða morgunstjörnur. Hér mætti bregða á glens og segja, þegar þú vaknar er það morgunstjarnan sem vekur.

Hér vil ég nota tækifærið og skjóta inn smávægilegum mismuni á skilnings og skilgreiningarhugtökum. Mannvera (Human Being) er akademísk skilgreining innan léns (Domain) húmanismans og Mannkyn (Human Kind, Mankind) einnig. Í léni Eingyðistrúarinnar er Manneskja (A Human) það sem Guð skapaði og tilheyrir Mannfólki (Humanity). Mannveran er steingerð og takmörkuð, manneskjan kvik (Dynamic).

Konfúsíus sagði „merki og tákn drottna yfir heiminum“ (Signs and symbols rule the world) og ég er honum sammála. Merki tilheyrir merkingarfræði (Semiologia) hugtaka og tákn er merkingarfræði myndtákna. Hér er bent á að dulsálarfræðin og *frumspekin undir yfirborði allra orðræðna og skjalavalds* geymir kraftana sem ráða straumunum og skilningnum en yfirborðið er aðeins leiksvið birtingarhjúpsins (Manifest encapsulation) sem getur tilheyrt léni mismunandi heimssýna. Sem ætti að minna suma á mikilvægi agaðrar frumspeki fyrir stjórnarskrá sem umgjörð og klettur Ástands.

Framangreint er dregið fram því reynsla mín er sú að fólk sem hefur tileinkað sér táknfræði dulspekilegra fræða og frumspeki (Metaphysics), hvort sem það er í gegnum heimspeki (sem er merkingar og merkjafræði) eða trúarbragðafræði á oft betra með að synda í

hálfkafi á mörkum yfirborðs og dýptar þegar kemur að gagnrýni af því tagi sem grein þessi leitast við að útskýra, eða lýsa.

Marga síðustu áratugi hafa verið til innan síðari tíma dulspeki ýmsar hugmyndir að öðrum jörðum, hugsanlega hafa þessar hugmyndir verið til í aldir án þess að ég hafi rekist á það. Síðustu þrjá til fjóra áratugi hafa tvær slíkar kenningar verið mjög vinsælar, önnur undir heitinu X-Plánetan (Planet X) og hin undir heitinu Níbírú (Planet Nibiru).

Sumum kann að þykja villandi að Stjarneðlisfræðin notar einnig enska heitið *Planet X* um dökku plánetuna sem áður var minnst á og skal þeim eftirlátið að útskýra nafna rugling sinnar dulspeki. Hér eftir mun ég nota X-Pláneta eða Níbírú-X um sama fyrirbærið og Níbírú fyrir mína eigin útgáfu.

Tilgátturnar um X-Plánetuna og Níbírú-X eru mjög keimlíkar en aðal ástæðan fyrir að tvær kenningar birtast um því sem næst hið sama undir sitthvoru heitinu er sú að annar hópurinn aðhyllist stjarnfræðigrúsk og hinn hópurinn aðhyllist menningarfrásagnir (eða mýtur) en mér sýnist að báðir hóparnir hafi áhuga hvor á öðrum. Sumar greinar (og myndskreið) frá fólki í báðum hópum eru dálítið dreymhuga en aðrar fullrar athygli verðar.

Hingað til hef ég rætt um Vísindi og vísindi til að benda á muninn á vísindum og húmanistavísindum og rökræða fullyrðingu mína um dulspeki-vísindi. Þannig er ritgerð mín hvorki um Covid-19 eða Stjarneðlisfræði heldur um hugarvillu og *upplýsta heimsku* þeirra sem ég stundum uppnefni Gáfnaljós. Sé húmanista borgarinn heima-alinn í þröngri útskýringu takmarkaðrar heimsmýndar, vanfær um að sjá lén sýnarinnar sem grundvallar hana, þá er hann mælanlega heimskur, og því Gáfnaljós því húmanistinn tilbiður upplýstar gáfur sínar.

Ég hef alla ævi verið áhugasamur um vísindi (og fyrir mér er greining á milli raunvísinda og hugvísinda fáránlegur orðhengilsháttur. Hvort heldur ég les um blóðgjafir og líffræði, eða stjarnfræði og heimspeki, trúarbragðafræði og dulspeki eða sálfræði og þjóðaverkfræði, stjórnmal og menningu, eða hvað annað svið sem mannshugurinn ferðast um, það eru allt saman Heimspeki (Philosophy) og vísindi eru aðferð innan léns heimpekinnar.

Húmanistavísindin ástunda það að taka svið Hugtakagreininga (Conceptual analysis) og uppnefna það Heimspeki og gera að sneið innan lénsins vísindi. Árángurinn er sá að jafnvel Heimspekfræðingar (Academic philosophers) trúa þeirri vitleysu. Staðreyndin er sú að í agaðri og ábyrgri merkingarfræði eru vísindin einungis aðferð (og stundum aðferðafræði) og þar með sneið innan heimpekinnar og hugtakagreining er önnur. Ég minni hér á tilhneigingu húmanista til að flækja (Obfuscate) fyrir öllum hugum öðrum en sínum eigin, eða þannig.

Minni hér á í þessu samhengi þegar Robert Faurisson svaraði dómara í fyrstu réttarhöldunum yfir Ernst Zundel í Kanada; „Ég nota ekki aðferðafræði (Methodology), ég beiti aðferð (Method).“

Mér hefur aldrei sýnst vera þörf á því að brúa bilið á milli trúar og vísinda, enda aðhyllist ég hvorki trúarbrögð né húmanistavísindi. Allt saman er áhugavert og allt mannlegt er manni

viðkomandi, því menning er saga hugsunar. Mælingar eru bara eitt verkfæri sem saga hugsunar notar. Lýsing er mæling, útskýring er túlkun. Umfram allt, sjaldan er reykur án elds nema hveragufa sé.

Í stjarnvísindum nútímans – eða innan húmanistavísinda – er almennt talið að Máninn sé afleiðing af árekstri himintungls við Jörð fyrir tveim til þrem milljörðum ára. Tímasetning er ónákvæm eftir því hvaða jafningjarýnda grein eða bók maður les, svo við skulum velja tvo milljarða ára, til staðsetningar fyrir útgangspunkt.

Almennt er talið að jörðin sé tæplega fjögurra milljarða ára gömul, svo útgangspunkturinn er sá að um það leyti sem líf á jörðinni var að finna sér fastmótaðan farveg, hafi eitthvað gerst sem riðlaði sporbaug jarðarinnar, braut hana í tvennt og á einhverjum hundruðum árþúsnda hafi sporbaugur jarðarinnar jafnað sig og hitt jarðarbrotið (eða aðskotafyrirbærið sem braut hana) jafnað sig sem tungl á sporbaug um jörðu.

Flestir innan vísinda (og húmanistavísinda) aðhyllast að þetta sé nokkurnveginn hluti jarðarsögunnar – þó margt sé ónákvæmt í tilgátunum – og þetta er viðurkennd kenning í samtímanum. Legg ég ekkert mat á hvort þetta eigi skilið að hækka úr tilgátu í kenningu; Sem fyrr segir, ég nota fyrrnefndan útgangspunkt.

Mín viðbótartilgáta er sú að Máninn sé aðskotafyrirbærið sem hafi rekist á jörðina og klofið hana í tvennt en að hinn helmingurinn hafa jafnað sig í sama sporbaug og Jörð, nema nákvæmlega hinu megin á sporbaugnum og því sjái Níbirú og Jörð ekki hvor aðra því þær deili sama sporbaug andsælis hvor annarri (Diametric opposites) og því Sól ætíð á milli þeirra.

Ég hef tekið eftir að það er sama við hvern er rætt – en tilgáta mín er byggð á viðurkenndum stjarnvísindum – að hvort sem rætt sé við vísindafólk eða dulspekifólk að það hafnar alfarið svo mikið sem að ræða tilgátuna hvað þá að athuga rökin fyrir henni. Svo er einnig með tilgátu mína á því að jörðin vaxi (sem er einnig byggð á viðurkenndum vísindum). Það er einmitt dulspeki-heimska þegar fólk velur eina vitleysu sem sannleika og hafnar vitleysu sömu ættar sem fávísi og neitar að rýna í undirstöður eigin hugsunar.

Mín niðurstaða er sú að fólk lifi algjörlega í dulspekilegum heimi en það geti ekki viðurkennt það fyrir sjálfu sér og að sá dulspeki heimur sé undir ægivaldi innblásturs og leiðsagnar frá föllnum englum; Sem er algjörlega í samræmi við útkýringar Biblíunnar auk annarra trúarrita en fólk sem aðhyllist Biblíuþekkingu neitar einnig að ræða þessar tilgátur, sem styður fyrrgreinda fullyrðingu. *Sem aftur vekur mann til umhugsunar um tegund sálfræði sem væri efni í aðra ritgerð öllu lengri en þessa.*

Til gamans má draga hér inn vinsæla dulspekikenningu um eðlufólkið, sem smell passar við Níbirú tilgátuna. Það er fullkomlega rökrétt að gefa sér að á tímum risaeðlanna sem (samkvæmt húmanistavísindum) hurfu fyrir 65 milljón árum eftir að hafa lifað góðu lífi í 130 milljón ár, að meðal þeirra hafi gengið uppréttar (Humanoid) eðlur – sem á ensku eru nefndar Reptilians – með greind á pari við vitundargreind (Sentience) uppréttra mannapa (Humanoid Primates) á borð við okkur Homo Sapiens Sapiens. (Ég hlífi lesanda mínum við því að ræða muninn á Homo Sapiens og Sapiens Sapiens).



Hér er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þegar fram koma menn á borð við David Icke sem prédíkar dulspekilega útgáfu af Eðlufólki, ná Frímúrarar mjög sérstökum árangri í vitundarvélun. Þeir markaðssetja hugtak sem fólk hins dáleidda almennings og skemmtilega fólkið í jaðarhópum ýmist hafnar eða aðlagast, um leið hverfur hið framangreinda eðlufólk í skuggann. Eins er með Níbírú-X gagnvart Níbírú.

Hugur Umskiptinga (Golem), Uppvakninga (Ghoul) og Uppskafninga (Gargoyle) er ófær um að vinna úr hugmynd sem er ekki einn af snákunum á höfði gorgonsins Medúsu.

Að þróun sambærileg við framangreindar eðlur hafi átt sér stað á svipuðum hraða á Níbírú er ekki fráleitt. Að atvikið sem bjó til Mánann er jafn líklegt til að hafa búið til Níbírú. Að loftsteinsatvikið sem drap flestar eðlur á Jörð hafi ekki átt sé stað á Níbírú, er heldur ekki fráleitt. Að andsæla plánetan Níbíru sé til og að þar búi Eðlufólk sem sé löngu byrjað að smíða eldflaugar og löngu búið að smíða stöð fyrir millilendingu á skuggahlið Mána (svo við ruglumst ekki í ríminu) og bíði þess að við hættum að herja hvert á annað og beita hvert öðru viðbjóðslegri þjóða- og samfélagsverkfræði í krafti lyga, græðgi og spillingar, er *augljóslega fráleitt*.

Það hlýtur að vera dálítið spennandi að smíða vísindaleg tæki til að sannreyna hvort við séum ein innan sólkerfisins eða deilum því með annars konar vitsmunaveru sem þar að auki væri hugsanlega til í að taka höndum saman til frekari rannsókna? Þurfum við að drepa hvort annað aðeins betur og semja fleiri regulgerðir eða gefa siðspilltum og heimskum Kommúnistum leyfi til að drepa menningu okkar algjörlega áður en við breytumst í Sapiens-X3?

Fyrir þá sem hafa áhuga á að sleppa rammanum og leita aftur í Biblíuna, þá er vel hugsanlegt að Ham, Sem og Jafet, þrír synir Nóa hafi hér einhverja táknræna og dularfulla merkingu. Hver veit nema á Jörð hafi orðið til, samtímis og samhliða, tvennskonaar prímatamenning, Neanderdals fólk (Neanderfólk) og Hómó Sapiens (Mannfólk) og að fyrir daga flóðsins hafi Eðlufólkið átt samskipti við báðar manntegundir en að eftir flóð hafi leiðir skilið, svo nú bíði Eðlufólkið og Neanderfólkið þess að við uppgötuum marktæk vísindi og sleppum dauðahaldinu í dulvísindi og Vísinda-sannleika og þar með viðurkennum dulspeki sem hluta heimspekinnar, alvöruvísindanna.

Sem kunnugt er ákváðu Sem og Jafet að Ham væri óalandi og óferjandi og vísuðu honum í útlegð. Miðað við hegðun okkar Homo Sapiens fólks, get ég vel ímyndað mér að við séum einmitt afkomendur Ham og að við verðum í útlegð frá samneyti við Neanderfólk og Eðlufólk þar til við þroskum rétta tíðni.

Mér finnst skemmtilegt að taka eftir, þegar ég hef útskýrt þessa heimsmyndartúlkun fyrir fólki að þegar ég nefni að við erum Ham sem var sendur í útlegð, er fyrsta viðbragð áheyrandans að hafna því og reynslan er sú að frekari samræður í skugga þeirrar hugarhindrunar (Mind block) eru tilgangslausar. Hér má einnig benda á að Frímúrar og Talmúdistar grófu það kyrfilega í dulvitund mannsins að Ham væri ættfaðir svertingja og sú aðferðafræði hefur áður verið útskýrð hér framur.

Minum á að fólk sem hugleiðir hugtakið synd sér strax hvaða sálfræðiflækju er hér gert grín að. Húmanisti getur ekki viðurkennt syndir eða sjálfsleiðréttingar – hann hefur engan sjálfsspegil en mikið af sjálfs-réttlætningum – hann hlýtur því ómeðvitað að velja Sem og Jafet sem góðu gæjana og því sé hann afkomandi þeirra en ekki Hams.

Hver veit nema það sé einmitt tíðni sem veldur því að við sjáum ekki Neanderfólk og Eðlufólk nú þegar, og fyrir þá sem halda að slíkt sé óhugsandi, minni ég á frábæra verkfræði sem heitir Útvarpstíðni og þann möguleika útvarpstækja að hafa aðskildar stöðvar svo stutt á milli hvor annarra að þær hefðu verið óhugsandi áður en vísindin fundu þær og kenndu verkfræðinni að nýta það.

## Alheimur vísinda-dulspekinnar

Bæði afstæðiskenning og sértæka afstæðiskenning Alberts Einstein útskýra hvernig stjarna sem tæmir brunagetu sína geti fallið inn í sjálfa sig. Upprunalega hugmyndin er eldri og er eignuð John Michell (f. 1724) en Einstein útfærði hana frekar.

Hugmyndin byggist að hluta á Massa fræðum Isaac Newton og heldur því fram að þegar bruninn kólnar og deyr út geti stjarnan fallið (Implode) inn í sjálfa sig (og að það hljóti að gerast) en að við það muni massi hennar þjappast saman. Útkoman verði ofursambjöppun efnismassa í agnarsmáum punkti sem hafi sama aðdráttarafl og sólin hafði áður.

Ennfremur heldur tilgátan því fram að þessi punktur haldi áfram að draga til sín efni sem kemur inn í aðdráttarafl og því muni massinn aukast með tímanum. Þá er því haldið fram í báðum afstæðiskenningum að þyngdarkraftur massans (eða aðdráttarafl) geti haft (eða hafi) áhrif á ljós og geti jafnvel sogað ljósgeisla til sín: Svartholið er fætt, því ekkert ljós sleppi frá hinum ómælanlega svarta og sambjappaða punkti.

Tökum hér inn fyndna tilvitnun í Wikipedia (en):

"A black hole **is** a region of spacetime where gravity **is** so strong that nothing—no particles or even electromagnetic radiation such as light—can *escape* from it. The theory of general relativity **predicts** that a sufficiently compact mass **can** deform spacetime to form a black hole."

Allir hafa heyrt ónáttúrlegar og dulspekilegar útskýringar á hvernig ferðalag á ljóshraða hafi áhrif á hvað sé tími og þá ekki síst skynjun á tíma, s.s. ef mannvera gæti ferðast á því sem næst ljóshraða myndi tími hennar vera allt annar en okkar hinna sem stöndum í stað. Það er engin eðlisfræði sem svo mikið sem gefur í skyn að þessi vitleysa standist. Það þorir hins vegar enginn að andæfa vitleysunni, hvað þá að afsanna hana með betri formúlum.

Eðlisfræðingurinn Karl Schwarzschild notaði formúlur Einsteins til að útskýra og túlka kúlulegar tímabólur í kringum hin ósýnilegu svarthol, aftur ótrúlegt klám sem húmanistavísindin staðhæfa að séu veruleiki. Eðlisfræðin veit ekki hvað tími er því hún hefur engan grunnstuðul til að mæla hann. Sekúnda á jörð er ekki það sama og sekúnda á

plánetu á braut umhverfis Alpha Centauri. Fær heimspekingur veit hins vegar að tími er hreyfing á vitund og að hvorutveggja er fullkomlega afstætt.

Síðar bætti Stephen Hawking við þessa kenningu og útskýrði að til væri atviksrönd (Event Horizon) á vissum fjarlægðar sporbaug (Orbit) umhverfis hinn ósýnilega, ómælanlega og óskilgreinanlega punkt. Sjónarröndin hegði sér þannig að ljós sem kæmi að röndinni myndi enda í snúningi í kringum svartholið, ófært um að sleppa frá því en nægilega öflugt til að streitast á móti, í það minnsta þar til ferilkraftur ljóssinn þverri nægilega til að sogast inn í ómælanlegt þyngdarlögmálið.

Allar þessar tilgátur eru útskýrðar með útdregnum hugmyndum og eru með öllu ósannanlegar með þeim tólum og aðferðum sem menn búa yfir í dag. Engin tilraun eða athugun hefur sýnt fram á að neitt í þessum tilgátukenningum standist veruleikann.

Ég ætla ekki að eyða hér neinu púðri í vísindafirringuna geimtími (Spacetime). Húmanistar telja almennt að stjörnur séu brennandi gas, og ég spyr hvers vegna útbrunna gasið var um kyrrt til að vera massi eftir að það brann upp? Ég spyr einnig hvers vegna ís hitnar undir þrýstingi og því; Hversu heitt er kulnaða svartholið?

Ég minni á að vísindi eru uppgötvun hugmynda eða sýnar sem stenst veruleikann og að verkfræði er þegar hugmyndin er sniðin til og gerð nýtanleg. Í flestum tilfellum nútíma orðræðu meginstraumsins þar sem orðið Vísindi er notað, á orðið Verkfræði betur við.

Enginn hefur dirfst – eftir því sem ég best veit – að skrifa lærða ritgerð eða bók sem sýnir fram á með vísinda- eða verkfræðilegum aðferðum að framangreinar vísindatilgátur – meðhöndlaðar sem veruleiki – standast enga rýni og eiga engan rétt á að kallast kenningar.

Hér minni ég á að tilgáta verður að kenningu þegar ekki tekst að afsanna tilgátuna en hægt er að *rökstyðja* verkfræðilega getu hennar. Í öllum ferlum frá vísindum til verkfræði er þess getið að kenningu þarf að vera hægt að endurtaka með áreiðanlegum hætti við mismunandi aðstæður og helst óstýrðar (óverndaðar).

Allar tilgátur um svarthol eru útskýrðar eða túlkaðar með stærðfræði sem er of flókin fyrir hinn almenna mann en það er engin afsökun. Vísindi geta ekki útskýrt neitt heldur eru þau aðferð til að lýsa. Hugmyndafræði og tilgátu-vísindi eru aðferðir til að útskýra, þess vegna bendi ég á að húmanistavísindi eru hugmyndafræði (Ideology) og dulspeki en ekki raunveruleg vísindafræði; Húmanisminn á til mörg flækjustig útdreginnar stærðfræði og langra en merkingarlausra heimspekisetninga til að villa óstöðugum sýn.

Ef ekkert ljós sleppur frá svartholinu þá slapp heldur ekkert ljós frá stjörnunni eða stjörnum almennt og þá hafa allar stjörnur atviksrönd.

Lesandinn skilur nú hvers vegna ég nota oft hugtökin atviksrönd og svarthol þegar ég rýni í menningarástand samtímans og orðræður markaðssettra og viðurkenndra kverúlanta. Við höfum engin mælitæki til að finna kulnaða stjörnu eða lýsa henni og við vitum ekki einu sinni hvort stjörnur geta kulnað.

Húmanisminn felur þetta allt saman á bak við Kenninga-eðlisfræði (Theoretical Physics) – í stjórnlausri þráhyggju til að útskýra Tilvistar-verund (Phenomenology of Being) – í stað þess að láta trúarbrögðunum það bróðurlega eftir og lýsa frekar sjálfur því sem er mælanlegt – og fólk samþykkir firringuna gagnrýnislaust. Enska orðið Theoretical er nógu skylt enska orðinu Theological til að fá glöggskyggna til að glotta í kampinn.

Ég hvet áhugasama til að skoða mörg myndskreiða NASA Goddard rásarinnar á YouTube, undir Playlists, og rýna þar í sýnilega hegðun sólarefnisins – sem Húmanistar vita ekki hvað er en hafa tilgátur um hvað sé. Lesandinn getur þá leyft sér vandaðar spurningar um muninn á bruna og bræðihita, og bæta við öflugri spurningum um sjálfsreglun *Self Regulation*. Einnig bendi ég í þessu samhengi á frábæra fyrirlestra Rupert Sheldrake um hugsanlega sólarvitund t.d. á *Electric Universe* ráðstefnunni 2018.

Ég set hér inn fullyrðingu (á ensku) tekna af "coolcosmos.ipac.caltech.edu" sem er ósannanleg tilgátukenning:

"The Sun is a huge, glowing sphere of hot gas. Most of this gas is **hydrogen** (about 70%) and **helium** (about 28%). Carbon, nitrogen and oxygen make up 1.5% and the other 0.5% is made up of small amounts of many other elements such as neon, iron, silicon, magnesium and sulfur."

Hver veit, kannski er þessi fullyrðing sönn en ef hún er það ekki og við þorum ekki að ræða það, hvað erum við þá? Við höfum hins vegar enga tæknilega getu til að sannreyna hana í dag. Ég fullyrði ekkert um litrófs (Spectrum) mælingar varðandi þá efnasamsetningu sem virðist vera á yfirborði sólarinnar en ég veit ekki til þess að neinn hafi ennþá fengið námavinnsluleyfi á Sól eða stundi þar borkjarnarannsóknir.

Ég er mér vitanlega sá fyrsti í menningarsögunni til að stinga upp á hugsanlegu sólarefni og þar með gef ég í skyn að hugsanlega er allt annað lotukerfi (Table of Elements) sem gera þurfi ráð fyrir í þessu samhengi. Enginn getur fullyrt að efnamegni jarðarinnar sé efnamengi alheimsins en auðvelt að gefa sér að lotukerfi jarðar sé einungis undirmengi stærra lotukerfis.

Húmanistar telja að alheimurinn hafi orðið til í svonefndum Miklahvelli (Big bang) sem er klúðursleg útskýring á sköpunarsögu Biblíunnar – verði ljós – og hefur enga stoð í mælanlegum veruleika. Um þessa dulspeki hins steinrunna húmanisma sem ekkert getur skapað en er snillíngur í að stela, afbaka og orðaþvæla er óþarfi að þrefa. Húmanisminn krefst þess að Alheimurinn eigi sér upphaf og einnig endi. Það er ekkert í veruleika okkar sem bendir til þess að svo sé og það er klúður að reyna að sanna það (vegna draumórakenndrar hugmyndafræði) áður en það er athugað.

Þó ég sé sjálfur sköpunartrúar og viðurkenni staðhæfingu Eingyðistrúarinnar að „í upphafi skapaði Guð himinn og jörð“ þá er ég fær um að átta mig á merkingarfræði hugtaksins „í upphafi“ og ég leyfi mér ekki að fullyrða að ég viti með vissu hvað það merkir. Ég krefst þess ekki, eins og Kristíanistar og Húmanistar að alheimurinn og vísindaverkfræðin birti mér það sem ég vænti.

Ef á daginn kemur að alheimurinn eigi ekki upphaf, að hann hvorki þenjst út né dragist saman, að hann hafi endamörk og utan við endimörkin sé eitthvað óskilgreinanlegt er eitthvað sem ég gæti alveg sætt mig við og ég er fullkomlega tilbúinn í þá vegferð að rannsaka það. Reyndar hefði það verið snjallt af Húmanistavísindunum að sauma stjarnæðlis-dulspeki sína á þann veg.

Engar mælingar eru til sem staðfesta aldur alheimsins, engar útskýringar á því hvað kom miklahvelli í gang eða hvað það var sem sprakk. Stephen Hawking lét út úr sér á prenti, en hann var æðstiprestur kenninga-eðlisfræðinnar: „Vegna þyngdarlögmálsins gat alheimurinn skapað sjálfan sig úr engu“ og segir það að mínu mati allt sem segja þarf um heimsmynd húmanismans.

Til gamans má geta þess að Einstein trúði því alla tíð að alheimurinn væri í stöðugu ástandi (Equilibrium) og laus við óreiðu (Entropy) en útpennsla og snúningur væru því merki um óreiðuástand. Síðar sýndu Hubble og fleiri fram á að útpensla væri sýnileg miðað við litrófsmælingar þess tíma. Einstein átti erfitt með að kyngja þessu og deilur eru um það meðal kenninga-eðlisfræðinga hvort hann gerði það nokkurn tíma.

Síðar hefur komið í ljós að útpenslu mælingar Hubble reyndust mistúlkaðar og endurtekning þeirra bendir til að alheimurinn sé að dragast saman. Eins er með svonefnda *kólnun frá Miklahvelli* og um bakgrunns geislunina frá sama atviki (Event), allt ósannað og allt saman huglægt túlkað og öll umræða um það bannfærð. Ég bendi á að *Húmanisminn getur ekki einu sinni fundið upp eitthvað nýtt í staðinn fyrir bannfærslur og nornabrennur*, aðeins birtingarformið. Hann refsar frekar en að leiðrétta og felur fyrir þér að Kapólskir kristíanistar ástunduðu leiðréttingar frekar en refsingar.

Ég skýt þessu inn því Húmanisminn elskar hið steinrunna, efnisflokkada og stöðufrosna (Static), sérstaklega ef hann getur notað það til að taka vald yfir huga fólks. Aldrei er okkur sagt frá samstarfi Einsteins við stærðfræðisnillinginn Kurt Gödel og hvernig þeir þráttuðu saman um afstæðiskenninguna. Ég nota þráttun hér til að hrekkja Kommúnista, sjálfum mér til skemmtunar, sérstaklega þá þeirra sem vita ekki hvað þráttunarefnishygga er.

Gödel sem var Kapólskur var þess fullviss að miðað við stjarnæðlispekkingu þess tíma (fyrir örfáum áratugum) væri rökrétt að álykta – og reyna að sýna með stærðfræði – að alheimurinn gæti snúist um sjálfan sig og hlyti að gera það. Þetta ráða húmanistar ekki við, því ef Gödel hefur rétt fyrir sér þá er tímaferðalag fræðilegur möguleiki. Fyrst þarf þó að sanna að Alheimurinn sé eins og akademían fullyrðir.

Heimsmyndarfátæktin er áberandi þegar kenningar og útskýringar á okkar eigin sólkerfi standast ekki nýjar lýsingar eða mælingar. Þá er bara skáldað í eyðurnar og rýnendur bannfærðir. Að meginstraums vísindamenn húmanismans fundu upp X-Plánetu sem svarta og massaða plánetu til að útskýra sporbaugsfrávik innan sólkerfisins er jafn fyndið og það er hörmulegt. Sá fræðifarsi á sér þó dýpri rætur.

Eftir því sem stjörnufræðisnaukaglaup, geimmyndatökur og mælitæki utan lofthjúpsins hafa sýnt okkur meira um ljósdeplana á næturhimninum og eftir því sem tölvutækni við

útreikninga og kortlagningu hefur aukist, hafa sporbaugsfrávik pláneta, stjarna og stjörnuþoka orðið augljósari.

Þegar sporbaugsfrávik voru orðin svo algeng og áberandi að hugmyndafátækt húmanismans var orðin leikmönnum augljós, vantaði útskýringu því lýsingin var í þann mund að rífa musterisforhengið. Þá datt einhverjum snillíngi í hug að búa til hugmyndina að svörtu efni (Dark matter): Alheimurinn væri fullur af svörtu efni sem ljós gæti ekki sýnt okkur, þetta efni hefði massa (dökkt ljós) og sá massi útskýrði frávikin. Þvílík snilld, því þessi dulspeki er okkur kennd í fjölmiðlum, barnaskólum, háskólum, stjórnmálum og í Hollywood försum, að sé veruleiki.

Skjótum inn tilvitnun (á ensku) af Wikipedia:

"**Dark matter** is a form of **matter** thought to account for approximately 85% of the **matter** in the universe and about a quarter of its total mass–energy density or about  $2.241 \times 10^{-27}$  kg/m<sup>3</sup>."

Glöggir taka eftir fullyrðingunum „svart efni er“ og „85% alls efnis í alheiminum“ og ennfremur „fjórðungur heildarmassa.“ Það er ekki til nein vísindaverkfræði sem hefur getað útskýrt hvað svart efni sé – eða gæti verið – hvernig það væri til komið eða hvers konar lotukerfi það hefði. Engin raunhæf útskýring er á hvernig það dreifist eða eftir hvaða eðlisfræðilögmálum, en það réttlætir samt þá firru þegar tilgátur Newtons urðu að Kenningaveruleika hins upplýsta og vitsmunalega húmanisma.

Ekki hvarflaði að nokkrum að viðurkenna hugmyndafátæktina og segja: Við vitum ekki. Enginn þorir að leyfa sér tómarúm útskýringa. Þá á ég ekki eingöngu við börn fallna ljósengils Humanismans heldur einnig hina sex (sjá logostal.com: Seven Angels).

Hvers vegna á ég *trúartrúðurinn* svo auðvelt með að segja: Ég veit ekki hver, hvað eða hvernig Ofurvætturinn er, ég veit ekki hvað það er að vera óorsakaður (svo vitnað sé í Thomas Aquinas). Ég veit ekki hvað alheimurinn er og þess vegna reyni ég að finna það út frekar en að fullyrða það og þangað til nota ég skemmtilegustu útskýringuna mér til gamans.

Ég hef stundum sagt að ég trúi heimsmynd húmanismans sem ég er hér að rífa niður, ekki vegna þess að mér finnist hún rökrétt, heldur vegna þess að ég veit að hún er trúarleg og að hún er ekki veruleiki og mér finnst hún skemmtileg – og ég fer ekki á rönguna ef ég þarf eina ferðina enn að skipta um trú. Ég hef lesið mikið um þessi fræði og horft á marga fyrirlesara og einnig rökræður (Debates) um þessi efni, bæði með og á móti.

Auðvitað eru til fleiri tilgátur en það skiptir engu: Umfram allt hef ég haldið því fram árum saman að meðan ég get ekki sjálfur flogið út til að sannreyna hvað sé utan við lofthjúpin, vel ég þá útskýringakenningu (Explanatory theory) sem mér finnst skemmtilegust. Hún staðsetur mig í rýninni, þannig gat ég áttað mig á að Sólin er úr efni sem við þekkjum ekki og virkar eftir eðlisfræði sem við höfum ekki enn getuna til að kanna og rýna.

Við höfum í okkar samtíma fjöldamörg dæmi um flug út fyrir lofthjúpin. Sum þeirra virðast vera það sem okkur er sagt og önnur eru hæpnari. Ég hef jafn gaman af upplýsingum um geimflug og geimrannsóknir, bæði frá *Thesis* hópnum og *Antithesis* og ég treysti mér til að vera einn í *Synthesis* hópnum. Var flogið til tunglsins? Er regulega flogið til Mars eða Venusar? Enginn veit það með vissu en það lítur þó út fyrir það.

Japanir eru að senda framhjálflug til Merkúr, í annað sinn ef ég man rétt. Bandaríkjamenn hafa sent fáein könnunarför sem ætluð eru til að ferðast út fyrir jaðar sólkerfisins. Voyager, Voyager II og "New Horizons" eru þeirra þekktust.

Það hafa verið fleiri tilraunir með Merkúrflug en ég las um þau síðast fyrir tveim árum og minnið er gloppótt og ég gaf mér ekki tíma fyrir heimildavinnu um það atriði fyrir þessa ritgerð – ég mun sinna þessu í síðari skrifum. Þangað til mæli ég með [global.jaxa.jp](http://global.jaxa.jp) fyrir áhugasama.

Þessi för senda myndir til jarðar og þessar myndir eru reglulega birtar og það er ástæðulaust að afneita þeim. Þó eiga vissar spurningar erindi en klárum fyrst afstæðiskenningar Einstein og Hawking.

Ljóshraði er í dag talinn vera nákvæmlega 299'792'458 metrar á sekúndu. Það sleppur að segja þrjúhundruð milljón metrar. Sumir halda því fram að það séu þrjúhundruðogsextíu milljón metrar og ég hef stundum gerst sekur um það en það skiptir engu: Þessi hraði er ómælanlegur með nútíma tækni.

Þegar Einstein skrifaði afstæðiskenningar sínar byggði hann á þrem grófum mælingum sem höfðu þá verið gerðar, að mig minnir. Þó ég fullyrði að þessi hraði sé ómælanlegur þá skil ég vel að fólk þurfi viðmiðun til að staðsetja stjarnkönnun sína og ég viðurkenni í orðræðu minni þennan hraða að mestu leyti. Eins og heimspekingar vita þá hvílir heimspekin á undirliggjandi þráttaröskun (Dialectic disorder).

Síðar hafa verið gerðar betri mælingar þar sem ljós er sent í gegnum hringaða glerkapla sem eru margir kílómetrar að lengd. Radíus jarðarinnar er talinn vera 6'371 kílómetri, sem gerir þverskurð hennar um miðju rúmlega 12'700 kílómetra eða 12'700'000 metrar.

Það gefur auga leið að ef ljósið ferðast 300 milljón metra á sekúndu, þarftu að geta mælt í það minnsta tíu sekúndna vegalengd, við mismunandi aðstæður og af mismunandi ljósbreiddum til að vita hvað þú ert að mæla. Nútíma tækni ræður ekki yfir þeirri getu.

Öll nútíma stjarneldisfræði og öll kenninga-eðlisfræði byggir á því að þessi hraði sé þekktur með ítrustu nákvæmni. Vitað er að um miðbik 20stu aldarinnar voru mismunandi mælinga-niðurstöður sem komu fram um ljóshraða og frekar en að viðurkenna villuna var mælitækjum breytt til að birta rétta útkomu, því ljóshraðinn er alheimsfasti (Universal Constant) innan hins steinrunna húmanisma.

Tökum aðra þætti, svo sem fjarlægðarmælingar. Hvernig veistu hversu langt er til Júpíters eða hversu stór hann er ef þú getur hvorki afstöðumælt vegalengd eða samanburðarstærð? Hvernig geturðu það ef þú hefur bara einn sjónarpunktur? Könnunarför

síðustu tvo áratugi hafa engu breytt um þær kenningar og *útskýringar* sem þessi svökölluðu vísindi hafa staðhæft áratugin og aldirnar á undan!

Enn hafa ekki verið settar upp sjálfvirkar stöðvar með sjónaukum, myndbúnaði, litrófs og bylgna mælingum á Mána til að hefja afstöðumælingar og ítarlegri geimrýni. Að byggja Alþjóðlega geimstöð á Mána kostar 10% meira en standsetning og viðhald Alþjóðageimstöðvarinnar, eigi maður að trúa mönnum tunglferðunum.

Ég sleppi því hér fyrir stuttleika (Brevity) að gera grín að fræðingunum sem breyttu Plútó úr plánetu í túngl.

Eins er með stjörnur og svonefndar stjörnuþokur sem hafa í huga húmanismans orðið að risastórum táknmyndum, þó þær séu byggðar á svo smáum ljóspunktum og brotum að það hlýtur að vekja mörgum efasemdir.

Sólkerfið Alpha Centauri (AC) er talið vera næst okkar, eða 4,37 ljósár í burtu. Sumsé ef ljósgeisli ferðast frá Jörð til AC á þrjúhundruð milljón metrum á sekúndu í gegnum efnis- og lofttæmdan geyminn taki það tæplega hálf fimmta ár að ná þangað.

Við vitum ekki réttan ljóshraða og við vitum ekki hvort geimurinn er galtómur. Við höfum engan þrívíddarpunkt til að vita hvaða sólkerfi er næst okkur og enga leið til að sannreyna hvort nokkrar af þessum tilgátum séu réttar. Þó er börnum kennt að þetta sé veruleikinn, hann sé vísindalegur og að það sanni að trúarbrögðin séu þvættingur. Ennfremur sé þetta hin fullkomna réttlætning á því að kommúnistar komi á félagslegum jöfnuði (sem er ekki hið sama og jafnrétti til tækifæra) með heilapvotti og ekki síst með því að ræna kapítalistanu og afmá alla upplýsingaóreiðu.

Tökum snúning á geimrými (Empty space) innan sólkerfisins og milli sólkerfa (Outer space). Misjafnt er eftir því hvaða heimildir eru notaðar en almennt er talið að í rýminu sé dreifð stakra atóma og þá helst af Vetni (H), Helíum (He) og ISM (Interstellar Medium). Innan sólkerfisins er miðað við u.þ.b. 10 milljón atóm (ýmist vetni eða helíum) á rúmsentimetra – sem er slatti – en milli sólkerfa er miðað við u.þ.b. þrjú atóm, H, He eða ISM.

Lesandi sem hefur áhuga á stærðfræði er núna byrjaður að reikna en setjum okkur viðmiðun. Í 0,001 grammi af vatni (H<sub>2</sub>O) eru  $3,35 \cdot 10^{19}$  fjöldi sameinda (Molecules). Í einu grammi af vatni – sem er einn rúmsentimetri – eru þá hundruð sinnum fleiri sameindir. Eitt mól (Mole) af vatni er átján grömm miðað við lotukerfið.

Netið er yfirfullt af reikniformúlum til að reikna út mól, sameindapéttleika, og Avogadro töluna, til að finna út vetnismassann (eða Helíum massann) milli Sunnu og Alpha Centauri – fyrir þá sem sváfu af sér eðlisfræðina í skóla. Með öðrum orðum, hvað eru mörg baðkör af vetni eða helíum á milli Sólu og Alpha Centauri?

Að þessi geim-þéttleiki sem áður er vísað í er minna mældur en kommúnistahlýnunin og líklega ómælanlegur með samtímatækni er auka atriði. Geimurinn er ekki galtómur, hann



hefur þéttleika, sá þéttleiki er útreiknanlegur og það hefur áhrif á ljóshraðann og fjarlægðarmælingar. Ég fullyrði að allar fjarlægðir í ljósárum eru hreinn skáldskapur.

Auðvelt er að lýsa með öflugum ljósi í gegnum sambærilegan efnismassa til að finna út hvort ljós hægi á sér þegar það ferðast í gegnum massa eða ekki, nú eða lýsa í gegnum hurð. Svo geta þeir sem klára útreikninginn bullað í mér um ljóshraða og geimfjarlægðir eða ef þeir treysta sér ekki til, beitt klassískum djöflamerkingum og persónuárásam.

Sólin er talin ferðast á 200 kílómetra hraða á sekúndu á sporbaug sínum umhverfis miðju Vetrarbrautarinnar (Milky Way). Jörðin er talin ferðast 30 kílómetra á sekúndu umhverfis Sunnu. Tunglið er talið ferðast á 1 kílómetra hraða á sekúndu umhverfis Jörðu. Geimfar sem skotið er til tunglsins ferðast á 44'000 kílómetra hraða á klukkustund (733 km/s).

Miðflóttu afl jarðarinnar á þeim hraða sem hún ferðast gæti verið nægilegt til að kasta jörðinni af sporbaug og út í geim. Auðvelt er að festa hlut á hringekju (eða skopparakringlu) og setja á fullan snúning og með rofa sleppa festingu hlutarins og mæla flóttakastið eða flóttahröðunina.

Ef snúningur krínglunnar er mældur og þyngd hlutarins mæld og flóttahröðunin mæld, eftir mismunandi þyngdum og hröðum, má finna út eðlisflóttann. Ákveðinn hlutur á hringferð í skilgreindri fjarlægð frá snúningsmiðju hefur ákveðið miðflóttuafli í hlutfalli við þyngd. Jörðin hins vegar er grafkyrr á hringferlinu (Orbit) og Newton svarar því með þyngdarlögmáli (Law of Gravity): Massi sólar tugi í massa jarðar í útreiknanlegu hlutfalli við flóttakraft (Escape force). Eins er með tunglið umhverfis jörðu og sól umhverfis vetrarbraut.

Auðvelt væri fyrir skapandi huga að útskýra sólmiðjufrávikði (Barycenter exception) með þessu módeli en Húmanistar hugsa ekki, þeir eftirapa, orðaflækja og persónuskaða (Ad Hominem) á milli dyggðamerkinga (Virtue signalling).

Þegar Newton var að reikna út og rökstyðja massa tilgátu sína áttaði hann sig á því að þyngdarafli jarðar hlyti að hafa áhrif á hlut sem myndi ferðast út fyrir lofthjúpin. Reiknaði hann út að hlutur sem ætti að rísa nógu hátt til að geta ferðast á sporbaug, sem er að lágmarki 100 kílómetra hæð, þyrfti að ná flóttahröðun (Escape Velocity).

Þess má geta að Alþjóðageimstöðin (International Space Station) er talin vera í um 400 kílómetra hæð og að flóttahröðunin sem haldi henni á lofti sé 1 sporbaugur á 90 mínútum (rúmlega 27'000 kílómetrar á klst) og hringferillinn sé milli 42 og 43'000 kílómetrar (eftir reiknaðferðum).

Fyrir tunglflaug sem ferðast til tunglsins þarf hún fyrst að komast út fyrir 100 kílómetra bauginn og til þess eru notaðar ýmist tveggja og þriggja þrepa eldflaugar. Þegar hún er lögð af stað til tunglsins er talið að henni sé óhætt, þ.e. að jarðartogið haldi ekki aftur af henni – enda sé hún innan þyngdarafllsþólunnar (Gravity bubble). Þó er ekki útskýrt hvernig það er tryggt. Þegar hún leggur af stað frá tunglinu aftur til Jarðar þarf að reikna þessa hluti upp á nýtt, aftur hvergi útskýrt.

Hvað sem öllu líður þá er hvergi útskýrt hvernig létt eldflaug sem ferðist frá

Jörðu til Mars sleppi út fyrir sporbaugstogið sem heldur Mána (tungli jarðar) á sporbaug umhverfis jörðu.

Máninn ferðast frekar hratt á sínum sporbaug og hefur sæmilegan eigin massa, litla geimflaugin sem er búin með 99% af eldsneytinu bara til að komast í 400 kílómetra hæð hlýtur að búa yfir einhverjum töfrum til að bæði sleppa úr togkrafti jarðarinnar sem heldur Mánanum á braut og síðan að geta ferðast gríðarlanga vegferð sína á milli sporbauga Jarðar og Mars án þess að Sunna brengli ferilinn með sínu togi (sem er 98,5% alls þyngdarafls sólkerfisins). *Nema flóttahröðunin eigi bara við Jörð eftir því sem hentar útskýrendum.*

Sé þessu snúið í áttina að Venus eða Merkúr – sem eru í þessari röð innan við Jörð til Sunnu – þá bætist enn við togkraft sólar; Það er hvergi útskýrt hvernig hröðun geimfars til Venusar nær að beygja inn í togkraft Venusar og negla sig inn á þann sporbaugshraða sem þarf til að geta ferðast umhverfis plánetuna. Þegar kemur að Merkúr harðnar í dalnum.

Merkúr er mjög smár og mjög nálægt Sunnu, því ferðast hann á klikkuðum hraða á sínum sporbaug og ég hef hvergi séð raunhæfar útskýringar á því hvernig geimflugunálin nær a) að fara gegnum sporbaugskraft Venusar, b) síðan að halda út ofurhitann svo nærri Sunnu eða c) halda innri samsetningu sinni við kremjandi pressu þyngdaraflsins svo nærri henni.

Venus er nokkuð sem mig langar að vita meira um en hef hingað til ekki fundið trúverðugar lýsingar né sannfærandi útskýringar á. Plánetan er álíka stór og okkar (auk þess að vera á lífvænlega beltinu) en hún er sú eina sem ferðast á öfugum sporbaug og enginn veit hvers vegna. Útskýringar á hita, lofthjúp, jarðskorpu, sólarhring (dag/nótt) og sólarsporbaug eru að mínu mati dálítið klénar. Einnig vakna margar spurningar varðandi dul-upplýsingar um á milli tuttugu og þrjátíu könnunarför sem Sovétríkin og Bandaríkin segjast hafa sent þangað, umfram allt hvers vegna sá kostnaður var réttlættur miðað við að ekkert kom á óvart miðað við kenningarnar (sem aðallega voru *engar niðurstöður*).

Lesandinn gæti haldið að hér sé á ferðinni samsæriskenning en svo er ekki. Miðað við allt sem okkur er sýnt virðast vera stundaðar tunglferðir, marskannanir, starfræktar alþjóðageimstöðvar (ISS og MIR), ásamt fjölda annarra geimkanna (space probes) og gervitungla, geimgangna og fleira; Það er erfitt að halda því fram að tugþúsundir fólks sem starfar við þessa verkfræði (en ekki vísindi) í fjölda landa og áratugum saman sé annaðhvort að ljúga eða sé sjálft blekkt.

Punkturinn er fyrst og fremst sá að eðlisfræðin sem þessi vísindaverkfræði byggist á segir að þau séu ekki framkvæmanleg á þann hátt sem það er gert og það er enginn sem bendir á það og enginn sem svarar því!

Lítum stuttlega á Armstrong línuna sem er í 19 kílómetra hæð (Altitude) frá jörðu. Þar er loftþrýstingur svo lítill að suðupunktur er kominn niður í 37 gráður á Celsíus. Ef þú ferðast upp í þessa hæð án sérhæfðs þrýstibúnings sjóða í þér augun og allur sviti soðnar, húðin á þér breytist í soðna kartöflu á smástund. Farir þú hærra breytist þú í soðið slátur áður en þú bókstaflega deyrð úr eigin líkamshita.

Samt sjáum við geimfara í 400 kílómetra hæð sprikla eins og súperfólk frá Marvel Comics eins og það sé í þægilegu sumarfríi. Við sjáum geimfara í þröngum búningum æfa geimgöngu sem ætti að drepa þá á örfáum mínútum, frosnir á skuggahliðinni og örbylgjusteiktir og djúpsoðnir á sólarhliðinni.

Hitinn á sólarhlið Mánans fer yfir 120 gráður á celsíus og á skuggahliðinni niður í -170 gráður. Það er ekki fræðilegur möguleiki að lifa af, hvorki í geimbúningnum né tunglfarinu við þessar aðstæður nema í örfáar mínútur, ef svo lengi. Málmurinn í Mána-róvernum þyldi ekki sína eigin notkun og rafgeymar og filmur (eða stafrænar myndflögur) standast ekki þessar eðlisfræði aðstæður.

Framangreindar fullyrðingar mínar er auðvelt að sannreyna en enginn spyr þessara spurninga og enginn svarar þeim. Mér er slétt sama um einhverjar samsæringa-greiningar á „Wag the dog“ myndskaiðum í þessu samhengi. Eðlisfræði segir mér að allt sem gert hefur verið á sviði geimfræða síðan 1959 stenst ekki, samt er okkur sýnt eitthvað sem virðist vera. Er Húmanisminn kraftaverk og galdrar?

Sérstaklega finnst mér þetta furðulegt því mér er fyrimunað að skilja – ef um blekkingu er að ræða – hver græðir á blekkingunni og hvers vegna hún sé svo mikilvæg, öfugt við Covid-19 sem er auðrekjanleg. Nema Húmanisminn sé með stærri heimsblekkingaþörf hvað varðar geimrannsóknir en af sambærilegri ástæðu og Covid. Ég minni lesandann á að allt sem ritað er í þessari löngu ritgerð snýst ekki um vísinda-atridin sjálf eða baunirnar í grautnum, heldur sálfræðina og dulspekina.

Eigum við að tala stuttlega um þá furðulegu dulspeki fullyrðingu að jörðin sé með kjarna úr fljótandi járn? Hefurðu séð borkjarna sem farið hefur dýpra en 5 til 8 kílómetra? Hefurðu séð afsönnun á vatnsplaninu (Water Table) eða að steinefni undir vissri pressu búi til jarðolíu en gamlar pressaðar plöntuleifar geri það ekki. Sú fyrri er óþverranleg en sú síðari er það ekki. Er þér sagt frá öllum uppþornuðu olíulindunum sem endurnýjuðu sig?

Hugleiddu eftirfarandi í morgunsárinu; Jarðolía er óþverranleg og notkun hennar veldur engri loftslagshlýnun! Settu til gamans einn desílítra af smurolíu á stein og taktu eina ljósmynd á viku af blettinum í fimm ár. Vertu vísindamaður, sannaðu að náttúran eyði ekki plasti, eða finndu út hvaða örverur éta plast en ekki segja frá því svo þú haldir vinnunni.

## Leiðtogar, Lagafrumspeki og Darwin

Þegar Loðvík sólkonungur sagði „ég er Frakkland“ þá meinti hann eftirfarandi: Ríkið endurspeglar frumspeki-ástand þeirra tveggja hópa sem eru þjónar og þegnar ríkisins og konungur hjúpar þetta ástand í sjálfum sér. Hið sama á við embættismenn og borgara Þjóðríkjanna og forseta þeirra.

Öguð frumspekin tilgreinir að frumspeki stjórnlagagrunnsins þurfi telja að meira en summa þáttanna sem eru hér að lútandi. Sé forseti eða konungur ómerkilegur búri, þá er Ástandið það einnig.

Áður var ekki talin þörf á stjórnskipunarlægum eða stjórnarskrá því Konungur eða Drottning voru álitin hjúpa (Encapsulate) þá frumspeki (Metaphysics) sem skyldi endurspeglast í dyggð (Virtue) þjóðarleiðtogans (Head of state).

Frá 325 CE til 1648 þurfti sú frumspeki og dyggð í vestrænum ríkjum einhvern agaðan grundvöll og var litið til Páfans eða Páfastóls til að veita veraldlegum valdhöfum það andlega og heimspekilega aðhald sem þurfti til að dyggð þeirra væri öguð og traust. Marteinn Lúter og fleiri trúarlegir húanistar skópu orðræðu sem afnam þetta viðvið.

Meirihlutakosning þingfulltrúa við lagasetningu er merkingarlaus ef lögin sjálf hafa engan frumspekilegan grundvöll. Sakir stuttleika verður ekki farið dýpra í það nú.

Öld eftir að Lúter beitti penna sínum og prentvél til að meitla nýjan hornstein fyrir ríkisdýggð vann Richelieu kardínáli ötullaga að því að koma á nýrri heimsskipan. Þar sem áður voru kongungsríki, furstadæmi og einstaka borgríki (sem oft voru lýðræðisborgir), skyldi komið á hugtakinu Þjóðríki (Nationstate).

Eins og fræði- og ríkisráðsmaðurinn Henry Kissinger útskýrði snilldarlega í bók sinni „World Order“ miða flestir ríkissmiðju-fræðingar (Statecraft analysts/engineers) við Westphalísku samningana 1648 sem ásinn sem breytti þessari heimsmýnd ríkjaskipunar.

Alþjóðahyggja kommúnismans vill afnema þjóðríkin og skipta þeim út með nefndarstýrðum stofnunum og tækniræði.

Í kjölfar Westphalísku samninganna sem grundvölluðu Þjóðríkin, slípaðist sjálfsmýnd konunga og prinsanna allmikið en það tók tíma. Sé rýnt í sjálfsmýnd flestra þessara aðila upp frá miðri sautjándu öldinni sést að þeir stórlega minnkuðu afskipti sín af lagasetningu og lagaframkvæmd og almennt rýmkuðu getu sína til að hjúpa agaða frumspeki í persónu sinni, samtímis því sem lagasetninga- og framkvæmdavald var fært í hendur kjörinna fulltrúa elítu og almennings.

Ekki er alveg ljóst hversu fastheldnir þeir voru á dómskerfin og misjafnt hvernig þau voru skilgreind og útfærð. Hérlandis hefur það ekki enn verið gert og þeirri hringavitleysu hef ég áður lýst ítarlega (gudjon-hreinberg-safn-2020-C).

Hegðunarvenjur þessa fyrirfólks hófu að taka mið af því að valdhafar – bæði í Kristna og Íslamska heiminum – skyldu tileinka sér þau frumspekilegu gildi sem trúarkreddur téðra heimsmýnda byggðust á þegar kæmi að ögun ríkisins. Nær öll gildi sem öguð ríkissmiðja byggist á var mótuð annars vegar á Kaþólska tímanum frá 325 til 1551 og síðan slípuð á Endurreisnar- (Renaissance) og Endurmótunar (Reformation) skeiðinu frá 1551 til 1918.

Húmanisminn sem hefur verið einráður eftir 1918 sem er mesta slátrunar-, styrjalda- og lygaratímabil í allri mannkynssögunni og ég fullyrði að allar vísindaframfarir þess tíma byggjast á hugmyndum sem voru komnar fram 1918. Kjarnorkan, þotuhreyfillinn, sjónvarpið, allt voru þetta hugmyndir sem byrjað var að þróa þá þegar.

Ég fullyrði ennfremur að 98% af þeim sjúkdómum sem til eru lækningar við eftir 1918 voru til lækningar við árið 1700. Stór fullyrðing en hún á uppruna sinn í rökræðum við vel þekktan rithöfund sem sannfærði mig á sínum tíma með þrotlausum tilvísunum í fræðirit. Fullyrðingin stendur en taka ber fram að ég hef forðast að gagnrýna læknávisindin í orðræðu minni og á engan hátt er þessi ritgerð ætluð sem breyting á þeirri stefnu. Markmið hennar hefur áður verið tilgreint.

Breskir ríkissmiðjufræðingar gætu bent hér á – og ég tek undir með þeim – að þegar Bretar fengu Magna Carta árið 1215 CE, þá var um að ræða eitt af stærstu hugarskrefum Mannsögunnar. Barónar skikkuðu konung sinn í að grundvalla ábyrga frumspeki fyrir ríkissmiðju sína en síðar tók kristin frumspeki við s.s. fyrr segir. Á þeim tíma voru barónar á Bretlandi undir miklum áhrifum af að Íslendingar höfðu frá 930 CE iðkað ríkissmiðju með allt öðrum hætti en áður var þekkt.

Fólk skilur ekki – eða veit ekki - að spámaðurinn og heimspekingurinn Móse hafði staðið að fyrstu stjórnarskrá mannsögunnar við Sínaí fjall árið 2448 (HC) en þegar Íslendingar grundvölluðu Þjóðveldið þótti óþarft að taka fram að lagafræði grundvallast ávallt í frumspekilegri heimssýn (og/eða heimsmyndar birtingu hennar). Hún skal ennfremur útfærð í dyggð (mun fjalla um síðar).

Þegar stór hluti Íslendinga hafði snúist frá heiðni til kristni var byrjað að halda tvenn löggjafarþing innan Þjóðveldis og sömuleiðis dóma. Fólk sem tók þátt í héraðsþingum í maí mánuði – þar sem alþingismenn voru valdir – vissi því vel hvað átt er við þegar hugtakið lagafrumspeki er nefnt.

Þorgeir Ljósvefningagoði var fenginn til að leysa úr þeim hnúti sem upp var kominn. Ríkið sem ástandslýsing fólksins sem lifði undir vernd og útfærslu ríksins var klofin, því tvær heimssýnir réðu, heiðin sýn og kristin. Eins og sagði í stofnun Þjóðveldis var það lausn á því að sjálfstæðu Héraðsþingin 39 voru mörg hver með ósamræmi í lögum og dómum þannig að samheldni ríkti ekki. Frekar en að negla alla í kommúnískan samhljóm (Consensus) var stofnsett ríki þar sem sjálfstætt og ábyrgt fólk gæti samstillt (Coordinated) vilja sinn og sýn svo vel færi.

Þessi heimspeki eða aðferðafræði hafði áhrif á fræðimenn og aðalsfólk í Evrópu þegar það sat á skólum með Íslenskum bændasonum sem sendir voru þangað til mennta. Að hægt væri að byggja ríki á stjórnarskrá og viðhalda ábyrgum lögum og dómum þar sem jafnvel þrælur og konur gætu haft áhrif með lýðræðislegum hætti, var undarlegt en það hafði áhrif sem ekki var hægt að stöðva.

Þetta gerðist án þvingana, refsinga, reglugerða, löglegrar rányrkju eða djöflamerkinga sósíalísmans. Nú er öldin önnur því Húmanistar eru hvarvetna að reyna að afmá þá frumspekilegu hugsun sem lögð er til grundvallar ábyrgum lagasetningum og dómahefð. Nú skal allt gert með samhljóm, áróðri og djöflamerkingu, þar sem tilfinningasamar og grunnhygnar lýðræðiskosningar ráða mestu.

Sú ríkissmiðja sem við Íslendingar fundum upp – sem ríkissmiðjufræði – var grundvölluð á ábyrgri frumspeki, hún er nú hrunin um allan heim. Leiðtogar okkar eru upp til hópa valdir eftir því hvort þeir falla að vélaðri merkingarsnauðri ímynd og lagasetjarar okkar og uppfræðarar einnig. Við sjálf og trúarlegir varðmenn okkar, erum sofnuð á verðinum og sá

sem geymir lúðurinn í turninum er að strjúka (Swipe) eftir skyndikynnum eða skrifa djöflamerkingu í athugasemdaþræði eða dyggðamerkjast í einhverjum samræðuhóp fyrirsagnafræði og yfirlýsingavísinda.

Tilgátur Darwin eru enn ósannaðar og ef eitthvað er, afsannaðar. Þróunartilgátan er ekki raunveruleg kenning. Ef fundist hefði einn einasti steingervingur sem sannaði kenninguna þá þekktirðu hann með nafni og ef til væri ein einasta vísindaverkfræði sem sanni að ein tegund geti breyst í aðra þá væri sú sönnun ítarlega markaðssett. Þess má geta að Ecoli tilraun sem framleitt hefur ígildi milljón ára sögu mannsins í samanburði (en lífveran fer í gegnum sex kynslóðir á sólarhring og rannsóknin tók tvo áratugi), hefur nánast afsannað Darwinismann, en tilraunin átti að sanna hann. Sama tilraun hefur raunar sannað að þegar við lifum í miðstýrðu og öruggu umhverfi í of margar kynslóðir missum við líffræðilegt og vitsmunalegt hæfi okkar og þar er skýringin komin á að okkur er ekki sagt frá rannsókninni.

Húmanisminn reynir ekki einu sinni að sanna neitt á meðan hann getur sannfært þig en það virðist vera að þeir sem rugga sannfæringa bátnum annað hvort missi marks eða fólk vilji ekki staðreyndir meðan það getur túlkað sannleikana sína.

Frumspeki heitir á ensku *Metaphysics* og bendir til allrar efnafræði sem ekki er beinlínis ápreifanleg berum höndum eða mælanleg með tækjum eða mótanleg með tólum. Sósíalistar kenna frumspeki gjarnan við dulspeki og segja ýmist beint eða óbeint að hún sé hindurvitni hins trúaða, sem sýnir vel hversu óvandaðir húmanistar eru í merkingafræði.

Vinátta er frumspekilegt hugtak, ást einnig og réttlæti ekki síður; Öll þessi þrjú hugtök hafa bein áhrif á hvaða hegðun þú temur þér og hvaða tól þú smíðar þér eða í hvaða tilgangi. Agaður frumspekingur sér skotvopn sem öryggistæki (í víðum skilningi) en sósíalistinn sem árásarvopn. Frumspekingur þarf ekki nánari útfærslu á framangreindri setningu. Hann veit að persónulegt og samfélagslegt siðferði krefst ósýnilegra gilda sem eiga dýpri og traustari grunn en sú siðferðisafskræming sem húmanistinn temur sér.

Menning okkar er hrunin, allar sjö heimssýnir mannfólks (Humanity) hafa brugðist og tuttuguogein heimsmynd þeirra hafa reynst skurðgoðadýrkanir og tál. Frá 2012 fékk ég reglubundið sýnir varðandi Innsiglin sjö og skilaboða erkiengilsins til engla safnaðanna sjö, í apríl 2014 opnaðist mér skilningur þessara sýna sem ég hef síðan útskýrt regulega og ítarlega.

Þegar innsiglin voru opnuð árin 1965 til '75 lauk heimsendi og á tímabilinu janúar 2013 til apríl 2014 var ljósengillinn Samael fangelsaður en ekki samherjar hans sjö og þær milljónir Serafa og Kerúba sem þjóna þeim, og borgarastríð hófst meðal engla. Milljónir fólks sem í frumspekilegum trassaskap hefur valið innblástur fallinna engla sér til leiðsagnar hefur nú misst allra átta. Nær allir spádómar liðinna alda eru uppfylltir og ég veit jafn lítið og þú hvað gerist næst, því engir spádómar um það hafa mér vitanlega verið útgefnir af Almættinu.

Hvort sem þú hafnar framangreindu eða ekki, hvort sem þú trúir útskýringunni eða ekki, þá eru tímamót mannkyns (Human kind) öllum augljós, mannfólki (Humanity) gæti þótt þessi tímamót spennandi því það merkir að við erum nær áttunda deginum en okkur grunar og þar með annarri viku sköpunar. Þeim sem tilbiðja dóma, rögun og refsingar hins steinrunna

kann að þykja þetta óþægilegt en þeir þurfa ekki að hanga í stöðnun sinni frekar en þeir vilja.

## Viðbót og athugasemdir

Hafnarfjarðarbær tók skyndilega upp á því að rukka sérskatt til fyrirtækja sem höfðu gáma á lóðum sínum. Ef hann var ekki greiddur voru gámarnir fjarlægðir á kostnað fyrirtækjanna. Hver er lagastoð þessarar ákvörðunar og hver er réttur fyrirtækja í slíkri stöðu, eða þegar landeigendur stofna bílakirkjugarð?

Í fjóra til fimm áratugi hefur reglulega dúkkað upp áróður vegna plastmengunar í mýrum, fenjum, stöðuvötnum og nú síðast í hafinu. Áður fyrr þegar fólk las þessar greinar og hugsanlegan áróður, tók það ekki eftir að nær undantekningarlaust var verið að ræða um afgangsefni frá framleiðslu plasts og iðnaðurinn tók mark á þessu og betrubætti. Þá var snúið að örplasti en um það má deila – látum vera dulspekikjaftæðið um plasteyjuna á Kyrrahafi sem er hreinræktuð áróðursfölsun. Sumar rannsóknir um örplast eru trúverðugar og aðrar hreinræktuð dulspeki – allt þetta hef ég áður fjallað um – það sem sleppur framhjá athygli fólks er að hvergi hefur komið fram sönnun um að örplastefni sé nýjung í vistkerfum annars vegar og engin sönnun um skaðsemi þess hins vegar. Þá er hvergi athuguð samhliðaáhrif af eiturefnum s.s. á borð við Atrozine í sömu vistkerfum.

\* Ég skrifa oft illa um kommúnisma, svo rétt er að útskýra: Kapítalismi, Sósíalismi og Kommúnismi eru þrjár birtingarmyndir (heimsmyndir) heimssýnar Húmanismans, s.s. ég hef vandlega útskýrt og margsinnis.

\* Kapólskt með upphafsstaf er notað til að tákna Kapólska Kristni en orðið kapólskur merkir alheimslegur (Universal) og stundum geri ég grín að kapólskum húmanisma í þessu samhengi.